EMEBET MEKURIA SKILDI VIÐ OFBELDISFULLAN EIGINMANN

## Ofbeldi gegn eþíópískum konum ótrúlega algengt










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. nóvember 2008 — 328. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


SUNNUDAGUR



HNAKKINN MUN ALDREI DEYJA

Singapor Sling spilar ekki í jogginggalla


VIÐTAL 14


FYLGIR Í DAG




VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL NORÐVESTAN TIL** Í dag verða suðvestan 8-13 m/s norðvestan til annars mun hægari. Él norðvestan til en bjart með köflum sunnan- og suðaustanlands. Dálítil snjómugga vestan og norðan til síðdegis. Frost.


VEÐUR 4









**RÁÐAMÖNNUM SAGT UPP** Almenningi sem mættur var á mótmælafund við Austurvöll í gær gafst kostur á að segja völdum ráðamönnum upp störfum með því að skrifa undir uppsagnarbréf þeim til handa og haka við hvaða ráðamenn skyldu fjúka. Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

# Staða Glitnis fegruð með kaupum Stíms

**Reglur Kauphallarinnar voru brotnar þegar ekki var tilkynnt um kaup Stíms á 4,3 prósenta hlut í Glitni, segir framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta. Viðskiptin verða skoðuð hjá Kauphöllinni eftir helgi segir forstjóri Kauphallar Íslands.**

**VIÐSKIPTI** Kaup einkahlutafélagsins Stíms í Glitni verða skoðuð hjá Kauphöll Íslands eftir helgi, segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um kaupin.

Augljóst er að reglur Kauphallar Íslands voru þverbrotnar þegar ekki var tilkynnt um 16,4 milljarða króna kaup Stíms á hlutabréfum í Glitni, segir Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta. Tilgangurinn hafi verið að hafa áhrif á markaðinn og fegra stöðu Glitnis.

Jakob Valgeir Flosason, stjórnarformaður og eini stjórnarmaður Stíms, sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna umfjöllunar um félagið í fjölmiðlum.

Félagið var stofnað 16. nóvember 2007. Stærsti hluthafinn í félaginu var félag stofnað af gamla Glitni sem ætlað var til endursölu. Nafn þess kemur ekki fram í yfirlýsingu Jakobs. Starfsmenn Glitnis kynntu þetta viðskiptatækifæri fyrir Jakobi og öðrum fjárfestum.

**HLUTHAFAR Í STÍM EHF.**

| | |
|---|---|
| Félag gamla Glitnis* | 32,5% |
| Gunnar Torfason | 15% |
| SPV Fjárfesting hf. | 10% |
| BLÓ ehf.** | 10% |
| Ofjarl ehf*** | 10% |
| Viðskiptavinir Saga Capital | 8,75% |
| Saga Capital | 6,25% |
| Jakob Valgeir Flosason | 2,5% |
| Ástmar Ingvarsson | 2,5% |
| Flosi Jakob Valgeirsson | 2,5% |

*Félag gamla Glitnis var ætlað til endursölu.
** félag í eigu Óskars Eyjólfssonar
*** félag í eigu Jakobs Valgeirs Flosasonar og Ástmars Ingvarssonar

Við stofnun Stíms fékk félagið lán hjá Glitni til að kaupa 4,3 prósenta hlut í Glitni fyrir 16,4 milljarða króna. Félagið keypti einnig 3,8 prósenta hlut í FL Group, síðar Stoðum, fyrir 8,4 milljarða.

Þessi viðskipti hefði Glitnir átt að tilkynna til Kauphallarinnar, enda í raun Glitnir að kaupa eigin bréf, segir Vilhjálmur. Hann segir að með kaupum sem þessum hafi markvisst verið höfð áhrif á markaðinn. Þessi kaup gætu jafnvel fallið undir lög um markaðsmisnotkun, enda tilgangurinn að hækka gengi bréfa í Glitni.

Glitnir lánaði Stími 79 prósent af kaupverðinu í Glitni og FL Group, 19,6 milljarða króna, með veði í bréfunum. Jakob segir í yfirlýsingunni að hann og aðrir hafi vonast eftir því að bréfin myndu hækka. Þær væntingar hafi ekki gengið eftir. Því hafi hluthafar í félaginu tapað um 21 prósenti eigin fjár, 5,2 milljörðum.

Jakob segist sjálfur hafa átt samtals 7,5 prósenta hlut í Stími. Hann hafi ekki fengið lán fyrir þeim hlut og hafi tapað öllu hlutafé sínu í félaginu. Miðað við viðskipti með bréf FL Group og Glitnis virðist tap Jakobs nema 390 milljónum króna hið minnsta.

Í yfirlýsingu Jakobs er fullyrt að Stím hafi ekki verið leynifélag. Þar er umfjöllun fjölmiða um félagið einnig gagnrýnd.

- bj

Framtakssamar mæðgur:

## Fengu 75 þúsund fyrir tónleikamiða

**FÓLK „Uppboðið var svo spennandi að ég gat ekkert einbeitt mér að náminu síðustu stundirnar sem á því stóð," segir Tinna Daníelsdóttir. Hún og móðir hennar, Hrefna Lilja Valsdóttir, seldu aðgöngumiða frá tónleikum Led Zeppelin í Laugardalshöll 1970 á uppboðsvefnum eBay. Það var Bandaríkjamaður sem bauð hæst, um 75 þúsund íslenskar krónur.**

**„Ég var rosa hrifin, en það var ekkert djamm á manni enda var ég bara 14 ára og saklaus og seinþroska fermingarstelpa," segir Hrefna Lilja um upplifun sína af tónleikunum.** - drg / sjá síðu 30







## SPURNING DAGSINS



*Sigríður, sástu þetta ekki fyrir?*

„Nei, þá hefði ég nú líklega læst. En ég sé þó að diskarnir eru alla vega ekki á leiðinni til Póllands.“

Spákonan Sigríður Klingenberg varð fyrir því að 200 eintökum af sjálfshjálpardisknum Þú ert frábær var stolið af heimili hennar.

Eigendur innstæða í peningamarkaðssjóðum Landsbankans bindast samtökum:

# Hóta ríki og banka málsókn

**EFNAHAGSMÁL** Eigendur innstæða í peningamarkaðssjóðum Landsbankans krefjast þess að stjórnvöld endurgreiði þann hluta sparnaðar þeirra sem tapaðist við yfirtöku ríkisins á bankanum.

Þessi krafa var háværá fundi um 200 innstæðueigenda á fimmtudag. Starfsmenn bankans kynntu sjóðina ítrekað sem algerlega örugga fjárfestingu og það er meðal annars staðfest með tölvupóstum frá starfsmönnum bankans, segir Hörður Hilmarsson, einn forsvarsmanna hópsins.

Annað kom þó á daginn og fólk tapaði 31,2 prósentum af sínum innstæðum vegna neyðarlaga ríkisstjórnarinnar. Krafðist fundurinn að komið yrði til móts við fólk vegna tapsins, til dæmis með skuldajöfnun, skattaafslætti eða hlutabréfum í Landsbankanum.



**ÖRUGGT** Starfsmenn Landsbankans héldu peningamarkaðssjóðum markvisst að innstæðueigendum, og sögðu inneignir þar algerlega öruggar, segir Hörður Hilmarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Í ályktun fundarins segir að verði eðlilegum kröfum um fulla endurgreiðslu sparifjár ekki mætt verði gripið til aðgerða. Fyrsta aðgerðin verði dómsmál gegn Landsbankanum og/eða íslenska ríkinu. Biður hópurinn um fund með forsvarsmönnum bankans fyrir 15. desember til að ræða úrbætur.

Hörður segir frekari aðgerðir ekki hafa verið ræddar en margir hafi lýst þeirri skoðun að ef fólk geti ekki lengur treyst bankanum sínum vilji það ekki lengur eiga viðskipti við hann. **- bj**

Fjölmenn leit að rjúpnaskyttu:

# Leit í gljúfrum í fimbulkulda

**BJÖRGUN** Hátt á annað hundrað björgunarsveitarmenn leituðu í gærkvöldi að manni um sjötugt sem hafði farið til rjúpnaveiða við Skáldabúðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í gær. Hann var ófundinn þegar blaðið fór í prentun.

Leitarsvæðið var víðfemt og gerðu gljúfur á svæðinu leitarmönnum erfitt fyrir, auk þess sem fimbulkuldi var í gær. Maðurinn ætlaði að hitta félaga sína við bíli þeirra um hádegi í gær. Þegar hann hafði ekki skilað sér um klukkan 15 hófst leit. Hann er talinn vel búinn, og vön skytta, segir Jón Ingi Sigvaldason, hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu. **- bj**

OPEC lýkur fundi í Kaíró:

# Olíuframleiðsla ekki minnkuð

**EGYPTALAND,AP** Þrátt fyrir að verð á hráolíu hafi lækkað hratt undanfarið luku OPEC-ríkin fundi í Kaíró í gær án þess að tilkynna um minni olíuframleiðslu.



CHAKIB KHELIL

Lækkunin hefur áhrif á fjárlög ríkisstjórna OPEC-landanna en forseti OPEC, Chakib Khelil, segist hafa áhyggjur af versnandi efnahag heimsins og áhrifum á olíuverð. Líklegt er þó að beðið verði með að taka ákvörðun um hvort taka skuli aukabirgðir af hráolíu af markaði þar til á fundi í Alsír 17. desember næstkomandi. Slík aðgerð gæti komið jafnvægi á framboð og eftirspurn og skapað þannig stöðugleika á markaði. OPEC ríkin ákváðu í október að draga úr olíuframleiðslu en samt hefur verðið haldið áfram að lækka. **- hs**

Friðrik Sophusson um ESB:

# Þjóðin fái að kjósa um aðild

**STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn verður að fallast á aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB) og leyfa þjóðinni að kjósa um aðild að sambandinu. Þetta segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar og fyrrum varaformaður Sjálfstæðisflokksins, í sunnudagsblaði Morgunblaðsins.**

**Friðrik segir í samtali við blaðið að hann taki ekki afstöðu til þess persónulega hvort Ísland eigi að ganga í ESB. Aðalatriðið sé að ekki sé hægt að meta kosti þess að ganga í sambandið nema með aðildarviðræðum.**

**Búist er við að Evrópumálin verði hitamál á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í janúar.** **- bj**

# Setið um plássin

**Eftirspurn eftir störfum til sjós hefur aukist. Norðmenn sækjast eftir íslenskum sjómönnum. Fólk sækir meira í fiskvinnslustörf en síðustu ár. Þó eru laus störf þar sem hinir launahæstu fengu hálfa milljón í síðasta mánuði.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það eru nú mjög margar umsóknir sjómanna, ætli fjöldi umsókna hafi ekki fjórfaldast bara á síðustu tveimur mánuðum,“ segir Hákon Viðarsson, yfirmaður starfsmannasviðs Síldarvinnslunnar í Fjarðabyggð. „Við auglýstum nýlega eftir tveimur vélstjórum og fengum á þriðja tug umsókna, auk þess hringdu fleiri í okkur en sendu ekki inn umsókn þar sem þeir uppfylltu ekki skilyrðin.“

„Það er mikil ásókn í það að komast á sjó, ég fæ fyrirspurn á netinu á hverjum degi og eins er hringt í mig daglega,“ segir Guðni Ingvar Guðnason, útgerðarstjóri Vinnslustöðvarinnar.



JÓN PÁLL JAKOBSSON

Hann segir að áður hafi verið mikil hreyfing á sjómönnum; margir hafi ráðið sig til skamms tíma. Þá hafi það stundum borið við að erfitt væri að manna skipin. „Þessar sveiflur eru alveg horfnar því nú sitja menn á sínum plássum og eru ekkert að láta þau laus.“

Þeir Guðni og Hákon segja að margir þeirra sem nú sækist eftir að komast á sjó séu menn úr byggingageiranum sem nú hafi misst vinnu sína eða sjái fram á óvissutíma í sínum atvinnumálum.

Jón Páll Jakobsson sjómaður segir að margir norskir útgerðarmenn hugsi sér gott til glóðarinnar í þessu ástandi. „Þeir eru farnir að auglýsa eftir sjómönnum hér á landi enda kjósa þeir frekar íslenska sjómenn heldur en sjómenn frá gömlu austantjaldslöndunum sem hafa margir gengið í þessi störf meðan heimamenn hafi í auknum mæli horfið í olíugeirann,“ segir hann. Hann er sjálfur á leið til Noregs þar sem hann hefur ráðið sig sem vélstjóri á bát. „Ég náði mjög góðum samningum, þeir borga meira að segja farið út sem er ekki svo lítið.“ Hann segist vita af fjölda sjómanna sem íhugi nú að leita hófanna í Noregi.



**SÍLDARVINNSLAN Í NESKAUPSTAÐ** Hákon Viðarsson, yfirmaður hjá starfsmannasviði Síldarvinnslunnar, segir að fjöldi umsókna hafi fjórfaldast á tveimur mánuðum.

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Brims á Akureyri, og Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, segja að eftirspurn eftir störfum við landvinnslu hafi einnig aukist síðustu tvo mánuði. Hákon hjá Síldarvinnslunni sagði þó að enn bæri á „fiskvinnslufælni“ Íslendinga eins og hann komst að orði. „Mig vantar til dæmis á nokkrar vaktir og það er eftir nógu að slægjast fyrir þá sem eru til í að leggja á sig mikla vinnu,“ segir hann. „Ég get sagt það óhikað að þeir launahæstu í vinnslunni hafi verið með um 500 þúsund í síðasta mánuði.“

**jse@frettabladid.is**

Geir Haarde forsætisráðherra:

# Ekki persónulega ábyrgur

**STJÓRNMÁL „Ég tel mig ekki persónulega ábyrgan,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra, spurður um hrun íslenska fjármálakerfisins af fréttaveitunni AP. „Ég get ekki tekið ábyrgð á framferði bankamanna,“ segir Geir enn fremur.**



GEIR H. HAARDE

**Haft er eftir Geir í frétt AP að hann ætli sér að leiða Íslendinga út úr þeim ógöngum sem hrun undanfarinna vikna hafi leitt þjóðina í. Hann ætli sér ekki að segja af sér, þrátt fyrir vikuleg mótmæli þúsunda Íslendinga á Austurvelli.**

**Geir segist þó skilja að fólk sé reitt og pirrað vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafi.** **- bj**

Uppboð á 950 bílum auglýst:

# Aukinn fjöldi bíla á uppboð

**EFNAHAGSMÁL** Einhver aukning hefur orðið á fjölda bíla sem boðnir eru upp vegna vanskila, að mati starfsmanns Vöku. Sýslumaðurinn í Reykjavík auglýsti í gær tæplega 950 bíla sem bjóða á upp næsta laugardag.

Aðeins brot af þeim fjölda sem auglýst er að lendi á uppboði eru í raun boðnir upp, segir Bjarni Ingólfsson, starfsmaður Vöku, þar sem uppboðið fer fram. Oft semjist um kröfurnar áður en uppboðið fari fram.

Hann segir líklegt að hægt verði að gera góð kaup á uppboðinu, enda ekki allir sem treysti sér til að staðgreiða bíla í dag. **- bj**




Starfsmenn borgarinnar hafa safnast saman til að syngja frá því kreppan hófst:

# Kreppusöngur í Borgartúninu

**FÓLK** Hátt í tuttugu starfsmenn í nýju byggingunni við Borgartún 12-14 safnast saman á föstudagsmorgnum og syngja í korter til að létta lundina og búa sig undir daginn. Þetta hafa þeir gert frá því um það leyti sem kreppan hófst.

„Þetta er bara morgunleikfimi, andleg morgunleikfimi,“ segja starfsmennirnir sem mæta í kreppusönginn klukkan 8.20. „Það er svo mikill söngur inni í okkur og hann verður að komast út,“ bæta þeir við.

Alls vinna um 450 starfsmenn hjá borginni í Borgartúni 12-14 og eru þeir allir velkomnir í föstudagssönginn. „Þetta eflir okkur sem starfsmenn hjá borginni,“ segja söngmennirnir og bæta við: „Í þessari síðustu krepputíð verður það ekki betra. Þetta er gott innlegg í kreppuna. Föstudagarnir eru bestu dagarnir.“

Það er Páll Brynjarsson sem spilar á flygilinn í mötuneytinu og sér um að senda út tölvupóst á fimmtudögum til að minna á söngstundina. Hann gengur svo um hæðina sína og rekur á eftir fólki að mæta í sönginn. „Það mega allir koma sem vilja,“ segir hann. „En það er kannski skilyrði að ég mæti af því að ég spila á flygilinn.“



**GOTT INNLEGG Í KREPPUNA** „Í þessari síðustu krepputíð verður það ekki betra. Þetta er gott innlegg í kreppuna,“ segja borgarstarfsmennirnir sem hafa safnast saman í korter á föstudagsmorgnum og sungið frá því kreppan hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Það er augljóst að föstudagssöngurinn gefur gleði og orku því hláturinn ómar. „Þetta er meiri háttar gott. Þetta er það besta sem er hægt að gera. Föstudagsmorgnarnir eru bestir,“ segja starfsmennirnir. **- ghs**


Kringlan
Við tendrum ljós...
Pakkasöfnunin hefst kl. 14 í dag
Frú Dorrit Moussaieff kveikir á jólatré Kringlunnar við hátíðlega athöfn og um leið hefst góðgerðarsöfnun á jólapökkum fyrir börn í samstarfi við Mæðrastyrks-nefnd og Fjölskylduhjálp Íslands. Ellen Kristjánsdóttir og Skólakór Kársness syngja við athöfnina og jólasveinar koma í heimsókn.
Opið 13-18 í dag
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

**GENGIÐ 28.11.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 141,51 | 142,19 |
| Sterlingspund | 217,86 | 218,92 |
| Evra | 181,99 | 183,01 |
| Dönsk króna | 24,422 | 24,564 |
| Norsk króna | 20,409 | 20,529 |
| Sænsk króna | 17,621 | 17,725 |
| Japanskt jen | 1,4839 | 1,4925 |
| SDR | 210,95 | 212,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
243,644

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Á fimmta þúsund mótmælenda safnaðist saman á Austurvelli áttundu helgina í röð:

# Þúsundir kölluðu eftir ábyrgð

**MÓTMÆLI** Á fimmta þúsund manns mættu í köldu veðri á mótmælafund á Austurvelli í gær og kröfðust þess enn að ráðamenn öxluðu ábyrgð á efnahagsástandinu. Fundurinn var sá áttundi í röð sams konar funda og fór hann friðsamlega fram.

Stefán Jónsson leikstjóri flutti ræðu á fundinum. Hann sagði stjórnmálaflokka rúna trausti, þá þyrfti að grisja rækilega og henda þeim ónothæfu. Skapa þyrfti nýtt afl á sviði stjórnmálanna, skipað þeim sérfræðingum sem þjóðin treystir. Hann sagði kosningakerfið meingallað og úr sér gengið sem gerði lýðræðið bæði óbeint og óhreint. Því þyrfti að breyta, sagði Stefán, sem uppskar dynjandi lófatak fyrir ræðuna.

Kristín Tómasdóttir frístundaráðgjafi kallaði eftir afnámi bankaleyndar sem hún sagði til þess eins fallna að hylma yfir óeðlilega viðskiptahætti. Sagði hún að rétt væri að gefa út skuldabréf á þá sem sökkt hafa þjóðinni í skuldafen.

Síðastur ræðumanna var Illugi Jökulsson ritstjóri. Hann bað fólk að hlusta ekki á þær raddir sem segðu alla Íslendinga bera ábyrgð á ástandinu. Það væri ekki satt.

Níundi fundurinn var boðaður á laugardaginn kemur. - sh




**KONUR AÐ BORÐINU** Einhverjir mótmælenda kölluðu eftir því að konum yrðu réttir stjórnartaumarnir. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM



**FJÖLDAGRÖFIN** Talið er að fórnarlömbin hafi verið tekin af lífi fyrir ári síðan.

Lík 33 barna og fullorðinna:

## Fjöldagrafir finnast í Írak

**BAGDAD Írösk yfirvöld segja að fjöldagröf með líkum 33 barna og fullorðinna hafi fundist í fyrrum höfuðvígi uppreisnarmanna súnníta í Norður-Bagdad.**

**Líkin fundust í gær í nágrenni Khalis. Ónafngreindur lögreglumaður sagði að líkin bæru þess merki að bundið hefði verið fyrir augu fólksins og það skotið en annars var lögreglunni óheimilt að ræða málið.**

**Lögreglan taldi að fórnarlömbin hefðu verið myrt af al-Kaída í Írak sem stýrðu svæðinu fyrir skömmu áður en til átaka kom. Fjöldagrafir hafa fundist æ oftar eftir að bandaríski og íraski herinn rýmdu fyrrum hernaðarvígi og leyfðu eftirlitsferðir þangað.** - hs

**LÖGREGLUMÁL**

### 19 ára handtekin í Eyjum

Nítján ára gömul stúlka var handtekin við komuna til Vestmannaeyja í fyrradag með um þrjú grömm af amfetamíni. Efnið ætlaði hún til eigin nota. Henni var sleppt eftir yfirheyrslu. Lögregla segir að málið hafi komið upp í reglubundnu eftirliti á flugvellinum í Eyjum.

**LEIÐRÉTTING**

Í grein Hjartar Magna Jóhannssonar fríkirkjuprests í Fréttablaðinu í gær misfórst að laga tilvísun í dagsetningu á aukakirkjuþingi. Þingið fór fram á föstudag. Greinin var skrifuð fyrir þingið en birtist eftir það.

# Sveitarfélög semja um launahækkun

**Starfsmenn sveitarfélaga fá 20 þúsund króna launahækkun með samningum sem undirritaðir voru í gær. Ekki himinlifandi, segir formaður Samflots. Formaður launanefndar fagnar yfirlýsingu um samstarf um launa- og kjarastefnu.**

**KJARAMÁL** Launanefndir sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar skrifuðu í gær undir nýja kjarasamninga við drjúgan hluta starfsmanna sveitarfélaganna. Samningarnir kveða á um tuttugu þúsund króna launahækkun.

Samningafundur hófst klukkan tíu í gærmorgun og lauk með undirskriftum og vöfflubakstri í Karphúsinu um klukkan fjögur síðdegis.

Launanefnd sveitarfélaga samdi við Samflot bæjarstarfsmanna, sem er hópur félaga innan BSRB, Starfsgreinasambandið og Starfsmannafélagið Kjöl. Þá samdi Reykjavíkurborg við félagsmenn Eflingar og undir kvöld var skrifað undir samning við starfsmannafélag borgarinnar.

Allir samningarnir hljóðuðu upp á 20.300 króna launahækkun, auk annarra smærri breytinga á kjörum. Samningarnir taka gildi á morgun, 1. desember, og gilda til 31. ágúst á næsta ári.

Þá var einnig skrifað undir yfirlýsingu þar sem samningsaðilar sögðust myndu taka fullan þátt í samstarfi aðila á vinnumarkaði um þróun launa- og kjarastefnu út árið 2010. Sú vinna er meðal þess sem drög voru lögð að á samráðsfundi aðila vinnumarkaðarins 27. nóvember síðastliðinn.

„Ég fagna því að þessir samningar hafi náðst,“ segir Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður samninganefndar sveitarfélaga. Hann leggur þó mikla áherslu á að hann telji hina sameiginlegu yfirlýsingu sæta miklum tíðindum og skipta mestu máli.



**SKRIFAÐ UNDIR** Gunnar Rafn Sigurbjörnsson skrifar undir samning við Starfsmannafélagið Kjöl um fjögurleytið í gær. Hann fagnar samningunum en kveðst þó einkum ánægður með sameiginlega yfirlýsingu samningsaðila um að vinna saman að launa- og kjarastefnu. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

> Það var lögð áhersla á að starfsmenn sveitarfélaga stæðu jafnfætis öðrum opinberum starfsmönnum.
>
> **ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR**
> FORMAÐUR SAMFLOTS

Elín Björg Jónsdóttir, formaður Samflots, segist ekki himinlifandi með niðurstöðuna, en lengra hafi menn ekki komist við þessar aðstæður. „Það var lögð áhersla á að starfsmenn sveitarfélaga stæðu jafnfætis öðrum opinberum starfsmönnum,“ segir hún. Það hafi tekist.

Gunnar Rafn segir að enn eigi eftir að semja við félagsmenn Bandalags háskólamanna, leikskólakennara og slökkviliðsmenn, auk annarra. „Það verður að sjálfsögðu unnið með þeim í þeim anda sem nú hefur verið gert.“

Á vef Starfsgreinasambandsins segir að félagsmönnum verði kynntur samningurinn á næstu dögum og er stefnt að því að atkvæðagreiðslu um hann verði lokið 17. desember næstkomandi.

stigur@frettabladid.is

Minnka umferð í hverfum:

## Vinstri beygju lokað í hálft ár

**SAMGÖNGUR** Borgarráð hefur ákveðið að loka vinstri beygju af Bústaðavegi inn á Reykjanesbraut í Elliðaárdal til reynslu í sex mánuði á árinu 2009.



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

„Við viljum minnka gegnumstreymi um Bústaðaveg sem yrði þá hverfisgata og greiða fyrir umferð á Reykjanesbraut,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs, og nefnir að umferð verði mæld í báðar áttir og ráðstafanir verði gerðar til að auka öryggi á Réttarholtsvegi meðan á tilrauninni stendur.

Áætlanir um að leggja mislæg gatnamót á þessu svæði hafa verið lengi í kerfinu en þeim var hafnað af borgarráði á fundi 27. nóvember síðastliðinn þar sem það hefði haft í för með sér mikið rask og þunga umferð. - hs

Manndráp í Grímsnesi:

## Áframhaldandi gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL Dómari hefur ákveðið að verða við kröfu lögreglunnar á Selfossi um áframhaldandi gæsluvarðhald til 18. febrúar 2009 yfir manninum sem grunaður er um að hafa verið valdur að mannsláti í sumarbústað í Grímsnesi 8. nóvember síðastliðinn.**

**Vísbendingar hafa komið fram um að sparkað hafi verið í höfuð fórnarlambsins, Almis Keraminas, og að hann hafi látist skömmu síðar. Mikil ölvun var í sumarbústaðnum og voru fjórir fullorðnir þar staddir þegar atvikið átti sér stað.** - hs

Reykjavík 871±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

**VEÐURSPÁ**



Sigurður Þ. Ragnarsson
veðurfræðingur

**ÞRÓUNIN Í DAG**
Það er mildara loft fyrir vestan land. Þetta loft siglir að landinu vestanverðu í dag og því má búast við að þar verði smám saman frostlaust, fyrst á annesjum. Þessu lofti fylgir úrkoma, fyrst og fremst snjókoma sem leggst að norður- og vesturströnd landins síðdegis eða í kvöld. Allra vestast gæti úrkoman þróast yfir í slyddu eða jafnvel rigningu.



**Á MORGUN**
8-15 m/s austan til annars 3-8

**ÞRIÐJUDAGUR**
10-15 m/s SV-til annars 5-10

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Amsterdam | 5° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 6° |
| New York | 6° |
| Orlando | 26° |
| Osló | 1° |
| París | 5° |
| Róm | 17° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Jólin koma með Frostrósum
ÚTGÁFUDAGUR
Í DAG
Íslensku dívurnar
FROSTRÓSIR
Heyr himnasmiður
MARGRÉT EIR
EIVØR
HERA BJÖRK
DÍSELLA
Frostrósir - Heyr himnasmiður
HÉR ER Á FERÐINNI EIN VIÐAMESTA ÚTGÁFA ÁRSINS EN ÞÆR DÍSELLA, MARGRÉT EIR, HERA BJÖRK OG EIVØR FLYTJA HÉR ÁSAMT GÓÐUM GESTUM, STÓRHLJÓMSVEIT OG KÓRUM 14 GULLFALLEG JÓLALÖG SEM VAFALAUST MUNU LIFA MEÐ ÞJÓÐINNI UM ÓKOMIN ÁR.
Jólatónleikar Frostrósa
Kemur út
5. DES.
CD+DVD
FROSTRÓSIR
Það var slegið Íslandsmet í fyrra er u.þ.b. 12.000 manns sóttu 5 ára afmælistónleika Frostrósa í Laugardalshöll sem hlutu einróma lof gagnrýnenda.
Íslensku dívurnar og Tenorarnir þrír ásamt Stórhljómsveit og kórum - alls yfir 200 manns á risasviði.
ÓGLEYMANLEGIR JÓLATÓNLEIKAR
...KRAFTMIKIL OG HÁTÍÐLEG UPPLIFUN SEM ENGINN MÁ MISSA AF!
HÖLLINNI AKUREYRI 12. DESEMBER
LAUGARDALSHÖLL 13. DES KL 20.00 - UPPSELT
13. DES KL 16.00 - AUKATÓNL.
4/12 Ísafjörður – Ísafjarðarkirkja UPPSELT
AUKATÓNLEIKAR KL. 18:00
5/12 Höfn í Hornafirði – Íþróttahúsið á Höfn
6/12 Eskifjörður – Menningarmiðst. í Fjarðarb. UPPSELT
AUKATÓNLEIKAR KL. 18:00
7/12 Stykkishólmur – Stykkishólmskirkja
7/12 Ólafsvík – Félagsheimilið Klif
9/12 Vestmannaeyjar – Höllin Vestmannaeyjum
MIÐASALA
Í FULLUM
GANGI Á
midi.is
Komin út
2CD+DVD
FROSTROSES
NÝR MYNDDISKUR -
VIRKAR Í ÖLLUM KERFUM
... ÁSAMT TVEIMUR GEISLAPLÖTUM
Eitt viðamesta upptöku- og útgáfuverkefni sem ráðist hefur verið í hérlendis. Frostroses með Evrópsku dívunum kom fyrst út í fyrra og seldist upp á aðeins örfáum dögum. Eru tónleikarnir því endurútgefnir nú í nýrri 3ja diska viðhafnarútgáfu.
★★★★
J.Á.J.
Morgunblaðið
NÝR FROSTROSIR.IS OPNAR Í DAG
skoðaðu - hlustaðu - upplifðu
FROSTRÓSIR
...FÆRA ÞÉR JÓLIN

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við ákvörðun stjórnvalda um að takmarka gjaldeyrisviðskipti?*

| | |
|---|---|
| Já | 57,6% |
| Nei | 42,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér umferð á höfuðborgarsvæðinu hafa minnkað?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Einungis tíu árásarmenn héldu átján milljóna manna borg í heljargreipum:

# Umsátri lokið í Mumbai

**INDLAND, AP** Umsátri hryðjuverkamanna í Mumbai lauk í gær þegar sérsveitarmenn drápu síðustu þrjá árásarmennina er hírðust í logandi lúxushóteli. Umsátrið varði í 60 klukkustundir og að minnsta kosti 195 lágu í valnum er yfir lauk og um 300 voru særðir.

Yfirvöld telja að einungis tíu vopnaðir menn hafi staðið að baki árásunum sem héldu átján milljóna manna borg í heljargreipum í þrjá sólarhringa. Níu þeirra voru drepnir en einn var handtekinn og er hann nú í yfirheyrslu. Því hefur verið haldið fram að hann sé pakistanskur og að árásarmennirnir hafi verið í stöðugu sambandi við erlent ríki.

Pakistönsk stjórnvöld hættu í gær við að senda yfirmann úr leyniþjónustu sinni til Indlands en hann átti að aðstoða við rannsókn á hryðjuverkunum í Mumbai. Lægra settur starfsmaður verður sendur í staðinn. Þar sem indversk yfirvöld hafa tengt árásirnar öfgahópum í Pakistan hafa bandarísk stjórnvöld áhyggjur af að það geti aukið líkurnar á deilum milli ríkjanna sem búa bæði yfir kjarnavopnum. Nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, telur sættir milli landanna tveggja forsendu þess að jafnvægi náist í Afganistan og sigur á al-Kaída. **- hs**



**TAJ MAHAL-HÓTELIÐ** Árásarmennirnir földu sig í lúxushótelinu í Mumbai.

Arkitekt óperunnar í Sydney:

# Utzon látinn

**DANMÖRK, AP** Danski arkitektinn Joern Utzon, sem hannaði óperuhúsið í Sydney, er látinn, 90 ára að aldri. Utzon lést úr hjartaáfalli í gærmorgun en hann hafði verið heilsuveill.

Óperuhúsið í Sydney hannaði Utzon árið 1957 en hann yfirgaf verkefnið árið 1966, sjö árum áður en byggingin kláraðist. Var það vegna hneykslis í kringum kostnað og einnig var ósætti um hönnunina. Þá tók hið opinbera við verkinu og var hönnunin innanhúss ekki gerð samkvæmt hugmyndum Utzons. Árið 2003 hlaut hann verðlaun fyrir hönnunina á óperuhúsinu enda þykir það ein merkasta bygging 20. aldarinnar. **- hs**








**Í GRINDAVÍKURHÖFN** Útgerðarmenn hafa ráðfært sig við hagfræðinginn Daniel Gros sem var Svartfellingum innan handar þegar þeir tóku upp bæði þýska markið og evruna á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

# LÍÚ vill einhliða upptöku evru eða dollars

**Útgerðarmenn vilja að stjórnvöld kanni nú þegar einhliða upptöku erlends gjaldmiðils. Slíkt þyrfti ekki að taka meira en mánuð. Formaður efnahagsnefndar Alþingis segir einhliða upptöku ómögulega við ríkjandi aðstæður.**

**EFNAHAGSMÁL** Landssamband íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, vill að stjórnvöld kanni þegar kosti einhliða upptöku erlends gjaldmiðils. Stjórn félagsins hefur samþykkt áskorun þess efnis og sent ríkisstjórninni.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir grundvallaratriði að fá stöðugri gjaldmiðil, lækka vexti og auka milliríkjaviðskipti. Ekki leiki neinn vafi á því að það sé mögulegt að taka upp annan gjaldmiðil einhliða. „Það hefur verið gert í nokkrum ríkjum þannig að það er alveg klárt að það er mögulegt,“ segir Friðrik.

Hann segir í raun einungis um tvo mögulega gjaldmiðla að ræða, evru og Bandaríkjadollar. Breyting sem þessi þyrfti ekki að taka langan tíma, jafnvel innan við mánuð. „Og ég held að það sé ekki eftir neinu að bíða,“ segir hann.

Friðrik segir um þaulhugsaða áskorun að ræða. LÍÚ hafi meðal annars ráðfært sig við hagfræðinginn Daniel Gros sem aðstoðaði Svartfellinga á sínum tíma við það að taka einhliða bæði upp þýska markið og síðar evruna. „Við erum að gera þetta í mikilli alvöru og við vonum að stjórnvöld taki þetta alvarlega.“

Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, segir þetta hins vegar ógerlegt við ríkjandi aðstæður. „Þetta er eiginlega ómögulegt nema að koma á jafnvægi fyrst,“ segir hann. Hann bendir á að ef hér yrði til dæmis tekinn upp dollar, öllum innstæðum breytt í dollara og gjaldeyrishöftum aflétt myndu eigendur jöklabréfa milli-færa þessa dollara sína úr landi í stríðum straumum. Til þess eigi Íslendingar hins vegar ekki næga dollara.

Höft á millifærslur yrðu því eftir sem áður óumflýjanleg. „Og þá værum við komin með annars konar Bandaríkjadollar hér en annars staðar í heiminum. Við værum komin með íslenskan Bandaríkjadollar af því að þú gætir ekki notað hann eins og þú vilt og þá myndi myndast gengi á þann dollar miðað við dollarann úti og allar ferðatöskur yrðu fullar af peningum.“

Pétur útilokar hins vegar ekki að skoða lausn sem þessa þegar jafnvægi kemst á. „En nú eiga menn ekki að vera að leita að billegum lausnum, heldur reyna að leysa vandamálin.“

stigur@frettabladid.is


ALÞINGI

**Eftirlit löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu: Norrænir straumar.**

**Ráðstefna á Hótel Hilton Nordica 1. desember 2008 kl. 14.**

Forseti Alþingis boðar til ráðstefnu, fullveldisdaginn 1. desember kl. 14 á Hótel Hilton Nordica, um eftirlit löggjafarþinga með framkvæmdarvaldinu. Á ráðstefnunni verður leitast við að lýsa þessum þætti í starfi þjóðþinganna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Norrænu sérfræðingarnir Fredrik Sejersted, Claus Dethlefsen og Ulf Christoffersson munu fjalla um eftirlitshlutverk þingsins í sínum heimalöndum. Bryndís Hlöðversdóttir, formaður vinnuhóps forsætisnefndar Alþingis um þingeftirlit, mun fjalla almennt um þingeftirlit. Forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, setur ráðstefnuna.

**DAGSKRÁ:**

| | |
|---|---|
| Kl. 14:00 | Forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, setur ráðstefnuna. |
| Kl. 14:10 | Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor og formaður vinnuhóps um þingeftirlit: **Hvað er þingeftirlit?** |
| Kl. 14:35 | Dr. jur. Fredrik Sejersted, prófessor: **Þingeftirlit í Noregi. Þróunin síðustu áratugi.** |
| Kl. 15:00 | Claus Dethlefsen, þjóðþingsritari og aðallögfræðingur danska þingsins: **Rannsóknarnefndir og eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu í Danmörku.** |
| Kl. 15:25 | Ulf Christoffersson, forstöðumaður þingfundaskrifstofu sænska þingsins: **Eftirlit þingsins með ríkisstjórn og stjórnvöldum í Svíþjóð.** |
| Kl. 15:50 | Kaffihlé. |
| Kl. 16:10 | Umræður. |
| Kl. 17:00 | Ráðstefnulok. |

Fundarstjóri verður Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi forseti neðri deildar Alþingis og ráðherra.

**Aðgangur er ókeypis. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið skraning@althingi.is.**



**Auglýsingasími**

**512 50 50**




– Mest lesið


Átök magnast í Taílandi en Íslendingarnir sem þar sátu fastir eru á heimleið:

# Lögreglan hrakin á brott

**TAÍLAND, AP** Mótmælendur við alþjóðaflugvöllinn í Bangkok brutust í gær í gegnum varðhring lögreglunnar sem átti að halda þeim frá helstu nauðsynjum. Olli það ótta um frekari átök en mótmælin hafa lagt efnahag landsins í rúst.

Vonast var til að varnarhringurinn sem lögreglan hafði komið fyrir í gær myndi vera upphafið að endinum á þessu fjögurra daga umsátri en raunin varð önnur. Mótmælendur hröktu um 100 lögreglumenn á flótta en að sögn lögreglunnar urðu engin meiðsli.

Sigurður Yngvason, bóndi á Tóvegg, er nú kominn til Parísar og dvelur þar á hóteli ásamt fjölskyldu sinni en hann komst frá Taílandi í gær með flugvél frá Thai Air til Parísar. „Þetta gekk vel þegar við komumst loks í loftið en við biðum í átta klukkutíma á herflugvelli sem yfirvöld breyttu í alþjóðaflugvöll,“ segir Sigurður en hann var með konu sinni og þremur börnum í Taílandi.

„Mér skilst að starfsmenn Thai Air hafi tekið flugvélina í skjóli myrkurs og komið henni á herflugvöllinn,“ segir Sigurður og nefnir að Holberg Másson, sem einnig var fastur í Taílandi og var í forsvari fyrir ferðamennina, hafi verið samferða honum til Parísar. „Fjölskyldan var örmagna og við ákváðum að hvíla okkur en komum heim með hádegisflugi á mánudaginn,“ segir Sigurður. **- hs**



**FLUGVÖLLURINN Í BANGKOK** Taílenskur hermaður stendur vörð við flugvöllinn í höfuðborg Taílands.

# Sunnudagssprengja

# 30% afsláttur

## af öllu jólaskrauti og öllu konfekti






JÓLAKÚLUR
12 Í PAKKA
**419kr**
Verð áður 599.-




JÓLASERÍUR
VERÐ FRÁ
**181kr**
Verð áður 259.-



JÓLASVEINN
13 cm
**419kr**
Verð áður 599.-

**Jólin vaxtalaus**
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

Gildir sunnudaginn 30. nóvember

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða útgáfufélag keypti réttinn á tveimur bókum Ævars Arnar Jósepssonar í Þýskalandi?*
2. *Hversu marga vináttulandsleiki hefur Eiður Smári Guðjohnsen spilað frá árinu 2000?*
3. *Hver er höfundur útvarpsleikritsins Spor?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Starfsmenn Víkurvagna búa til skútu fyrir Mæðrastyrksnefnd:

# Róið til fjár á þjóðarskútunni

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við ákváðum að vera ekki með neitt volæði þó svo að við höfum orðið fyrir áföllum eins og fleiri um þessar mundir og ákváðum að búa til þjóðarskútu,“ segir Jóhannes V. Reynisson hjá Víkurvögnum ehf.

Hann segir að þrátt fyrir að starfsmönnum fyrirtækisins hafi fækkað úr fimmtán í sex á árinu vilji þeir nýta krafta sína til að þjappa fólki saman og styrkja Mæðrastyrksnefnd í leiðinni. Fleyið hefur tekið á sig nokkra mynd og er það tveir og hálfur metri á lengd og 90 sentímetrar á breidd. Það kemur hins vegar í hlut gesta og gangandi að fylla upp í þessa mynd. „Við erum byrjaðir að sjóða litlar plötur en síðan viljum við fá fólkið í landinu til að koma til okkar og festa plötuna sem það velur í þjóðarskútuna. Það þarf enga verkkunnáttu til þess, við sjáum um allt slíkt. Og í dag ætlum við að grilla lambaskrokk og bjóða gestum okkar meðan dyttað er að skútunni.“



**VIÐ ÞJÓÐARSKÚTUNA** Sveinn Rúnar Þórarinsson og Jóhannes V. Reynisson aðstoða þjóðina við að koma sér upp þjóðarskútu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þegar hún hefur tekið á sig fullkomna mynd hyggjast þeir Víkurvagnamenn bjóða hana upp en væntanlegur eigandi verður þó að hafa hana á fjölförnum vegi því hún verður með plexígleri ofan á en síðan fjórum raufum og kemur því að góðum notum sem sparibaukur. „Við viljum síðan gefa Mæðrastyrksnefnd skútuna sem síðan aflar þeim vonandi fjár en ekki fisks.“ - jse

Hömlur fjármagnsflutninga:

# Heimild í EES-samningnum

**EFNAHAGSMÁL Samkvæmt 43. grein EES-samningsins er stjórnvöldum heimilt að grípa til „verndarráðstafana á sviði fjármagnsflutninga“. Undir þetta ákvæði teljast þær ráðstafanir falla, sem Seðlabankanum hefur verið veitt heimild til að beita í því skyni að hamla gegn fjármagnsflótta úr íslensku krónunni er hún verður sett aftur á flot. Í annarri málsgrein 43. greinar segir: „Leiði fjármagnsflutningar til röskunar á starfsemi fjármagnsmarkaðar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana á sviði fjármagnsflutninga.“** - aa

Fíton/SÍA

**Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?**

Samkvæmt 20 gr. laga VR auglýsir kjörstjórn eftir framboðum til formanns og í stjórn og trúnaðarráð félagsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til kjörstjórnar á skrifstofu VR.

Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns og til setu í stjórn.

Framboð til setu í trúnaðarráði er hægt að senda rafrænt á **kjorstjorn@vr.is**

Framboðsfrestur er til kl. 12:00, 22. desember 2008.

**Kjörstjórn**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR



**BAKKI** Skipulagsstofnun hefur samþykkt tillögu Alcoa um matsáætlun vegan álvers við Bakka, með þeim skilyrðum að gerð verði grein fyrir orkuöflun vegna virkjunarinnar.

# Alcoa verður að meta orkuöflun líka

**Tillaga Alcoa um matsáætlun vegna álvers á Bakka hefur verið samþykkt. Skilyrði að orkuöflun verði skilgreind. Sveitarstjóri Norðurþings segir tímabundna kreppu ekki hafa áhrif á byggingu álvers.**

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun hefur samþykkt tillögu Alcoa um matsáætlun vegna framkvæmda við álver á Bakka við Húsavík. Skilyrði voru sett um að orkuöflun yrði skilgreind.



**ERNA INDRIÐADÓTTIR**



**BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON**

„Við erum mjög ánægð með þennan úrskurð og teljum hann staðfesta að við höfum unnið mjög góða matsáætlun,“ segir Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa. „Þær athugasemdir sem stofnunin gerir eru fullkomlega eðlilegar. Það er bara eðlilegt að í matinu sé gerð grein fyrir þeirri orkuöflun sem fyrir hendi verður.“

Erna segist reikna með því að matsferlinu ljúki seint á næsta ári.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir úrskurðinn vera sigur fyrir umhverfið. Mjög mikilvægt sé að upplýsa þurfi um hvaðan orkan fyrir álverið eigi að koma.

„Taka verður fram hvaðan menn ætla að fá orkuna og hvaða virkjanir eru þar að baki. Ef á að kaupa hana af Landsneti þarf að tilgreina hvaða línur þarf að reisa. Þá sjá menn svart á hvítu hvaðan orkan kemur. Ætli menn að leggja línur yfir í Skagafjörð er ljóst að virkja á jökulárnar þar.“

Árni segir að áætlun um orkuöflun gæti sett strik í reikninginn hvað varðar tímaáætlanir. „Þetta tekur allt tíma og eins gætu menn lent í vandræðum með að fjármagna verkefnið. Alcoa er núna 1 milljón tonna undir framleiðslugetu og er þá líklegt að fyrirtækið ætli að reisa álver við Bakka? Mér finnst það ekki.“

Árni vísar þar í fréttir frá fyrirtækinu þess efnis að fyrirtækið dró úr álframleiðslu á seinni hluta ársins um 15 prósent, eða 615 þúsund tonn. Eftir þann niðurskurð nemur ársframleiðslan 3,5 milljónum tonna og ónýtt framleiðslugeta verður 1 milljón tonna.

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, segir að úrskurðurinn muni engin áhrif hafa á tímaáætlanir.

„Við höldum ótrauð áfram í þessu góða verkefni. Í sjálfu sér held ég að það verði ekki til neinna vandkvæða að tilgreina orkuöflunina. Við erum sannfærð um að háhitasvæðin í Þingeyjarsýslu muni skila því sem nauðsynlegt er. Tímabundin kreppa hefur ekki áhrif á langtímafjárfestingu. Það geta falist sóknarfæri í því að koma með erlent fé til landsins og borga laun í íslenskum krónum.“ kolbeinn@frettabladid.is



# Frábær helgartilboð!

netto

35% afsláttur



EKTA

HAMBORGARHRYGGUR

**1.264 kr/kg**

~~1.945~~ kr/kg

30% afsláttur



EKTA

HANGIFRAMPARTUR, ÚRB.

**1.539 kr/kg**

~~2.199~~ kr/kg

35% afsláttur



EKTA

HANGILÆRI, ÚRB.

**1.949 kr/kg**

~~2.998~~ kr/kg

ALLAR VÖRUR FRÁ CASA FIESTA Á 30% AFSLÆTTI VIÐ KASSA

MEXÍKÓ VEISLA!

30% afsláttur



50% afsláttur



GRÆN VÍNBER

**339 kr/kg**

~~677~~ kr/kg

CARAMEL SÚKKULAÐI 4 í pk.

**97 kr/pk.**

~~139~~ kr/pk.




30% afsláttur

COOP APPELSÍNU- EÐA EPLASAFI 1l

**149 kr/stk.**

~~199~~ kr/stk.

25% afsláttur




50% afsláttur




CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200g

**95 kr/pk.**

~~189~~ kr/pk.

TILBOÐIN GILDA 27. - 30. NÓVEMBER

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Einkavæðingin og hrun bankanna.

## Alla söguna takk

JÓN KALDAL SKRIFAR

Krafan um að rannsóknin á hruni bankanna nái líka yfir aðdraganda einkavæðingar þeirra er sanngjörn. Í raun er bráðnauðsynlegt að Alþingi taki af öll tvímæli um að sá kafli verði hluti af starfslýsingu fyrirhugaðrar rannsóknarnefndar. Ef ekki, verður aðeins hálf sagan til skoðunar.

Tvær meginástæður eru fyrir því að fara verður ofan í saumana á því hvernig staðið var að einkavæðingu gömlu ríkisbankanna. Sú fyrri er að á næstu misserum og árum liggur fyrir að ýmis fyrirtæki, sem eru lent eða munu lenda í eigu ríkisins, þarf að einkavæða á nýjan leik. Þar með talið einhverja, eða alla, stóru bankana þrjá. Hvernig staðið var að einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans á sínum tíma, verður að vera víti til varnaðar.

Sú framkvæmd er í raun handbók um hvernig á ekki að standa að sölu ríkisfyrirtækja. Enda varð afraksturinn stórkostlegt tjón fyrir núlifandi Íslendinga og komandi kynslóðir.

Hin ástæðan, og ekki veigaminni, er að hrunið getur gefið okkur tækifæri til að byggja upp nýtt samfélag laust við pólitíska fyrirgreiðslu og klíkuskap. Til þess að af því geti orðið verður að fara fram heiðarlegt uppgjör við fortíðina. Annars er hætta á því að við spólum okkur beint aftur í sama hjólfarið, þar sem stjórnmálaflokkar skipta á milli sín helstu gæðum samfélagsins.

Einkavæðing Landsbanka og Búnaðarbanka á sínum tíma var einmitt óvenjuósvífið dæmi um slíka útdeilingu. Höfundar og ábyrgðarmenn á því verki voru forystumenn Sjálfstæðiflokks og Framsóknarflokks, sem þá fóru með ríkisstjórn landsins.

Í orði kveðnu átti framkvæmdanefnd um einkavæðingu að móta hvernig staðið yrði að sölu ríkisbankanna, en þegar til kastanna kom tók af henni völdin ráðherranefnd, sem í sátu Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, þá utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, þá fjármálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir, þá viðskiptaráðherra.

Það var val þessara ráðherra að áhrifamenn í Framsóknarflokknum fengju Búnaðarbankann og að „Landsbankinn kæmist í hendur manna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði a.m.k. talsamband við,“ eins og það er orðað í grein Styrmis Gunnarssonar um Davíð Oddsson í bókinni Forsætisráðherrar Íslands.

Engin ástæða er til að efast um að Davíð sjálfur er þarna heimildamaðurinn sem og að þessum orðum úr sömu bók: „sú ákvörðun hans að selja Björgólfi Guðmundssyni og samstarfsmönnum hans ráðandi hlut í Landsbankanum er ein örlagaríkasta ákvörðun sem hann hefur tekið á stjórnmálaferli sínum.“ Hefur það heldur betur gengið eftir. Þó örugglega á annan hátt en greinarhöfundur og heimildamaðurinn ætluðu.

Það er líka ástæða til að rifja upp að í aðdraganda einkavæðingar bankanna lýsti Davíð Oddsson því margoft yfir að mikilvægt væri að eignarhald í bönkunum yrði dreift svo þeir yrðu sem hlutlausastir gagnvart viðskiptalífinu. Ef þeirri skynsamlegu stefnu hefði verið fylgt má ætla að öðruvísi væri nú komið fyrir íslensku efnahagslífi. En þegar til kastanna kom tóku Davíð og ráðherranefnd framsóknar- og sjálfstæðismanna u-beygju og kusu að koma bönkunum í þröngt eignarhald manna sem nutu velvildar flokkanna. Voru þar hagsmunir þessara tveggja flokka settir framar heilbrigði samfélagsins. Slíkum hugsunarhætti verður að útrýma.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Nýtt sölugallerý
Vönduð olíumálverk og listmunir eftir íslenska og erlenda listamenn. Verið velkomin í glæsilegan sýningarsal okkar, sjón er sögu ríkari.

Art2b

Rauðarárstíg 6
Sími: 567-7888
www.art2b.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert hljóð, bara blóð

Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens fer mikinn í aðsendri grein sem birtist í laugardagsútgáfu Morgunblaðsins. Lýsir þjóðskáldið því meðal annars yfir að Hannes Hólmsteinn Gissurarson sé inni í skáp ásamt hinum blindu og að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sé framtíðarleiðtogi Sjálfstæðisflokksins. Klykkir Bubbi svo út með eftirfarandi orðum: „Gera menn sér grein fyrir því að í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar liggur uppreisn í loftinu – það munu verða blóðug mótmæli ef ekki verður gert neitt í því að draga menn til ábyrgðar.“ Af þessu tilefni eru gárungar í aðdáendahópi tónlistarmannsins þegar farnir að búa sig undir útkomu nýrrar og uppfærðrar útgáfu af slagara Bubba frá 1986, „Er nauðsynlegt að skjóta þá?“



### Þið eruð frábær

Fyrsta upplaginu af nýjum sjálfshjálpargeisladiski spákonunnar Sigríðar Klingenberg, sem ber titilinn „Þú ert frábær“, var stolið af heimili Sigríðar í vikunni. Gárungar hafa sammælst um að beina þeim tilmælum til spákonunnar að heillavænlegast sé að hefja leitina að diskunum í miðbæ Reykjavíkur, nánar tiltekið á svæðinu milli Kirkjustrætis og Kalkofnsvegar.

### Ertu þá farin?

Komið hefur í ljós að félaganöfnin Íslensk afþreying ehf. og Ný sýn ehf., sem eru ný nöfn yfir félög í eigu 365 miðla, voru bæði í notkun annarra félaga. Íslensk afþreying var rekstrarfélag Selfoss-hnakkanna í hljómsveitinni Skítamóral en Ný sýn er útgáfufélag í meirihlutaeigu Samtakanna ´78, félags lesbía og homma á Íslandi. Skítamórals-liðar tóku vel í þær umleitanir 365 miðla að láta félaginu eftir nafnið Íslensk afþreying, en ekki hefur enn verið samið við Samtökin ´78 um nýja notkun nafnsins Ný sýn og segist formaður samtakanna vera sárt um nafnið. Spurningin er hvort annar aðilanna hafi sýnt af sér skítamóral í samningaviðræðum.



kjartan@frettabladid.is

# Ásetningur og afleiðing gjaldeyrislaganna



FRIÐRIK JÓNSSON

Í DAG | Gjaldeyrislög

Nýsamþykkt lög um breytingu laga um gjaldeyrismál vekja spurningar. Sérstaklega heimildarákvæði Seðlabankans um reglusetningu um gjaldeyrisskil, en það hljómar svo: „Seðlabanka Íslands er heimilt, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að setja reglur um að skylt sé að skila erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar hafa eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt.“

Eflaust eru lög þessi sett í góðum ásetningi við mjög sérstakar aðstæður. Mikill þrýstingur hefur byggst upp vegna fjármagns sem beinlínis bíður flóttaleiðar úr landi og vitað er að það mun hafa mjög neikvæð áhrif á gengi krónunnar. Lagasetning þessi ber þess merki að raunverulegar áhyggjur eru hafðar af því að slík lækkun gæti orðið stjórnlaus, að af stað færi vítahringur gengislækkunar sem yrði ekki auðrofinn.

Jafnframt hefur þegar myndast hér á landi svartur markaður með gjaldeyri sem er fyrirbrigði sem vart hefur sést hér síðustu áratugi. Það er vægast sagt óheppilegt og nauðsynlegt að koma þeim markaði fyrir kattarnef sem fyrst.

Lagasetningunni er ætlað að stemma stigu við þessum vanda, en, eins og áður segir, kvikna ýmsar spurningar um efni laganna, áhrif þeirra og framkvæmd.

### Vantraust á efnahagsáætlun

Í fyrsta lagi má velta fyrir sér hvort túlka megi lögin sem ákveðið vantraust, eða óöryggi, á efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þrátt fyrir hin miklu lán og margliða aðgerðaráætlun er talin þörf á að setja á meiriháttar markaðshindranir. Hér takast á annars vegar því sem haldið hefur verið fram á opinberum vettvangi að við fleytingu krónunnar verði í upphafi snöggt gengisfall með leiðréttingu upp á við fljótlega í kjölfarið, og hins vegar fyrrnefndur ótti við að lækkunin fari úr böndunum og hér verði stjórnlaus gengislækkun með tilheyrandi óðaverðbólgu.

Í öðru lagi kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að það felur í sér veruleg frávik á alþjóðlegum skuldbindingum. Sérstaklega er þar um að ræða EES-samninginn og verður að teljast galli að ekki sé a.m.k. vísað í greinargerð með frumvarpinu um að ef gripið verði til aðgerða verði að fara að ákvæðum 45. greinar EES-samningsins, að ógleymdum ákvæðum 112 og 113 greinar samningsins, en þær lúta m.a. að tilkynningaskyldu íslenskra stjórnvalda til annarra samningsaðila um sértækar aðgerðir af því tagi sem lagasetningin boðar.

Gera má ráð fyrir að við undirbúning lagasetningarinnar hafi það verið gert. Auk þess er ekki ástæða til að ætla annað en að íslensk stjórnvöld vilji vinna aðgerðir sem þessar í sátt við nágrannaþjóðir okkar.

Í þriðja lagi veldur það vissum áhyggjum hvort lögin feli í sér brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, m.a. vegna þeirrar heimildar Seðlabanka Íslands að skylda fólk og fyrirtæki til að skila gjaldeyri sem þau eiga. Að sama skapi er spurning hvort hugsanleg viðurlög gangi ekki fulllangt, en í tilfelli brota verður heimilt að beita stjórnvaldsektum og varðhaldi til allt að tveggja ára og þarf þá engu að breyta um hvort ásetningsbrot hafi verið að ræða eða af gáleysi.

> *Í fimmta lagi vekja lögin upp spurningu um það hvort hætta verði á því að jafnræðisregla verði brotin og um mismunun á milli aðila. Það hlýtur að vera erfiðara að beita takmörkunum á sum fyrirtæki en önnur*

Í fjórða lagi er rétt að velta fyrir sér hættunni á að með þeim víðtæku valdheimildum sem Seðlabanka eru veittar, jafnvel þó að þær séu til bráðabirgða, verði brotnar reglur um meðalhóf. Þótt tæpast sé ástæða til að ætla að sérsveit ríkislögreglustjóra verði send til fólks og fyrirtækja til að sækja gjaldeyri sem þau hafa aflað „fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt“ virðist skorta ákveðna varnagla í lögin m.a. um framkvæmd valdheimilda. Hvernig verður þetta metið? Tæpast á að „glæpagera“ gjaldeyriseign þ.a. Seðlabankinn muni leita til dómstóla og óska húsleitarheimildar vegna gruns um gjaldeyriseign? Að sama skapi er tæpast uppi áætlun um að fulltrúar Seðlabankans bíði við landganga Leifsstöðvar og biðji íslenska ferðamenn að skila afgangsferðagjaldeyri strax við heimkomu.

### Trygging jafnræðisreglu

Í fimmta lagi vekja lögin spurningu um það hvort hætta verði á því að jafnræðisregla verði brotin og um mismunun á milli aðila. Það hlýtur að vera erfiðara að beita takmörkunum á sum fyrirtæki en önnur. Tæpast verður stóriðja látin sæta takmörkunum og enginn áhugi er á því að stefna rekstri t.d. CCP, Össurar og Marels í hættu. Ef einhverja starfsemi eða fyrirtæki þarf að taka út fyrir sviga verður það að vera vel rökstutt. Annars er hætta á að ákveðnar atvinnugreinar, t.d. sjávarútvegur, telji sig órétti beittar.

Í sjötta lagi er rétt að hafa í huga hugsanleg neikvæð áhrif laganna á erlenda fjárfestingu hérlendis, að minnsta kosti á meðan ákvæðin gilda, og jafnvel varanlega í ljósi þess hversu greiðlega gekk að afgreiða lagasetningu af þessu tagi á Alþingi.

Í sjöunda lagi, með hliðsjón af ofangreindu, er ástæða til að hafa áhyggjur af því hvort þessi lagasetning dragi úr trú á Íslandi sem réttarríki.

### Fara sprotafyrirtækin úr landi?

Í áttunda lagi, er einnig rétt að kannað verði hvort lagasetning sem þessi geti orðið þess valdandi að smærri fyrirtæki, t.d. sprotafyrirtæki í hátækniútflutningi, sem hvort eð er eru á mörkum þess að geta haldið áfram starfsemi hérlendis, muni hverfa úr landi.

Í níunda lagi er full ástæða til að taka til athugunar athugasemdir framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, sem segir lögin stórskaða íslenskt viðskiptalíf og neyða fyrirtæki til þess að taka upp starfshætti fortíðarinnar.

Í tíunda lagi, er rétt að velta fyrir sér þeirri aðferðarfræði sem beitt er við setningu laganna og hvort ástæða er til að óttast frekari lagasetningar í framtíðinni og aðrar aðgerðir stjórnvalda. Það getur ekki verið ásættanlegt að reglulega sé verið að keyra lagasetningar með jafn víðtæk áhrif í gegnum Alþingi með afbrigðum og þannig í reynd komið í veg fyrir fullnægjandi lýðræðislega umræðu um áhrif þeirra.

Lagasetning þessi er viðbragð við óvenjulegu ástandi. Hún setur veruleg höft og almennt virðist skorta varnagla beitingu laganna. Eru lögin þannig full opin til túlkunar og því spurning hvort þau dragi frekar úr trausti en að auka það. Braut hafta er að auki í sögulegu samhengi alltaf varhugaverð, því jafnan virðist eitt leiða af öðru í þeim efnum – takmörkuð gjaldeyrishöft dagsins í dag verði orðin víðtækari almenn viðskiptahöft morgundagsins. Ásetningur laganna er án efa góður, en ástæða er til að hafa í huga að leiðin til bölvunar getur einmitt verið vörðuð góðum ásetningi.

*Höfundur er formaður Framsóknarfélagsins á Akranesi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Úrbæturnar hrökkva skammt

**UMRÆÐAN**

Valur Þráinsson skrifar um LÍN og kjör íslenskra skiptinema erlendis

Þann 30.10.2008 samþykkti menntamálaráðherra tillögur stjórnar LÍN er snúa að sveigjanlegri reglum til að koma til móts við nema erlendis sem verða fyrir barðinu á þeirri banka- og gjaldeyriskreppu sem ríður yfir Ísland þessa dagana. Samþykktar voru breytingar í sex liðum og snertir liður fjögur skiptinema erlendis beint. Sú breyting hljóðar svo: „Í stað þess að útreikningur vegna námslána skiptinema skólaárið 2008-2009 miðist við gengið 1. júní 2008 verður útreikningurinn miðaður við gengi 26. september 2008. Að öðru óbreyttu þýðir þetta um 23% hækkun framfærsluléna til þessa hóps miðað við fyrri áætlun.“

Rétt er það að þessi breyting þýðir um 23% hækkun framfærsluléna að öðru óbreyttu. Hins vegar má spyrja sig hvort stjórnarmenn LÍN hafi ekki gert sér grein fyrir því þann 31.10.2008 þegar þessi breyting var samþykkt að hún mundi ekki duga til? Gengi íslensku krónunnar hafði þá þegar veikst um 11,4% frá þeirri dagsetningu sem útreikningur lána erlendra skiptinema á að miða við.

Gengi krónunnar hefur verið í stöðugu veikingarferli undanfarna mánuði. Því er það staðreynd að frá 26.09.2008 hafa framfærslulán erlendra skiptinema í þeirri mynt sem þeir notast við verið að rýrna. Íslenska krónan hefur veikst um 23,2% frá 26.09.2008 til og með 25.11.2008, sé miðað við gengisvísitölu Seðlabanka Íslands. Þar af leiðandi hafa íslenskir skiptinemar erlendis þurft að draga saman eyðslu sína um samsvarandi hlutfall til þess að námslánin sem þeir fá greidd út í janúar, í íslenskum krónum, dugi fyrir áætlaðri framfærslu. Ekki þýðir fyrir skiptinema að koma með þessi rök þegar þeir borga leiguna eða fara út í búð að kaupa í matinn. Þegar gengi krónunnar veikist, breytist kostnaður skiptinema erlendis ekkert, í erlendri mynt. En eykst í krónum talið. Því er það eina sem skiptinemar geta gert ef þeir ætla að lifa á þeirri lágmarksframfærslu sem þeir eiga að fá, að draga saman neyslu sína, eða fá yfirdrátt hjá bankanum, og koma heim úr skiptinámi, ekki bara með námslán, heldur vænan yfirdrátt í þokkabót.

Mikil óvissa ríkir um íslensku krónuna og illmögulegt er að spá fyrir um það hvort hún muni veikjast eða styrkjast fram að áramótum, þótt frekar megi reikna með veikingu miðað við þróun undanfarna mánuði. Veldur þetta skiptinemum sem og nemum erlendis miklum vandræðum, þar sem öll áætlanagerð verður erfið. Þess má geta að hjá íslenskum nemum í föstu námi erlendis, þ.e. ekki skiptinemum, miðast útgreiðsla hjá LÍN við gengi á útborgunardegi. Veldur þetta því að jafnræði er ekki gætt meðal íslenskra nema í föstu námi erlendis og íslenskra skiptinema. M.ö.o. fá skiptinemar minna en útreiknaða framfærslu í erlendri mynt útborgaða eftir haustönnina, ef krónan veikist yfir önnina, en meira ef krónan styrkist. Fyrir íslenska nemendur erlendis, aðra en skiptinema, snýst dæmið við. Þeir fá þá meira en áætlaða framfærslu ef krónan veikist yfir önnina, en minna ef hún styrkist.



VALUR ÞRÁINSSON

Sem dæmi má nefna tvo nema í Danmörku. Annar er skiptinemi en hinn er í föstu námi, þ.e. ekki skiptinemi. Þeir eru báðir í fullu námi og fá lánað fyrir grunnframfærslu. Ef námslánin hefðu verið greidd út þann 25.11.2008 og miðað við úthlutunarreglur LÍN hefði skiptineminn fengið greiddar 660.655 krónur en neminn í föstu námi 843.652 krónur. Munurinn er 182.997 krónur.

*Mikil óvissa ríkir um íslensku krónuna og illmögulegt er spá fyrir um það hvort hún muni veikjast eða styrkjast fram að áramótum, þótt frekar megi reikna með veikingu miðað við þróun undanfarna mánuði.*

Í ljósi núverandi aðstæðna leggur höfundur til að þegar lán fyrir íslenska nemendur erlendis, bæði skiptinema og fasta nema, verða greidd út í janúar 2009 verði miðað við meðaltalsgengi SÍ á námstímabilinu. Með þessu móti geta nemar, sem í flestum tilfellum eru með svipaða meðaleyðslu á mánuði, treyst því að námslánin sem þeir fá í janúar duga fyrir framfærslu í því landi sem viðkomandi nemi er í, með litlum vikmörkum. Hvorki meira né minna.

Skora ég á menntamálaráðherra og stjórn LÍN að bregðast við þessari athugasemd því nemar erlendis eiga rétt á því að fá lánað fyrir grunnframfærslu í þeim gjaldmiðli sem notaður er í því landi sem neminn stundar nám í. Íslenskir nemar erlendis hafa allt annað við tíma sinn að gera heldur en að stunda happdrætti með íslensku krónuna!

*Höfundur er skiptinemi við hagfræðideild Kaupmannarhafnarháskóla*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...





...góðar fréttir fyrir umhverfið

TEKJUÁÆTLUN 2009

Tekjuáætlun þín stýrir greiðslunum

Lífeyrisþegum hefur verið send tekjuáætlun 2009.

Þrátt fyrir óvissu um vísitöluhækkanir einstakra tekjutegunda er nauðsynlegt að skoða og leiðrétta tekjuáætlun eftir þörfum.

Nú er hægt að skila tekjuáætlun rafrænt á tryggur.is með aðstoð veflykils rsk.

Á tryggur.is er einnig hægt að gera bráðabirgðaútreikning. Það er fljótlegt, einfalt, öruggt og opið allan sólarhringinn!

Lífeyrisþegar athugið!

- Ef tekjur breytast er nauðsynlegt að senda leiðrétta tekjuáætlun til Tryggingastofnunar eða breyta á tryggur.is.
- Ekki þarf að endursenda tekjuáætlun nema tekjur breytist.
- Eftirfarandi tekjur hafa m.a. áhrif á greiðslur almannatrygginga:
  - Atvinnutekjur
  - Fjármagnstekjur, t.d. söluhagnaður, arður og vextir
  - Lífeyrissjóðstekjur
  - Atvinnuleysisbætur
- Það er alltaf hægt að breyta tekjuáætlun aftur ef forsendur breytast.






Starfsfólk þjónustumiðstöðvar og umboða veitir ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi útfyllingu og skil tekjuáætlunar.

TRYGGINGASTOFNUN –fyrir þig

Laugavegi 114 | 150 Reykjavík | Sími 560 4400 | Grænt númer 800 6044 | www.tr.is | www.tryggur.is

# Ég vil lifa venjulegu lífi

**Emebet Mekuria Hiruy** flutti til Íslands frá Eþíópíu fyrir átta árum. Þáverandi eiginmaður var þegar fluttur til landsins. Eftir að hún fluttist til Íslands sótti hún sér styrk til að slíta sambandi við manninn sem beitti hana ofbeldi öll árin sem þau voru gift. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** hitti Emebet og fékk að heyra sögu hennar.

Emebet tekur vel á móti gesti sínum, með kaffi, gosi, smákökum og vínberjum. Á borðinu er dagatalskerti tilbúið, heimilið er hlýlegt og fallegt. Hér býr kona sem hugsar vel um sitt og sína. Í vikunni vakti ræða Emebet á morgunverðarfundi Unifem mikil viðbrögð gesta, í stuttu máli lýsti hún sögu sinni sem er átakanleg en gefur líka góð fyrirheit. Konur geta brotist út úr ofbeldisfullu hjónabandi ef þær vilja og fá stuðning.

„Ég kom hingað fyrir átta árum og kom til eiginmanns míns á þeim tíma,“ segir Emebet. „Ég var með þriggja ára dóttur mína með mér og stuttu eftir að ég flutti hingað varð ég ólétt. Við höfðum verið saman í átta ár þegar ég flutti hingað og allan tímann hafði hann beitt mig ofbeldi. Á því varð engin breyting eftir að við fluttum hingað, hann var ofbeldisfullur og henti mér oft út, lét mig sofa úti, líka þegar ég var ólétt.“

### Ofbeldi algengt í Eþíópíu

Emebet segist oft hafa hugsað um það úti í Eþíópíu að hún vildi ekki vera í þessu sambandi. „Mér fannst ég þurfa að gera eitthvað í þessu en þegar ég reyndi að tala um vandamálið þá fékk ég engin viðbrögð, mér var bara sagt að lifa lífinu, svona væri lífið.“ Vandamálið er, segir Emebet, að ofbeldi gegn konum er svo algengt í Eþíópíu að það er regla frekar en undantekning og því ekki litið á það sem vandamál. Skilnaðir eru svo álitnir skammarlegir og þó að sú hugsun hafi hvarflað að henni að skilja við manninn þá kom það samt ekki til greina.

Því fylgdi hún manni sínum alla leið til Íslands, lands sem hún vissi lítið um, til lífs sem hún vissi ekkert hvernig myndi verða. „Hann beið eftir okkur og bauð okkur mæðgurnar velkomnar en hann hafði ekkert breyst. Hann skipaði mér fyrir, ógnaði mér og beitti mig ofbeldi eins og áður. Ég þekkti náttúrlega ekki samfélagið, ég vissi ekkert hvernig ég átti að vera hér, allt var gerólíkt Eþíópíu, en hann hélt uppteknum hætti, henti mér út, barði mig.“

Ellefu mánuðum eftir að Emebet flutti til Íslands fæddist henni önnur dóttir, eftir sex mánaða fæðingarorlof fór hún að vinna á ný en svo dró til tíðinda í hjónabandinu. „Hann henti okkur öllum á dyr, skilaði íbúðinni okkar til leigusala og fór sjálfur að leigja litla kytru.“ Á götunni með tvö börn var Emebet svo heppin að íslensk vinkona hennar, Margrét Hróbjartsdóttir, tók henni opnum örmum og hún var hjá henni og manninum hennar í tvo mánuði áður en hún var farin að leigja litla íbúð sjálf, rétt hjá vinnunni sinni.

„Þá sneri hann aftur og baðst afsökunar og við tókum saman aftur. En stuttu síðar féll allt í sama farið, hann beitti ofbeldi, henti mér á dyr og ég svaf úti heilu næturnar. Þá sagði vinkona



**EMEBET MERKURIA** hefur komið undir sig fótunum á Íslandi og er mjög ánægð með það að dætur hennar alist upp hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




ENNEMM / SÍA / NM36265

mín: „Þú átt eftir að deyja ef þetta heldur svona áfram, þetta er ekki í lagi, í landinu okkar er svona framkoma ekki í lagi, þú verður að gera eitthvað.“

**Fékk stuðning frá íslenskri vinkonu**

Emebet lýsir hvatningu vinkonu sinnar af mikilli innlifun, hvernig hún studdi hana og hjálpaði. Sjálf var hún á þessum tíma búin að átta sig á að hlutur kvenna á Íslandi væri gerólíkur kynsystra þeirra í Eþíópíu. „Hér er hægt að vera einstæð móðir. Fyrst þegar ég tók eftir því að verið var að tala um að þessi eða hinn væri fráskilinn þá fannst mér það ótrúlegt. Og íslenskir karlar hjálpa til við heimilisstörfin! Fyrst þegar ég sá mann elda þá vissi ég ekki hvert ég ætlaði,“ segir Emebet og hlær að minningunni. „Í Eþíópíu mega mennirnir ekki einu sinni koma inn í eldhúsið.“

Uppeldi karla og kvenna í Eþíópíu er svo gerólíkt segir Emebet og það hefur svo varanleg áhrif á kynin að erfitt er að brjótast undan því oki. „Strákarnir fá að fara út að leika en stelpurnar eru inni að vinna, að læra að elda, þvo og hugsa um heimilið, það er mjög mikill munur.“ Þessi munur ristir svo djúpt að þrátt fyrir tal um að rétta hlut kvenna í Eþíópíu hefur ekkert svo mikið breyst að mati Emebet.

Hún er líka ótrúlega ánægð með þá staðreynd að dætur hennar tvær hafa alist upp á Íslandi en ekki í Eþíópíu. „Þær eru íslenskar stelpur, þær eiga sína vini hér og ég þarf aldrei að hafa áhyggjur af þeim. Stundum þegar við sitjum við matarborðið og erum öll að tala saman þá er ég svo ánægð, það veður á þeim og þær kunna að tjá tilfinningar sínar. Þegar ég var lítil þá mátti ég aldrei tala, það er ekkert hlustað á börn í Eþíópíu.“

Þessi framkoma grefur undan sjálfstrausti barna sem hefur svo áhrif fram á fullorðinsár segir Emebet, meðal annars með þeim afleiðingum að konur eiga erfitt með að brjótast undan því ofbeldi sem svo algengt er að þær séu beittar inni á heimilinu.

„Uppeldið og umhverfið sem ég ólst upp í er svo gerólíkt dætra minna að það er með ólíkindum. En auðvitað er margt gott þar, virðing fyrir eldra fólki er til dæmis mikil og samheldni fjölskyldunnar er mjög sterk,“ segir Emebet sem bendir á að það reyni á fjölskyldurnar þegar eitthvað ber út af. „Þegar foreldrar mínir dóu voru þrjú systkini mín undir lögaldri, sem betur fer gátum við tekið þau að okkur því annars hefðu þau bara orðið að fara út á götu að betla, það er ekkert félagslegt net í Eþíópíu.“

Yngri systir Emebet, sem hún tók að sér á sínum tíma, hefur fylgt henni til Íslands og sömuleiðis býr einn bróðir hennar hjá henni, það er því ekki ofsagt með samheldni fjölskyldunnar. Og Emebet tekur fram að þrátt fyrir uppeldið tileinki eþíópísku karlarnir sem búa á Íslandi sér siði Íslendinga og taki þátt í heimilisstörfum, þó að hennar fyrrverandi hafi ekki gert það.

Einu sinni síðan hún flutti til Íslands hefur hún heimsótt æskustöðvarnar og hún getur ekki annað en hlegið þegar hún er að segja frá þeirri heimsókn: „Það var svo heitt, ég gat ekki sofið á nóttunni, dæturnar mínar voru líka alveg óvanar þessum hita.“

Emebet er ekki á leiðinni að flytja aftur til Eþíópíu, hún hefur komið sér vel fyrir hér á landi, er mjög ánægð í vinnunni sinni á elliheimilinu Seljahlíð. „Ég var kennari áður en ég flutti hingað, fyrst eftir að ég flutti til Íslands vann ég í eldhúsi en svo hef ég verið á elliheimilinu í nokkur ár. Fyrst var það svolítið erfitt, ég talaði ekki íslensku en nú gengur það mjög vel. Núna þekkir gamla fólkið mig og okkur kemur vel saman.“

Vinnan er vaktavinna og aðra hvora helgi, þegar Emebet er að vinna eru dæturnar hjá fyrrverandi eiginmanni hennar.

**Fluttur í sama hús**

Það er ekki langt að fara því nýlega tók eiginmaðurinn fyrrverandi upp á því að kaupa íbúðina á hæðinni fyrir ofan Emebet, henni til lítillar gleði.

„Það hefur auðvitað vond áhrif á mig, en ég er að reyna að berjast gegn því og hugsa ekki um hann. Ég vil lifa venjulegu lífi og halda áfram í mínu lífi, en það er erfitt þegar hann er fluttur í sama hús,“ segir Emebet sem er ekki sátt við þá þróun mála en hún getur ekkert gert í þessu eins og hún segir sjálf. „Helst vil ég selja íbúðina og flytja en það er ekki hægt eins og staðan er núna. Ég vil ekki hafa hann yfir mér, hann getur ekki umgengist mig eðlilega og hann vill ráða yfir mér.“

Emebet segir manninn ekki ánægðan með að sjá hversu vel hún kemst af án hans. Hann hefur ekki haft í hótunum við hana síðan þau skildu og Emebet er ekki hrædd kona, en hún segist ekki komast hjá því að velta fyrir sér hvað hann sé að hugsa að flytja inn í sama hús og hún. „Það er líka bara svo erfitt fyrir mig að eiga á hættu að sjá hann á hverjum degi og vera alltaf að vonast til þess að sjá hann ekki. Ég er að reyna að láta þetta ekki hafa áhrif á mig, hitti sálfræðing reglulega og fæ ráð. Þessu verður bara að ljúka.“

Emebet er skýrt dæmi um konu sem eignaðist annað líf eftir að hafa sagt skilið við ofbeldisfullan eiginmann og þegar blaðamaður getur ekki annað en lýst aðdáun sinni á hugrekki hennar þá segist hún einfaldlega hafa áhuga á að berjast gegn heimilisofbeldi. „Það er hægt að segja skilið við ofbeldið.“

## → EÞÍÓPÍA

Eþíópía er elsta sjálfstæða ríki Afríku. Íbúafjöldi eru rúmar 83 milljónir manna. Landið er 1,13 milljónir ferkílómetra að stærð og er landlukt. Höfuðborgin heitir Addis Ababa en borgin sem Embet er frá heitir Arbaminch. Meðal fjölmargra tungumála sem eru töluð í landinu eru amharic, oromo, tigrinya og sómalska. Fyrir utan skamma hersetu Ítala undir stjórn Mússolíni slapp Eþíópía undan nýlendukapphlaupi stórvelda. Landið er eitt af fátækustu ríkjum Afríku. Staða kvenna er bágborin, sérstaklega á landsbyggðinni, þær vinna mikið auk þess að sinna heimilinu en hafa lítil völd. Heimilisofbeldi er í raun viðurkennt og talið mjög algengt.




> En stuttu síðar féll allt í sama farið, hann beitti ofbeldi, henti mér á dyr og ég svaf úti heilu næturnar. Þá sagði vinkona mín „Þú átt eftir að deyja ef þessu heldur svona áfram.“



# Spilum ekki í jogginggöllum

Töffarahljómsveitin Singapore Sling gaf út fjórðu breiðskífu sína fyrir skemmstu. *Kjartan Guðmundsson* hitti **Henrik Baldvin Björnsson**, söngvara og gítarleikara, og **Ester Bíbí Ásgeirsdóttur** bassaleikara yfir kaffi og sígó í Hressingarskálanum.



**SIÐLEYSI, ÖRVÆNTING OG DAUÐI** Upplagið af nýjustu breiðskífu Singapore Sling náði ekki til landsins í tæka tíð fyrir útgáfutónleikana í byrjun nóvember. Því mun sveitin halda eins konar „útgáfutónleika 2" á Grand rokki föstudagskvöldið 5. desember næstkomandi, ásamt Kid Twist og Evil Madness. Frá vinstri: Einar Kristjánsson, Björn Viktorsson, Henrik Baldvin Björnsson og Ester Bíbí Ásgeirsdóttir. Á myndina vantar Sigurð Magnús Finnsson og Hákon Aðalsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

*Perversity, Desperation and Death*, sem í lauslegri snörun gæti útlagst sem siðleysi, örvænting og dauði, er titillinn á nýjustu breiðskífu Singapore Sling sem kom út fyrir skemmstu. Yfir kaffibolla í reykherberginu á Hressó stenst blaðamaður ekki mátið og spyr Henrik, söngvara og gítarleikara, og Bíbí bassaleikara hvort áhrifamikill titillinn tengist hinu sívaxandi kreppuástandi á einhvern hátt.

„Titillinn var reyndar kominn á undan kreppunni," segir Henrik. „Það er ekkert kreppulegt við þessa plötu nema helst það að diskurinn sat fastur í útlöndum í sex vikur vegna einhverra gjaldeyrisflækna. Það reddaðist þó allt að lokum."

„En titillinn á samt nokkuð vel við núna í kreppunni," bendir Bíbí á. „Já, það er rétt. Þetta er í raun kreppuplata ársins," fellst söngvarinn á að lokum.

### Ofkæling á Þingvöllum

*Perversity, Desperation and Death* er fjórða breiðskífa sveitarinnar, en áður höfðu komið út *The Curse of Singapore Sling* árið 2002, *My Life is Killing my Rock´n´Roll* árið 2004 og *Taste the Blood of Singapore Sling* 2005, auk safnskífunnar *The Curse, the Life, the Blood* sem var gefin út sérstaklega fyrir Evrópumarkað á síðasta ári.

Að sögn Henriks gekk á ýmsu við gerð nýju plötunnar, sem tekin var upp í nokkrum skorpum.

„Við byrjuðum að hljóðrita plötuna í Berlín. Svo tókum við slatta upp í æfingarhúsnæðinu okkar, þangað til að það flæddi inn í húsið og tölvan sem innihélt öll lögin bilaði. Það tafði upptökur um stund, eins og gefur að skilja. Svo héldum við áfram að hljóðrita á hinum ýmsu stöðum, meðal annars í stúdíói í Hafnarfirði, heima hjá mér og í sumarbústað við Þingvallavatn."

Hljómsveitin hefur nýtt téðan sumarbústað til ýmissa verka, til dæmis til æfinga og sem vettvang fyrir upptökur á myndbandi.

„Það var síðasta vetur. Við vorum að labba úti á frosnu Þingvallavatninu í átján stiga frosti í tíu klukkutíma, berandi einhvern bát. Mig grunar að ég hafi ofkælst. Að minnsta kosti hætti ég að geta andað og skalf í tvo tíma á eftir," segir Henrik og yljar sér við minninguna.

Spurður hvort sveitin sæki í sveitasæluna sem innblástur fyrir laga- og textasmíðar segir Henrik það af og frá.

„Innblásturinn kemur úr öðrum heimi, líklega ímynduðum heimi. Þaðan sem maður vill vera frekar en þar sem maður er. En það er gott að komast í burt frá öllu og öllum til að einbeita sér að svona hlutum."

Hann segir plötuna upphaflega átt að koma út í sumar, en útgáfan hafi tafist af ýmsum ástæðum. Því sé það helber tilviljun að platan renni í raun beint inn á jólamarkaðinn.

„Við höfum aldrei stílað sérstaklega inn á þann markað. Eru það ekki aðallega poppbönd sem gera það? Egill Ólafsson og Páll Óskar? Ég fylgist reyndar ekki mikið með því hversu mikið við seljum af plötum. Við erum ekkert rosalega miklir fjármálasnillingar í þessari hljómsveit."

### Upphaflega eins manns sveit

Singapore Sling hófst sem einstaklingsverkefni Henriks fyrir átta árum.

„Ég hafði alltaf verið að búa til tónlist einn á fjögurra-rása upptökutæki. Ég stofnaði reyndar Bang Gang ásamt Barða Jóhannssyni og við gáfum út eina sjötommu áður en ég yfirgaf sveitina. Ég var aldrei í neinum bílskúrsböndum eða slíku," segir Henrik. „Árið 2000 gaf ég sjálfur út átta laga plötu undir nafninu Singapore Sling. Ég fékk nokkra félaga til liðs við mig og við stofnuðum hljómsveit undir þessu nafni, og stuttu síðar bauðst okkur að hita upp fyrir Mínus og Kanada á tónleikum í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Það voru fyrstu tónleikarnir, en fram að því höfðum við verið eitthvað feimnir við að troða upp."

Mannaskipti hafa verið nokkuð tíð í sveitinni. Af þeim sex sem skipuðu sveitina við hljóðritun fyrstu plötunnar árið 2002 eru þrír enn um borð, Henrik, Einar Kristjánsson gítarleikari og Sigurður Magnús Finnsson, einnig þekktur sem „Siggi Shaker", hristuleikari. Auk þeirra hafa þau Bíbí, sem áður var í Kolrössu krókríðandi, Hákon Aðalsteinsson gítarleikari og Björn Viktorsson trommari skipað hljómsveitina frá árinu 2005.

### Dimmt og sækadelískt

Tónlist Singapore Sling hefur verið lýst sem dimmri og sækadelískri, og minna nokkuð á hljómsveitir á borð við hina skosku Jesus and Mary Chain og Írana í My Bloody Valentine. Henrik og Bíbí skrifa að einhverju leyti undir þessa lýsingu.

„Það voru bönd eins og Jesus and Mary Chain, Velvet Underground og Suicide sem fengu mig til að vilja stofna hljómsveit. En auðvitað er maður alltaf að uppgötva eitthvað nýtt, og gamalt," segir Henrik.

„Sækadelik er orð sem er notað yfir það þegar áherslan er lögð á einhverja ákveðna stemmningu í músíkinni, en ekki endilega eingöngu lögin sjálf," bætir Bíbí við.

Innt eftir íslenskum áhrifavöldum verður fátt um svör hjá Henrik. „Við pælum ekkert mikið í því hvaðan tónlist kemur, hvort hún sé íslensk eða hvað. Tónlist er bara eitthvað sem við fílum eða fílum ekki."

„Það er kannski helst Bjartmar," segir Bíbí hugsi. „Og Kid Twist, sem er nýtt band sem ætlar að spila með okkur á tónleikum fljótlega. Það er besta hljómsveitin sem ég hef heyrt í lengi. Svo er nýja Evil Madness-platan alveg mögnuð."

### Liggjum ekki yfir ímyndinni

Af ljósmyndum og myndböndum af Singapore Sling að dæma mætti ætla að hljómsveitin legði mikið upp úr dimmri og drungalegri ímynd, þar sem leður og dökk sólgleraugu eru allsráðandi. Bíbí og Henrik gefa lítið fyrir slíkar vangaveltur.

„Ég held við séum bara frekar kúl, en við höfum aldrei sest niður og vísvitandi búið til ímynd. Ég held að ímynd sé frekar eitthvað sem aðrir búa til yfir það sem þeir sjá. Á tónleikum notum við til dæmis sýningarvélar og fleira í þeim dúr vegna þess að við viljum að upplifunin sé myndræn og færi áhorfendur inn í einhvern heim. Við spilum ekki í jogginggöllum á Hressó í dagsbirtu vegna þess að það passar einfaldlega ekki við tónlistina," segir Henrik.

> Við vorum alls ekki að reyna að búa til orð fyrir orðabókina, en samt held ég að þetta hugtak muni verða til það sem eftir er. Hnakkinn mun aldrei deyja, því miður

„Tónlistin er þess eðlis," bætir Bíbí við. „Það er líka ástæðan fyrir því að við kjósum heldur að halda færri tónleika en fleiri. Það eru gæðin en ekki magnið sem skipta máli. Við viljum gera hverja tónleika að viðburði, í stað þess að spila kannski tónleika á hverjum degi í átta vikur í jogginggöllum. Þá eru tónleikar hættir að vera spennandi."

Blaðamaður heggur eftir því að jogginggallar virðast Singapore Sling-meðlimum hugleiknir. Er þeim mikið í nöp við slíkan fatnað?

„Henson er allt í lagi," svarar Bíbí og glottir, en Henrik segist ekki eiga jogginggalla, enda joggi hann aldrei.

### Krútt og hnakkar

Talið berst að nýafstöðnum umræðum um hugsanlegan dauða krúttkynslóðarinnar og ritdeilur sem af þeim spruttu. Bíbí segir þá hættu aldrei hafa verið til staðar að Singapore Sling yrði flokkuð sem krútt-sveit.

„Það hefur alltaf verið erfitt að hólfa okkur niður, enda held ég að það sé ágætt að tilheyra ekki neinum hópi. Þetta hugtak, krútt, var hvort eð er bara eitthvert kjaftæði. Að minnsta kosti var mjög óljóst hvað það átti að merkja."

Henrik samsinnir því og segir alla slíka flokkun á fólki tilgangslausa. Honum er þá bent á að sjálfur eigi hann heiðurinn að hugtakinu hnakki, sem mörgum landsmönnum er orðið tamt að nota yfir einstaklinga með litað hár og fleiri ljósatíma en góðu hófu gegnir á samviskunni.

„Já, það er alveg rétt," viðurkennir Henrik. „Ég hef líklega tekið þátt í þessari hólfunarstarfsemi þrátt fyrir allt. Hnakki var orð sem ég, Barði Jóhannsson og Börkur Jónsson notuðum okkar á milli. Barði var með útvarpsþáttinn Ólafi á Radíó X og byrjaði að nota orðið þar, og þannig dreifðist það út. Við vorum alls ekki að reyna að búa til orð fyrir orðabókina, en samt held ég að þetta hugtak muni verða til það sem eftir er. Hnakkinn mun aldrei deyja, því miður."

### Gott gigg á pitsustað

Singapore Sling hefur vakið síst minni athygli erlendis en hér á landi. Fyrstu tvær plötur sveitarinnar voru meðal annars gefnar út í Ameríku og nú standa yfir samningaviðræður um útgáfu *Perversity, Desperation and Death* í Bandaríkjunum, Ástralíu og Evrópu. Einnig hefur sveitin haldið fjölmarga tónleika víða um heim.

„Í ágúst spiluðum við í Póllandi í fyrsta skipti og það var alveg magnað, eins og reyndar stór hluti af Austur-Evrópu," segir Henrik. „Bandaríkjatúrarnir hafa líka verið mjög eftirminnilegir," heldur Bíbí áfram. „Við höfum spilað um öll Bandaríkin. Viðtökurnar hafa verið sérlega góðar á Vesturströndinni og Norðausturströndinni, en svona happ og glapp inn á milli."

„Þegar maður tekur svona langan túr þá veit maður fyrirfram að sum gigg verða góð. Stundum spilar maður bara frekar en að spila ekki. Einu sinni lentum við í því að spila á pitsustað í El Paso, klukkan sjö um kvöld. Ég reyndi að horfa ekki á áhorfendur og veit því ekki almennilega hvernig viðtökur þess voru, en ég býst fastlega við að þeir hafi verið að borða pitsu," segir Henrik og bætir við að El Paso sé skrýtinn bær, fullur af hvítu rusli og heróínneytendum að drekka Colt 45 bjór.

„Svo spiluðum við aftur á pitsustað seinna, á Ítalíu," segir Bíbí. „Okkur fannst brjálæðislega fyndið að halda tónleika á pitsustað í annað skipti, en þetta reyndist hið besta gigg. Fullt af fólki mætti og fannst rosalega gaman."

### Útlönd eða helvíti

Spurð um áhrif kreppunnar á íslenskt tónlistarlíf segist Bíbí vongóð um að fátt sé svo með öllu illt.

„Kannski fer fólk að kaupa íslenska tónlist í meira mæli. Kannski verður fólk hugmyndaríkara í að finna sér eitthvað annað að gera en að hanga í boltalandi, eða hvað það er nú sem fólk gerir í góðæri. Kannski verður fólk meira skapandi og fer að gera eitthvað meira saman í stað þess að fara í ljós."

„Já vonandi," segir Henrik. „En kannski verður þetta bara ömurlegt. Kannski fara allir til útlanda. Eða til helvítis."

# OPIÐ

## ALLAN sólarhringinn

## ALLTAF í Skeifunni

24

Skeifan

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

**MARK TWAIN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1835.**



*„Lygin getur verið komin hálfa leiðina kringum hnöttinn áður en sannleikurinn er búinn að reima skóna.“*

***Bandaríski rithöfundurinn Mark Twain var gríðarlega vinsæll, bæði sem rithöfundur og fyrirlesari, á sinni tíð.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. NÓVEMBER 1965

## *Skarðsbók aftur í eigu Íslendinga*



Íslenskir bankar keyptu Skarðsbók postulasagna á uppboði þennan dag árið 1965. Skarðsbók postulasagna er safn helgisagna um ellefu postula Krists. Sögur af þeim voru þýddar snemma úr latínu svo almenningur gæti lesið þær, og seinna voru þær auknar og endursamdar.

Skarðsbók er veglegasta safn postulasagna frá miðöldum, upphaflega 95 blöð sem skrifuð voru af þremur mönnum, líklega í klaustrinu að Helgafelli fyrir Orm lögmann Snorrason á Skarði á Skarðsströnd í Dalasýslu um 1360. Hann gaf bókina kirkjunni á Skarði þar sem hennar er getið með eignum kirkjunnar fram á 19. öld – en bókin er svo horfin árið 1827.

Enski bókasafnarinn Sir Thomas Phillipps keypti Skarðsbók af bóksala í Lundúnum 1836 og var hún lengi hluti af hans mikla safni. Ekki er vitað hvernig bókin komst til Englands. Þegar Skarðsbók fór svo á uppboð í Lundúnum árið 1965 sættu íslensku bankarnir lagi, undir forystu Seðlabankans, og keyptu hana fyrir 36.000 sterlingspund og gáfu hana íslensku þjóðinni. Skarðsbók postulasagna varð fyrsta handritið sem Handritastofnun Íslands, nú Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, fékk til varðveislu og ber hún safnmarkið SÁM 1.

Ekki má rugla saman Skarðsbók postulasagna við Skarðsbók Jónsbókar sem er veglegasta handritið sem til er af Jónsbók, lögbók Íslendinga.

### MERKISATBURÐIR

**1700** Sænskur 8.500 manna her sigrar fjórum sinnum stærri her Rússa í orrustunni við Narva.

**1886** Tvö skip frá Reykjavík farast í ofsaveðri og þrettán drukkna.

**1916** Goðafoss strandar í hríðarveðri við Straumnes fyrir norðan Aðalvík á Hornströndum. Mannbjörg verður.

**1939** Vetrarstríðið hefst með því að Sovétríkin gera innrás í Finnland.

**2005** Skurðlæknar í Frakklandi græða nýtt andlit á manneskju í fyrsta sinn í sögunni.

**2007** Kárahnjúkavirkjun er gangsett við formlega athöfn.

---

†



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug sem okkur var sýndur við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, dóttur og ömmu,*

**Gunnhildar Jóhannesdóttur Wæhle**

hjúkrunarfræðings, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Bakkahlíðar og starfsfólks á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Jóna Birna Óskarsdóttir** — **Jón G. Knutsen**
**Hallgrímur Óskarsson** — **Ragnheiður Eiríksdóttir**
**Ásta Óskarsdóttir** — **Karl R. Einarsson**
**Fanney Óskarsdóttir** — **Högni Friðriksson**
**Gunnar Óskarsson** — **Erla Arinbjarnardóttir**
**Birna Ingimarsdóttir**
**Óskar Alfreðsson**
**og ömmubörn**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Guðmundsson**

húsgagnasmíðameistari, Funafold 75, Reykjavík,

sem andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans 25. nóvember s.l., verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Bergþóra Skúladóttir**
**Trausti Sigurðsson** — **Hanna Björk Ragnarsdóttir**
**Stefanía H. Sigurðardóttir**
**Erla Sigurðardóttir**
**Margrét, Snædís og Sólrún Traustadætur**

---

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Helgu Björnsdóttur Árdal**

**Guðný Árdal** — **Björn Árdal**
**Gísli Alfreðsson** — **Kolbrún Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---

**RÍKHARÐUR JÓNSSON KNATTSPYRNUKAPPI:** HEIÐURSBORGARI AKRANESS

# Skagamaður alveg út í gegn

„Þegar ég frétti af þessu þá hélt það nú fyrir mér vöku. Maður rís ekki alveg undir öllu. En maður vonar það og þetta leggst vel í mig. Þetta er mesti heiður sem mér hefur verið sýndur þótt ég hafi á löngum ferli verið krossaður á ýmsan hátt,“ segir Ríkharður Jónsson, málarameistari og fyrrum fótboltakappi með meiru, en hann fær titilinn heiðursborgari Akraness í dag. Athöfnin fer fram klukkan 15.30 í Akraneskirkju.

Ríkharður varð nýlega 79 ára en hann fæddist á Akranesi 12. nóvember 1929 og segist Skagamaður í húð og hár. „Ég hef í raun alið allan aldur minn hér á Akranesi og konan mín, Hallbera G. Leósdóttir, einnig, utan fjögur ár sem ég var við nám í Reykjavík. Ég ólst hér upp og stundaði almenna verkavinnu en það þurftu allir að vinna mikið þá, ekki síður en núna. 1946 var ég svo valinn í landsliðið í fótbolta, fyrstur utanbæjarmanna og aðeins 16 ára gamall.“

Ríkharður lék með landsliðinu í um 20 ár. Lengi átti hann metið í markaskorun en Ríkharður skoraði 17 mörk í 33 leikjum. Hann tók ungur við að þjálfa knattspyrnulið Akraness og sinnti því hátt á annan áratug.

„Við hjónin fórum upp á Skaga árið 1951 þegar ég var búinn að læra og þá tók við þjálfun hér á Akranesi. Ég var rúmlega tvítugur þegar ég fór að þjálfa Akranesliðið en það gekk bara undra vel, ég veit ekki hvort það var vegna þess að þeir þorðu ekki að segja eitt einasta orð en ég var í þessu í ein 19 ár með hléum.“

Ríkharður vann sem málarameistari en auk þess hefur hann meistararéttindi í dúkalögn og bílasprautun. Hann sat því ekki auðum höndum en hann rak bílasprautu og réttingaverkstæði í 20 ár ásamt öðrum. Ríkharður sat í bæjarstjórn Akraness þrjú kjörtímabil og sinnti störfum fyrir bæinn, lengst af sem stjórnarformaður sjúkrahúss Akraness, auk þess sem hann eignaðist stóra fjölskyldu.

„Við eigum fimm börn, fjórar dætur og einn son. Þær eru allar stjórar og sonurinn hagfræðingur úti í Svíþjóð. Barnabörnin eru orðin 22 og 9 langafabörn svo ég er forríkur af fjölskyldu.



**DAGURINN LEGGST VEL Í MIG** Ríkharður Jónsson knattspyrnukappi verður gerður að heiðursborgara Akraness í dag. Hann segir það mesta heiður sem sér hafi verið sýndur en hann hefur alið allan sinn aldur á Akranesi og meðal annars setið í bæjarstjórn. MYND/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON

Fyrir utan þetta allt er mikil hestaheilsa í húsinu sem er ekki minna verð. Ég er alveg viss um að hæfilegt álag á líkamann sé hið besta mál, því lengur sem það gengur. Ég var í stöðugum æfingum alveg frá fermingu, það þýða fimmtíu ár sem endast mér enn.“

Þegar Ríkharður er inntur eftir hápunkti ferils síns sem fótboltamanns nefnir hann daginn þegar hann tók við Íslandsmeistarabikarnum fyrir hönd Skagamanna árið 1951, þá nýfarinn að þjálfa liðið rúmlega tvítugur.

„Þetta er einn af stærstu dögunum í mínu lífi. Við reiknuðum ekki með því að vinna Íslandsmeistaramótið strax í upphafi. Við keyrðum upp á Skaga á mótorbát með bikarinn, karlakórinn söng og bæjarstjórinn og fleiri héldu ræður. Sturlaugur Böðvarsson útgerðarmaður afhenti liðinu 10.000 krónur sem voru miklir peningar í þá daga. Nákvæmlega 50 árum seinna kom bikarinn aftur á Akranes og ótal sinnum á milli. Það hvarflaði ekki að okkur þennan dag að þetta ætti eftir að verða næstum því fastur liður í hálfa öld.“

**heida@frettabladid.is**

---

†



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Katrín L. Hjaltested Hall**

ljósmóðir, áður Lindargötu 57, Reykjavík

lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 22. nóv. sl. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 1. des. nk. kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna eða aðrar líknarstofnanir.

**Frank Pétur Hall** — **Guðlaug Magnúsdóttir**
**Sigurður Lárus Hall** — **Svala Ólafsdóttir**
**Ragnheiður Kristín Hall** — **Sigurður Rúnar Ragnarsson**
**Sigurveig Salvör Hall** — **Gunnar Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Elskulegur faðir okkar, bróðir og afi,*

**Lárus Ingi Kristjánsson**

Bleikargróf 13, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, mánudaginn 1. desember kl. 15.00.

**Eyjólfur Bragi Lárusson**
**Kristjana Rós Lárusdóttir**
**Hrefna Ösp Lárusdóttir**
**Ottó Ingi Lárusson**
**Magnús Haukur Kristjánsson**
**Hilmar Kristjánsson**
**Helga Ragnhildur Kristjánsdóttir**
**Inga Lára Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**

# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

DESEMBER 2008





## NORÐUR EÐA VESTUR Á FÖSTUNNI

Meðan krónan er veik er landsbyggðin sterkur kostur fyrir helgarferð

## JÓLASTEMNING Í KÖBEN

Jólamarkaðir og ómissandi Tívolíferð

# MANNLÍF Í GLJÚFRUNUM

*Iðandi líf allan ársins hring innan um skýjakljúfa og tré*

**+ STOLLEN OG GLÖGG, LÚSÍUHÁTÍÐ Í STOKKHÓLMI OG JÓLABÚÐINGSHLAUP**


## Svæðisleiðsögunám um Reykjavík og nágrenni

innritun stendur yfir

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

www.mk.is

**Almennt um námið**
Námið tekur eina önn og veitir svæðisleiðsöguréttindi. Kennt er þrjú kvöld í viku frá mánudegi til miðvikudags, auk æfingaferða um helgar.

**Inntökuskilyrði**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi. Æskilegt er að hafa gott vald á einu erlendu tungumáli.

**Kennsla hefst mánudaginn 19. janúar.**

Nánari upplýsingar á www.mk.is, í síma: 594 4025 eða á netfanginu: lsk@mk.is



# BORGARFERÐIR LEIKHÚS, TÓNLIST, MARKAÐIR, SKAUTAR, SKÍÐI

Anna Margrét Björnsson skrifar

## JÓL HINGAÐ OG ÞANGAÐ

Flest okkar erum værukær um jólin og finnst ekkert betra en íslensk jól umkringd ástvinum þar sem hefðir og venjur eru negldar niður. Sami jólamaturinn, sama fjölskylduboðið og sama jólaskrautið. Slík jól eru auðvitað yndisleg en stundum er gaman að upplifa hátíðina á öðrum svæðum veraldar. Halda jól á suðurhveli þar sem heimamenn rembast við að borða heitan kalkún í fjörutíu stiga hita og hengja jólaseríur á pálmatré. Eða uppgötva hefðir hinnar kaþólsku Suður-Evrópu sem eru að sumu leyti líkar okkar eigin en að mörgu leyti exótískar. Svo er það auðvitað jólamaturinn sem breytist eftir sérhverju landi sem er heimsótt og ljáir jólunum sinn hátíðlega blæ. Hvernig væri nú að skjótast til nálægrar borgar í aðdraganda jóla og uppgötva hvernig heimamenn komast í jólaskapið? Snæða julefrokost í Kaupmannahöfn og kíkja á jóladýrðina í Tívólínu, smakka á heitum „Mince Pie“ í miðborg Lundúna eða setjast á kirkjubekk og hlusta á yndisfagra tónleika í Sacre-Coeur kirkju Parísarborgar? Hver einasta borg á sér eigið jólaskap og það sem gerir jólin nú svo sammannleg er einmitt að upplifa hversu sterkt við öll tengjumst í gegnum þessa hátíð friðar og kærleiks.

Skrýtnara er að upplifa evrópskar jólahefðir eins og þörfina á jólasveini, snjó og þungum mat á fjarlægum slóðum. Ég man að mér fannst jólin frekar skondin sem ég eyddi í norðurhluta Ástralíu á heitasta tíma þeirrar álfu. Þrátt fyrir að hitinn væri næstum í 45 stigum og að rakinn streymdi í bunum niður eftir veggjunum voru heimamenn að svitna yfir kalkún og kartöflum í ofninum og koníaksleginni rúsínutertu að breskum sið. Í búðargluggum var búið að úða gervisnjó og setja jólasveina um allt, klædda í heita rauða loðgalla og stígvél. Meira að segja hreindýrasleðinn var væntanlegur á þessar regnskógaslóðir.

Þeir sem ferðast ekki til útlanda í desember gætu þó ferðast í huganum með því að prófa matargerð annarra landa. Hvers vegna að festast í hangikjöti, rjúpum og piparkökum þegar það er óneitanlega frumlegra að prufa að skella í bresk ávaxtapæ (mince pie), franska jólaköku eða heitan kryddaðan eplasafa að bandarískum sið sem er upplagður í sumarbústaðinn? En hvað sem þið gerið í desembermánuði óska ég ykkur góðrar ferðar og njótið hátíðarinnar!

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* **Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd** Manhattan New York. Mynd eftir Gunnar V. Andrésson **Pennar** Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Kjartan Guðmundsson og Svanborg Sigmarsdóttir **Ljósmyndir** Fréttablaðið, Getty Images **Auglýsingar** Benedikt Jónsson benediktj@365.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is

Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Alltaf ódýrast á netinu
www.flugfelag.is




„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is



**Aðventan innanlands** Enginn er svikinn af því að skjótast til Akureyrar eða Ísafjarðar og njóta þar jólastemmningar á aðventunni.





# AÐVENTAN Á AKUREYRI OG ÍSAFIRÐI

**Helgarferð út á land er tilvalin leið til að koma sér í jólaskapið. Á Akureyri og Ísafirði eru tónleikar, listsýningar, markaðir, leiksýningar og jafnvel tækifæri til skíðaiðkunar.**

Helgarferðir til útlanda eru ekki á allra færi þessa aðventuna. En það er ekki þar með sagt að allir þurfi að dúsa heima í kotinu. Í aðdraganda jóla er nóg um að vera um allt land. Helgarferð til Akureyrar eða Ísafjarðar er tilvalin leið til að krækja sér í jólaandann.

Nú er Ísafjörður kominn í jólafötin, jólatréð hefur verið tendrað og ekkert sem stoppar Ísfirðinga í jólalátunum. Elfar Logi Hannesson, sem rekur Kómedíuleikhúsið, segir endalausa möguleika í skemmtunum á Ísafirði fyrir jólin. „Já, heldur betur. Desember er til dæmis gósentíð kóranna hér, barnakórinn, Valkyrjurnar og karlakórinn standa allir fyrir tónleikum fyrir jólin. Svo verða Jólatónleikar tónlistarskólans alla daga frá 8. til 16. desember, þar sem allir nemendur tónlistarskólans, frá krökkum upp í öldunga, troða upp.“

Af öðru má nefna Abba-sýningu á Café Edinborg og söng- og leikdagskrá á Hótel Ísafirði, byggða á verkum bræðranna Jónasar og Jóns Múla Árnasona. Skíðabrekkurnar eru í óða önn að hlaða á sig snjó á ný eftir hlákuna nýverið og eru heimamenn staðráðnir í að aðventan verði góð til skíðaiðkunar. Og Í Tjöruhúsinu er Kómedíuleikhúsið með leiksýninguna Jólasveinar Grýlusynir, eftir Elfar Loga og Soffíu Vagnsdóttur.

Akureyri er engin eftirbátur Ísafjarðar í jólaundirbúningnum. Þangað er líka hægt að sækja hvað sem er, hvort sem hugurinn stendur til afslöppunar eða skemmtunar, heilsuræktar eða menningar. Til að auðvelda fólki valið heldur starfsfólk Akureyrarstofu utan um dagskrá undir heitinu Aðventuævintýri 2008. Í dagskránni, sem nálgast má á vefslóðinni www.visitakureyri.is, kennir ýmissa grasa.

BÓKAÐU NÚNA

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur aðventutónleika sína laugardaginn 6. nóvember klukkan sex. Á Listasafni Akureyrar stendur yfir sýningin Orð guðs, þar sem sex listamenn eiga verk sem fjalla um og vekja upp spurningar um ýmsa þætti kristinnar trúar.

Af öðru má nefna „Baulaðu nú Búkolla mín” hádegisverðarhlaðborð beint frá býlinu í Vogafjósi og leiksýninguna Lápur, Skrápur og jólaskapið sem sýnd er í Rýminu. Þessu til viðbótar eru markaðir, tónleikar, leiksýningar og fleira. Af nógu er að taka. Það er því tilvalið fyrir þá sem hafa þörf fyrir tilbreytingu að skreppa norður og njóta lífsins í vetrarparadísinni.

## HEIMAMAÐURINN ▸ Liverpool

*INGI ÞÓR JÓNSSON,* FRAMKVÆMDASTJÓRI NORRÆNU LISTAHÁTÍÐARINNAR NICE08



**UPPÁHALDSVEITINGASTAÐUR:** Piccolino's í miðborg Liverpool. Alveg drauma ítalskur veitingastaður. Ég fer með alla listamennina sem ég vinn með á þennan stað (eða læt þá bjóða mér).

**UPPÁHALDSBARINN:** Hvítvínsglas á Bluecoat-veitingastaðnum eftir langan dag gerir trikkið.

**SKEMMTILEGASTA HVERFIÐ:** Án nokkurs vafa Aigburth-hverfið þar sem ég á heima. Hverfið er við Mersey-ána og litlir og sætir barir og veitingastaðir alls staðar. Einnig er Woolton-hverfið, rétt hjá Strawberry Fields, eins og konfektkassi.

**EKKI MISSA AF:** Liverpool býður upp á fleiri tónleika og skemmtanir í dag heldur en nokkur önnur borg í Bretlandi. Endalausir möguleikar og alltaf eitthvað nýtt og „groundbreaking“.






Fiton/SÍA

# Vetrarfrí!

## Heimsborgir, skíði og sólarstrendur

Langar þig að eiga huggulegar stundir í jóla- og áramótastemningu í útlöndum eða byrja nýtt ár á spennandi og ferskum slóðum? Iceland Express býður flug til sex ólíkra og skemmtilegra áfangastaða á frábæru verði.

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

**Börn:**

**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express
með ánægju










www.icelandexpress.is

# JÓLASTEMMNING Í KAUPMANNAHÖFN

**Það er fátt eins jólalegt og Tívolí í Kaupmannahöfn á aðventunni, en jólastemninguna er að finna víðar í borginni. Hægt er að skella sér á einn af fjölmörgum jólamörkuðum sem þar er að finna, fara á skauta eða skoða hvernig jólin voru haldin hátíðleg á árum og öldum áður.**

Það er fátt eins jólalegt og Tívolí í Kaupmannahöfn á aðventunni. Auk ljósaskreytinga eftir John Loring, aðalhönnuð Tiffany´s, eru sex þúsund metrar af ljósum sem skreyta byggingar og jólatré í garðinum. Þá er Tívolí stútfullt af litlum jólamarkaðskofum, þar sem hægt er að finna mjög svo danskar jólaskreytingar í öllum verðflokkum, fá sér heitt kakó, eplaskífur eða ristaðar möndlur.

Þeir sem ætla í Tívolí ættu að skoða dagskrána á tivoli.dk. Þar er hægt að finna upplýsingar um sýningar á aðventunni og kaupa miða. Fram til 14. desember verður sérstök hip hop útgáfa af hinum klassíska Hnotubrjóti á dagskrá á föstudögum, laugardögum og sunnudögum.

Allmörg skautasvell verða opnuð í desember, ef veður leyfir. Þekktast er líklega svellið á Kóngsins Nýjatorgi, en þar, eins og á öðrum skautasvellum, er hægt að leigja sér skauta og njóta jólaljósanna í kring á meðan skautað er.

Fyrir þá sem vilja skoða öllu litríkari og óvenjulegri jólamarkað er um að gera að skella sér til Kristjaníu þar sem jólamarkaður verður opinn til 20. desember.

Fyrir þá sem vilja fá hugmyndir að borðskreytingum þessi jólin er um að gera að líta við á 45. sýningu Royal Copenhagen á jólaborðum. Þetta árið er þemað kastalar og herragarðar, og var danskur aðall fenginn til að skreyta borðin sem eru til sýnis í aðalverslun Royal Copenhagen á Strikinu.

Það eru ekki bara jól í Kaupmannahöfn. Á Frilandsmuseet í Lyngby, norður af Kaupmannahöfn, verður næstu tvær helgar hægt að sjá hvernig Danir héldu jólin á öldum áður. Safnið saman stendur af gömlum húsum frá ýmsum tímum. Því er lokað klukkan hálf fjögur á daginn en aðgangur er ókeypis.

Enn norðar er Helsingjaeyri þar sem jólamarkaður er haldinn á Axeltorv. Sá markaður verður opinn fram til 21. desember. Þar má finna rúmlega þrjátíu söluaðila sem selja allt frá vettlingum eða jólaálfum upp í skartgripi og leirtau. Þá er á Axeltorv skautasvell, parísarhjól og hringekja. *- ss*



FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRGUNNUR

**Strikið** Vel þekktur verslunarstaður Íslendinga, en það er vel þess virði að kíkja aðeins út fyrir aðalgötuna og skoða litlu sérbúðirnar sem þar er að finna.



**Á jólamarkaði í Tívolí** Hægt er að finna jólaskraut, jólagóðgæti og jafnvel jólaskapið ef vel er leitað. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRGUNNUR



**Á skautum** Það er ekki hægt að komast hjá hátíðarstemmningu þar sem verið er að renna sér á skautum á Köngsins-Nýjatorgi innan um öll jólaljósin. NORDICPHOTOS/AFP


Traustur íslenskur ferðafélagi



JÓLAGJÖFIN SEM FLÝGUR ÚT

JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

EVRÓPA

LONDON, MANCHESTER, OSLÓ, KAUPMANNAHÖFN, STOKKHÓLMUR

| | | |
|---|---|---|
| Economy Class | 26.900 | kr.* |
| Economy Comfort | 59.900 | kr.* |
| Saga Class | 89.900 | kr.* |

AMSTERDAM, FRANKFURT, PARÍS

| | | |
|---|---|---|
| Economy Class | 29.900 | kr.* |
| Economy Comfort | 69.900 | kr.* |
| Saga Class | 99.900 | kr.* |

BANDARÍKIN

BOSTON, NEW YORK

| | | |
|---|---|---|
| Economy Class | 49.900 | kr.* |
| Economy Comfort | 89.900 | kr.* |
| Saga Class | 129.900 | kr.* |

Barnaafsláttur á Economy Class er 25%.

**Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 31. mars 2009. Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld með Icelandair.**

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is

WWW.ICELANDAIR.IS

Safnaðu Vildarpunktum VISA Ferðaávísun gildir

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2008 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 23. jan. 2009. Jólapakkatilboð gildir til Boston, New York, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, London, Manchester, Frankfurt, Parísar og Amsterdam. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–11.200 Vildarpunkta.

## BÚFRÆÐINGUR EÐA ÁHUGASAMUR

skepnuhirðir óskast til starfa við tæknivætt svínabú. Um er að ræða framtíðarstarf.

**Áhugasamir vinsamlegast sendi upplýsingar um sig og fyrri störf á ggg@simnet.is**

## LÖGMAÐUR

réttur

Réttur/Aðalsteinsson&Partners leitar að lögmanni til starfa.

Málflutningsstofan sinnir m.a. málum á sviði stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar, eignaréttar, fjármunaréttar, félagaréttar, samkeppnisréttar, auk flutnings einkamála og sakamála fyrir dómstólum. Frekari upplýsingar um stofuna eru að finna á heimasíðu okkar www.rettur.is

Hæfniskröfur:
- Embættis-eða meistarapróf í lögfræði
- Fullt vald á íslensku og góð enskukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Starfsreynsla og málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Áhugasamir sendi umsóknir á skrifstofu okkar að Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, fyrir 15. desember 2008. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.






## Viltu vera í okkar liði?

Vörustjórnunarsvið Actavis hf. auglýsir tvö störf laus til umsóknar.
Actavis hf. er dótturfyrirtæki Actavis Group og er með um 270 starfsmenn.
Á vörustjórnunarsviði eru 16 starfsmenn.

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

### Deildarstjóri þjónustudeildar

Um er að ræða nýja deild á vörustjórnunarsviði og hlutverk hennar er að þjónusta fyrirtæki innan Actavis Group, ásamt því að eiga samskipti við þjónustufulltrúa fyrirtækja utan samstæðunnar.

**Starfið felur í sér eftirfarandi þætti:**
- Uppbyggingu og viðhald tengsla við lykilviðskiptavini
- Bein samskipti við viðskiptavini innan Actavis Group
- Móttöku pantana og svörun fyrirspurna um afhendingu vöru
- Samvinnu við aðrar deildir vörustjórnunarsviðs vegna áætlanagerðar og innkaupa
- Umsjón með samningum við viðskiptavini og eftirlit með því að þeir séu uppfylltir
- Uppbyggingu og viðhald mælikvarða varðandi þjónustu við viðskiptavini
- Uppbyggingu þjónustukerfa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði alþjóðaviðskipta eða sambærileg menntun
- Víðtæk reynsla af þjónustu og samskiptum við viðskiptavini
- Mjög góð samskiptahæfni, samningatækni og úrlausnargeta
- Árangursmiðað viðhorf og drifkraftur
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

### Sérfræðingur í gagnagreiningu

Sérfræðingur í gagnagreiningu heyrir beint undir sviðsstjóra vörustjórnunarsviðs og vinnur þvert á deildir innan sviðsins auk samvinnu við önnur svið fyrirtækisins, svo sem framleiðslu- og fjármálasvið.

**Starfið felur í sér eftirfarandi þætti:**
- Greiningu, úrvinnslu og framsetningu gagna
- Uppsetningu spálíkana fyrir sölu
- Framleiðslu- og birgðastýringu
- Önnur tölfræðiverkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Þekking á innkaupum og stýringu virðiskeðju
- Þekking og reynsla af ferlum og gæðavinnu
- Sjálfstæð, skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og mjög góð samskiptahæfni
- Mjög góð enskukunnátta

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Nánari upplýsingar veitir **Hildur A. Ólafsdóttir, holafsdottir@actavis.com.**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **7. desember nk.**

actavis

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

LAZY TOWN

## LATIBÆR ÓSKAR EFTIR
# VIÐSKIPTAFRÆÐINGI

***Starfslýsing***:
Uppgjörsvinna, áætlanagerð, verkbókhald og kostnaðareftirlit

***Hæfniskröfur:***
- A.m.k. 3 ára háskólamenntun í viðskiptafræði
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla af endurskoðunarskrifstofu eða sambærilegu starfi
- Heiðarleiki og mikill metnaður til að ná árangri í starfi
- Mjög gott vald á rituðri og talaðri ensku
- Löggilding í endurskoðun er kostur
- Reynsla af Navision Financials og verkbókhaldi
- Reynsla af alþjóðlegum samskiptum er kostur

Latibær er ört vaxandi alþjóðlegt fyrirtæki sem framleiðir og dreifir barnaefni út um allan heim og selur afnot af vörumerkinu á vörur og þjónustu í kjölfarið. Vegna aukinna umsvifa leitum við að framúrskarandi einstaklingi til að ganga til liðs við okkar öfluga teymi.

**Áhugasamir sendi umsókn á job@lazytown.com fyrir miðvikudaginn 12. desember 2008. Fyllsta trúnaðar verður gætt.**

www.lazytown.com

LAZY TOWN

# LAWYER
## (full or part time, Iceland office)

LazyTown's Legal & Business Affairs department works on a broad variety of projects including intellectual property law, international contract law, entertainment law and licensing throughout the world.

We are looking for a lawyer ideally with at least 2 years post qualification experience in a leading firm or international company in one or more of the areas that we handle. Due to the international flavor of our work we welcome applications from lawyers in jurisdictions such as Iceland, the UK, the USA and Canada. In all cases you should have first class legal ability coupled with a practical commercial approach, excellent drafting and communication skills in the English language and enjoy being part of a friendly outgoing team.

**We are looking for people who:**
- **can demonstrate a keen interest and enthusiasm to understand our priorities;**
- **are self-starters but also team players ready to help others and contribute to the overall success;**
- **listen, question and deliver; and**
- **are reliable and responsive, who can put the needs of the company first.**

Please submit your application in English to job@lazytown.com or LazyTown Entertainment, Legal & Business Affairs, Miðhraun 4, 210 Garðabær, Iceland until 12 December 2008. For more information please go to www.lazytown.biz <http://www.lazytown.biz> or call +354 590 1700.

BioPol Háskólinn á Akureyri

# Sérfræðingur
## á sviði líftækni eða líffræði

BioPol ehf., Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd og Háskólinn á Akureyri óska eftir að ráða sérfræðing á sviði líftækni, líffræði eða einstakling með sambærilega menntun. Umsækjanda er ætlað að stunda rannsóknir og kennslu á sviði sjávarlíftækni. Sérstaklega er horft til rannsókna á örverum, dýra- og plöntusvifi með hagnýtingu í huga. Einnig er viðkomandi ætlað að móta og byggja upp frekari rannsóknir á þessu sviði. Starfsstöð umsækjanda verður á Skagaströnd.

Hæfniskröfur:
- Meistara eða doktorspróf í fyrrgreindum fræðigreinum.
- Reynsla af rekstri og uppsetningu rannsóknaverkefna.
- Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist BioPol ehf., Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd. Hæfi umsækjanda verður metið eftir reglum Háskólans á Akureyri.

Nánari upplýsingar veitir Hjörleifur Einarsson hei@unak.is prófessor við Háskólann á Akureyri í síma 460-8502 og Halldór G. Ólafsson halldor@biopol.is framkvæmdastjóri í síma 452-2977 eða 896-7977

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SÖRLI ÍÞRÓTT • LÍFSSTÍLL

## Starf yfirþjálfara hestaíþrótta

Hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði auglýsir starf yfirþjálfara hestaíþrótta til umsóknar. Umsóknarfrestur er til föstudagsins 10. desember.

**Starfið**
Yfirþjálfari félagsins skipuleggur fræðslu og þjálfun allra aldursflokka í samstarfi við stjórn og nefndir félagsins. Áhersla verður lögð á uppbyggingu og þróun íþróttaþjálfunar æskulýðs. Starfið er nýtt og starfsmaður mun hafa mikil áhrif á mótun þess. Hann mun taka ríkan þátt í stefnumótun félagsins. Til daglegra starfa heyra bók- og verkleg þjálfun, uppsetning fræðsludagskrár, námskeiða, samskipti við gestaþjálfara, fyrirlestrahald o.fl. Starfið er hlutastarf.

**Umsækjandi**
Starf yfirþjálfara Sörla hentar einstaklingi með brennandi áhuga á þjálfun og fræðslu á sviði hestamennsku. Framsýni, metnaður, hugmyndaauðgi ásamt skipulags- og samstarfs-hæfileikum eru nauðsynlegir kostir til að móta þetta nýja starf.

Yfirþjálfari skal vera menntaður reiðkennari.

**Félagið**
Hestamannafélagið Sörli er í Hafnarfirði og er næst stærsta hestamannafélag landsins. Á athafnasvæði félagsins eru góðar reiðleiðir, tveir hringvellir, 300 m hlaupabraut, reiðskemma og félagsheimili. Metnaður félagsins er að vera í fremstu röð í íþrótta- og æskulýðsstarfi á sviði hestamennsku.

**Skriflega umsókn ásamt ferilskrá skal senda fyrir 10. desember á heimilisfangið:**

**Hestamannafélagið Sörli**
**Pósthólf 65**
**222 Hafnarfjörður**

Einnig má senda umsókn á netfangið sorli@sorli.is. Upplýsinga má leita í síma 5652919.

Fyrri umsækjendur eru hvattir til að endurnýja umsóknir sínar.

Stjórn Hestamannafélagsins Sörla

RAUÐARÁ
RESTAURANT

## Yfirmatreiðslumeistari

Okkur vantar yfirmatreiðslumeistara. Reynsla, sjálfstæði og fagmennska skilyrði.

**Upplýsingar í síma: 820-8850**


Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið


# Kvöldskóli Véltækniskólans



## Vélstjórnarnám til A réttinda (750 kW)

Námsskipulag 2009 - 2010

| vor | haust | vor | haust |
|---|---|---|---|
| HBF1011 | HSK1222 | MLS2222 | RAF3233 |
| MLS1222 | KÆL1322 | RAF2233 | VFR1233 |
| RAF1233 | SMÍ1244 | VST2044 | VIR1244 |
| VST1033 | STÝ1222 | | |

Þeir sem lokið hafa 1. stigi vélstjórnar bæta við sig eftirfarandi áföngum til að öðlast A réttindi (VV réttindi $\leq$ 750 kW ):
HBF 101, HSK 122, KÆL 132, STÝ 122, MLS 222, RAF 223, RAF 323, VFR 123, VIR 124

Innritun í kvöldskóla stendur nú yfir á www.tskoli.is. Upplýsingar um námið gefur Egill Guðmundsson, skólastjóri Véltækniskólans, egud@tskoli.is.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Sími: 514 9000 www.tskoli.is

# Stjórnunarstöður hjá Veðurstofu Íslands

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

VATNA MÆLINGAR

Þann 11. júní 2008 gengu í gildi lög um nýja stofnun, Veðurstofu Íslands og tekur hún til starfa 1. janúar 2009. Stofnunin tekur við verkefnum Vatnamælinga og Veðurstofu Íslands og mun viðfangsefni hennar beinast að eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, snjó og jöklum, jörð og hafi.

Með nýrri stofnun um verkefni Veðurstofu og Vatnamælinga er ekki aðeins stefnt að samrekstri núverandi verkefna, heldur er einnig stefnt að því að móta hlutverk stofnunarinnar með nýjum og heildstæðum hætti. Helsta hlutverk stofnunarinnar er að afla, varðveita, vinna úr og miðla upplýsingum um eðlisþætti jarðar. Jafnframt að stunda rannsóknir og veita þjónustu um verkefni á starfssviði sínu. Þessi þekking á eðlisþáttum jarðar á að stuðla að auknu öryggi almennings og eigna vegna náttúruvár og stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúrunnar.

Hjá nýrri stofnun Veðurstofu Íslands mun starfa öflugur hópur fagmanna og vísindamanna og má gera ráð fyrir að starfsmannafjöldi verði um 120. Undirbúningur að nýrri stofnun hefur staðið yfir undanfarna mánuði.

Veðurstofa Íslands heyrir undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

## Yfirverkefnastjórn – Náttúruvá

### Helstu verkefni og starfsábyrgð

- Stjórn og ábyrgð verkefna í samráði við forstjóra og sviðsstjóra
- Hefur umsjón með verkefnum sem ná til jarðrænnar vár
- Hefur umsjón með og sinnir formlegu hættumati á náttúruvá og sér til þess að vaktanir og viðvaranir séu virkar
- Sinnir lögbundnu hlutverki um viðvaranir þar sem það á við
- Vinnur í nánu samstarfi við viðbragðsaðila
- Gerir verksamninga við viðskiptavini þar sem það á við og fylgist með afkomu verkefna
- Sér til þess að þekking á viðfangsefninu sé til staðar eins og aðstæður og fjármagn leyfir hverju sinni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði verkfræði eða náttúruvísinda– framhaldsmenntun áskilin
- Þekking og reynsla af rannsóknum á náttúruvá og hættumati og stjórnun verkefna innan náttúru- og raunvísinda
- Stjórnunarhæfileikar, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu talna og gagna
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Kunnátta í ensku mikilvæg
- Önnur reynsla sem nýtist í starfi

## Yfirverkefnastjórn – Rannsóknir

### Helstu verkefni og starfsábyrgð:

- Stjórn og ábyrgð rannsóknarverkefna í samráði við forstjóra, sviðsstjóra og verkefnisstjóra rannsóknarverkefna
- Hefur umsjón með rannsóknarverkefnum er varða viðfangsefni stofnunarinnar í samráði við verkefnisstjóra rannsóknarverkefna og fylgist með afkomu þeirra
- Vinnur að fjármögnun rannsóknarverkefna í samráði við forstjóra, fjármálastjóra og verkefnisstjóra rannsóknarverkefna
- Gerir verksamninga við viðskiptavini
- Sér til þess að þekking á viðfangsefninu sé til staðar eins og aðstæður og fjármagn leyfir hverju sinni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Doktorspróf á sviði verkfræði eða náttúruvísinda
- Þekking og reynsla af rannsóknum og stjórnun verkefna innan náttúru- og raunvísinda
- Stjórnunarhæfileikar, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu talna og gagna
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Kunnátta í ensku er mikilvæg
- Önnur reynsla sem nýtist í starfi

## Yfirverkefnastjórn – Afurðir

### Helstu verkefni og starfsábyrgð:

- Stjórn og ábyrgð verkefna í samráði við forstjóra og sviðsstjóra
- Hefur umsjón með verkefnum sem snúa að þróun söluafurða og þjónustu sem byggja á þekkingu stofnunarinnar.
- Gerir samninga um þjónustu við viðskiptavini í samráði við sviðsstjóra
- Fylgist með þörfum markhópa og er í reglulegu sambandi við viðskiptavini

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi – framhaldsnám æskilegt
- Þekking og reynsla af þjónustu- og markaðsstörfum og sölu verkefna
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Kunnátta í ensku er mikilvæg
- Önnur starfsreynsla sem nýtist í starfi

## Sviðsstjóri – Far

### Helstu verkefni og starfsábyrgð:

- Stjórn og ábyrgð verkefna og starfsmanna á sviðinu í samráði við forstjóra
- Hefur umsjón með og fylgist með afkomu verkefna á sviðum veðurfars, vatnafars, jarðfars og haffars og samþættingu þeirra
- Skipuleggur og samhæfir verkefni innan sviðsins og vinnur í samráði við aðra stjórnendur að forgangsröðun verkefna, með það að markmiði að nýta mannauð og fjármagn sem best
- Gerir samninga við viðskiptavini og önnur svið um verkefni
- Sér til þess að reglubundnum verkefnum og rannsóknarverkefnum sé sinnt með viðeigandi hætti
- Ber ábyrgð á símenntun og starfsþróun starfsmanna sviðsins í samráði við mannauðsstjóra.

## Sviðsstjóri – Samtímaeftirlit og spár

### Helstu verkefni og starfsábyrgð:

- Stjórn og ábyrgð verkefna og starfsmanna á sviðinu í samráði við forstjóra
- Hefur umsjón með spám og vöktun, en þar er vísað til veðurs-, ofanflóða- og flóðaspáa og vöktunar veðurs, flóða, jarðskjálfta og eldgosa
- Sér til þess að unnið sé skipulega úr skilgreindum váboðum og uppfærsla váboða sé unnin reglulega
- Viðheldur nánu sambandi og samskiptum við skilgreinda viðtakendur þannig að spám er varða almannaheill sé án hnökra komið til viðeigandi aðila á réttum tíma
- Gerir samninga við viðskiptavini og önnur svið um verkefni og fylgist með afkomu þeirra
- Ber ábyrgð á símenntun og starfsþróun starfsmanna sviðsins í samráði við mannauðsstjóra

### Menntunar- og hæfniskröfur (fyrir sviðsstjóra Fars og Samtímaeftirlits og spáa):

- Háskólapróf á sviði verkfræði eða náttúruvísinda – framhaldsmenntun áskilin
- Þekking og reynsla af rannsóknum og stjórnun verkefna innan náttúru- og raunvísinda
- Stjórnunarhæfileikar, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Kunnátta í ensku er mikilvæg
- Önnur starfsreynsla sem nýtist í starfi

## Sviðsstjóri – Athuganir og mælakerfi

### Helstu verkefni og starfsábyrgð:

- Stjórn og ábyrgð verkefna og starfsmanna á sviðinu í samráði við forstjóra
- Hefur yfirumsjón með samþættingu athugana og mælakerfa. Gerir samninga við viðskipavini og önnur svið um verkefni og fylgist með afkomu þeirra
- Sér til þess að skilgreining á mælakerfum sé skýr þar sem starfsemin snýst um kerfisrekstur, frumúrvinnslu og afhendingu gagna
- Sér til þess að mælabúnaðar sé í sem bestu ásigkomulagi á hverjum tíma og að fjármögnun sé tryggð til að fullnægja daglegum rekstri og endurnýjunarþörf
- Ber ábyrgð á símenntun og starfsþróun starfsmanna sviðsins í samráði við mannauðsstjóra.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla á sviði mælakerfareksturs
- Gott vald á úrvinnslu talna og gagna
- Stjórnunarhæfileikar, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Önnur reynsla sem nýtist í starfi

*Þessi störf eru ný í því skipulagi Veðurstofu Íslands sem tekur gildi 1. janúar 2009. Möguleikar eru á að hafa áhrif á þróun og mótun þessara starfa innan nýrrar stofnunar og því mikilvægt að þeir einstaklingar sem ráðnir verða geti hafið störf sem fyrst.*

*Laun eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.*

*Þórður S. Óskarsson og Kristján B. Einarsson hjá Intellecta veita nánari upplýsingar um þessi störf í síma 511 1225.*

*Umsóknir sendist til Intellecta á neðangreint heimilisfang eða á kristjan@intellecta.is til og með 14. desember 2008. Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjendur hafa tekist á við á undanförnum árum og sem þeir telja að koma muni að gagni í því starfi sem sótt er um.*

*Þessi störf eru einnig auglýst á www. starfatorg.is*

*Öllum umsóknum er svarað.*

intellecta

**Síðumúla 5 | 108 Reykjavík**
**sími 511 1225 | fax 511 1226**
**intellecta@intellecta.is**
**www.intellecta.is**

Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar
Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg
símar: 5959100 5959130

## Heimaþjónusta

Okkur á Seltjarnarnesi vantar starfsmann í 50 - 60% starf við félagslega heimaþjónustu.

**Hæfniskröfur:**
- Færni í mannlegumsamskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á velferðarþjónustu
- Starfsmaður þarf að hafa bíl til umráða

**Nánari upplýsingar um starfið veitir**
Anna Kristín Guðmannsdóttir deildarstjóri
sími 8229110 annag@seltjarnarnes.is

ÁS STYRKTARFÉLAG

## HAUSTFUNDUR FÉLAGSINS

verður haldinn á Grand hóteli miðvikudaginn 3. desember frá kl. 8.30 – 10.30. Sagt frá niðurstöðum könnunar, sem félagið stóð fyrir veturinn 2007 – 2008, á högum fólks með þroskahömlun 45 ára og eldra.

Félagsmenn og annað áhugafólk velkomið.

***Léttur morgunverður***

Stjórnin

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
við Skólabraut, 210 Garðabæ, sími 520-1600, fax 565-1957,
vefslóð: http:www.fg.is netfang: fg@fg.is

## Iðnaðarmenn o.fl.

Bjóðum upp á viðbótarnám til stúdentsprófs.
Hentar öllum sem lokið hafa iðnmenntun.
Höfum reynslu og þekkingu til að hjálpa fullorðnu fólki að bæta við sig námi í dagskóla og/eða fjarnámi.

Innritun fyrir vorönn 2009 stendur yfir og lýkur 12. des. nk.

Skrifstofa skólans er opin virka daga kl. 8 – 15.
Svarað í síma 520 1600 kl. 8.00 - 16.00.
Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á fg@fg.is

### Námsframboð

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs
Listnám
Starfsnám
Almennt nám

### *Ýmsir séráfangar*

Í boði eru ýmsir gagnlegir séráfangar, s.s. í hestamennsku, fjölmiðlun, leiklist, kór, margmiðlun, upplýsingatækni, hönnun, fatatísku o.fl.

### Fjarnám í FG

Boðið er upp á fjarnám í bóklegum greinum.
Innritun fyrir vorönn 2009 lýkur 10. jan nk.
Allar nánari upplýsingar um áfanga í boði, verðskrá o.fl. eru á heimasíðu skólans:
http://www.fg.is og hjá fjarkennslustjóra: svavarb@fg.is
Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans.

Námsráðgjafar og stjórnendur eru til viðtals og aðstoða nemendur við námsval.

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga kl. 8.00 – 15.00.
Símanúmerið er 520 1600.
Netfang: fg@fg.is

**Skólameistari.**

# Leikskólar stúdenta

## Leitum að deildarstjórum og leikskólakennurum

Nú eru spennandi tímar hjá Leikskólum stúdenta því verið er að innleiða sameiginlega námsstefnu skólanna í anda High/Scope stefnunnar. Við leitum að fagfólki sem hefur áhuga á að taka þátt í metnaðarfullu frumkvöðlastarfi og mótun nýrrar stefnu fyrir Sólgarð og Leikgarð sem eru leikskólar fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Stephensen, netfang sigridur@fs.is, s. 5 700 700

FS

**Félagsstofnun stúdenta** er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar við Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta, Stúdentamiðlun og Hámu. Starfsmenn FS eru um 120 talsins.

**Félagsstofnun stúdenta á og rekur leikskóla fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands.** Leikskólarnir eru Leikgarður, Mánagarður og Sólgarður. FS er með virka starfsmannastefnu. Starfsfólk leikskólanna nýtur sömu kjara og starfsfólk almennra leikskóla og að auki sömu hlunninda og annað starfsfólk FS. Í skólunum stendur nú yfir vinna við að innleiða High/Scope-stefnuna sem leggur ríka áherslu á virkt nám.

# ÖRYGGISGÆSLA Í DESEMBER

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaupum starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Samkvæmt könnun VR, Fyrirtæki ársins 2006, eru ánægðustu starfsmenn í stórmörkuðum og matvöruverslunum landsins í Hagkaupum.

Hagkaup óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaups. Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaups víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.

Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti (oryggi@hagar.is) fyrir 5. des.
Allar nánari upplýsingar veitir Gunnar Lárusson í síma 530 5528.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

EFF
FASTEIGN HF

# HLJÓMAHÖLLIN

**Tónlistar- og ráðstefnuhús Reykjanesbæ**

## LÓÐARFRÁGANGUR

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. (EFF) í samvinnu við Reykjanesbæ byggir Hljómahöllina í Reykjanesbæ. Um er að ræða endurbætur á núverandi húsnæði Stapans og viðbyggingu við hann. Byggingunni er m.a. ætlað að hýsa tónlistarskóla og poppminjasafn og vera í senn tónlistar- og ráðstefnuhús sem gengur undir nafninu "Hljómahöllin".

**Verkefninu er skipt í tvo megin þætti:**
**1. Áfangi : Endurbætur á núverandi húsnæði - Stapanum: 1094m².**
**2. Áfangi : Viðbygging við núverandi húsnæði : 4016m².**

**Hér með er auglýst eftir undirverktökum til að taka þátt í útboði um undirverktöku á eftirtöldum verkhlutum :**

- **Útboð 828 : Lóðarfrágangur**

Framkvæmdir við verkið hófust í febrúar sl. og verður lokið í júní 2009. Það er verktakafyrirtækið Atafl sem fer með aðalverktöku í verkinu og umsjón með einstökum verkhlutum og undirverktökum. Atafl fer með stjórn á vinnustað og ber ábyrgð á verkinu í heild gagnvart verkkaupa.

Verktakafyrirtæki sem hafa áhuga á að bjóða í ofangreinda verkhluta geta nálgast útboðsgögn á skrifstofu THG, Faxafeni 9, frá og með 2.desember 2008 kl. 14:00. Einnig er hægt að senda netpóst til magnus@thg.is með ósk um aðgang að útboðsgögnum á verkefnavef verksins.

Frekari upplýsingar er að finna í útboðsgögnunum.

Tilboðum skal skilað til THG, Faxafeni 9 eigi síðar en þann 16. desember 2008 kl. 11:00 og fer þá fram opnun.

# ERTU RÉTTUR MAÐUR Á RÉTTUM STAÐ?

Kíktu á www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Til leigu

# SÆLINGSDALSTUNGA
## til leigu og/eða sölu

**Búskapur og/eða önnur starfsemi:**
Hluti jarðarinnar Sælingsdalstungu (ekki frístundasvæði né fjalllendi) er til leigu eða sölu. Um er að ræða 270 hektara jörð sem getur hentað til búskapar, ferðaþjónustu eða sambærilegrar starfsemi. Tilboðsgjafar skulu í tilboðum sínum gera grein fyrir þeirri starfsemi sem þeir hyggjast stunda á jörðinni en hún skal samræmast þeirri starfsemi sem er í næsta nágrenni og samrýmast markmiðum Dalabyggðar með ráðstöfun jarðarhlutans sem er atvinnusköpun í Dalabyggð.

**Frístundasvæði:**
Til sölu er hluti jarðarinnar Sælingsdalstungu, Dalabyggð, þ.e. sá hluti hennar sem hefur verið skipulagður undir frístundahúsabyggð en það eru 105 hektarar og liggur nálægt Laugum í Sælingsdal. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er þar gert ráð fyrir 54 frístundahúsum. Svæðið verður selt í núverandi ástandi en m.a. er eftir leggja vatnsveitu og vegi að mestu leyti. Væntanlegur kaupandi skal hefja framkvæmdir á svæðinu innan 16 mánaða frá undirritun kaupsamnings og innan þriggja ára skal a.m.k. helmingur svæðisins vera uppbyggt. Í kaupsamningi verður kveðið á um heimild seljanda til að rifta kaupum verði ekki staðið við umsamda skilmála.

Tilboðum skal skilað í síðasta lagi 20. desember 2008 á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal. Dalabyggð áskilur sér rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum en við mat á tilboðum verður sérstaklega litið til þess hvort markmið Dalabyggðar með ráðstöfun á þessum jarðarhlutum nái fram að ganga með því að samþykkja framkomið tilboð.

**Allar nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 4307400 og á netpósti: grimur@dalir.is**

**Grímur Atlason, sveitarstjóri.**

## Tilkynningar

# VSÓ RÁÐGJÖF
50 ÁRA 1958 – 2008

## Landslagsgreining í tengslum við skipulagsvinnu sveitarfélaga

Í tilefni 50 ára afmælis VSÓ Ráðgjafar býður fyrirtækið til morgunverðarfundar **miðvikudaginn 3. desember kl. 8:30 til 10:00 á Grand Hótel.** Á fundinum verður fjallað um landslagsgreiningu og þau tækifæri sem hún býður upp á í tengslum við skipulagsvinnu og ákvörðun um útfærslu framkvæmda.

**Hvað er landslagsgreining?**
Landslagið er mótað af kröftum náttúrunnar og sambýli við manninn. Það er sameign og ber öll merki af athöfnum okkar í aldanna rás.

Kynnt verður ný dönsk aðferðafræði við landlagsgreiningu sem auðveldar framsetningu á grunnupplýsingum og tryggir almenningi betur möguleika á að fylgja eftir gæðum landslagsins og einstaka þáttum í umhverfinu.

**Dagskrá:**
**Hugtakið "Landslag" og regluverkið**
*Rut Kristinsdóttir, sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun*
**Landslagsgreining við mat á umhverfisáhrifum**
*Auður Magnúsdóttir og Sebastian Peters, VSÓ Ráðgjöf*
**Landslagsgreining í aðalskipulagsvinnu**
*Bodil Mortensen frá NIRAS Konsulentene í Danmörku*

Fundurinn er ætlaður: sveitastjórnarfólki, ráðgjöfum sveitarfálaga, arkitektum, landslagsarkitektum og öðru áhugafólki um skipulagsmál

**Aðgangur er í boði VSÓ Ráðgjafar**
**Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 2. desember n.k. á netfangið vso@vso.is**

VSÓ RÁÐGJÖF
50 ÁRA 1958 – 2008

## Atvinna

# Starf leikskólastjóra Leikskólans Sólvalla

Grundarfjarðarbær

**Grundarfjarðarbær auglýsir starf leikskólastjóra Leikskólans Sólvalla í Grundarfirði laust til umsóknar.**

Leikskólinn Sólvellir er tveggja deilda leikskóli. Í leikskólanum hefur verið unnið þróunarstarf varðandi „Ferlimöppur" nemenda undanfarin ár. Leikskólinn er staðsettur í miðju þéttbýli Grundarfjarðar og nú eru í skólanum 47 börn frá 12 mánaða aldri. Ráðið verður í starfið frá og með 1. janúar 2009 eða eftir samkomulagi. Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga. Skilyrði er að umsækjendur hafi réttindi leikskólakennara og kostur er ef viðkomandi hefur lokið stjórnunarnámi eða hefur góða reynslu af stjórnun leikskóla. Veitt verður aðstoð við leit að húsnæði ef þörf verður fyrir það.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 10. desember n.k. Umsóknum með upplýsingum um náms- og starfsferil ásamt æviferilskrá (CV) óskast skilað til skrifstofu Grundarfjarðar-bæjar að Grundargötu 30, 350 Grundarfirði. Senda má umsóknir í tölvupósti á netfang bæjarstjóra.

**Nánari upplýsingar veitir bæjarstjóri á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar eða í síma 430-8500 og með tölvupósti, netfangið er baejarstjori@grundarfjordur.is**

Grundarfjarðarbær er framsækið sveitarfélag sem leggur áherslu á góða þjónustu við íbúa og öflugt atvinnulíf. Þéttbýlið í Grundarfirði byggðist upp á síðustu öld þegar sjávarútvegi óx fiskur um hrygg og vinnsla á fiski varð eftirsóttur atvinnuvegur. Grundarfjörður er á norðanverðu Snæfellsnesi og nýtur mikillar náttúrufegurðar og nálægðar við náttúruperlur eins og Snæfellsjökul og eyjarnar í Breiðafirði. Miklir útivistarmöguleikar eru í Grundarfirði og á Snæfellsnesi öllu. Öll venjuleg þjónusta er til staðar í Grundarfirði svo sem heilsugæsla, verslanir, leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, veitingahús, gististaðir, bankar og margt annað. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar www.grundarfjordur.is

**Bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar**

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
**Velferðarsvið**
www.reykjavik.is
www.velferdarsvid.is

# Lífsgæði - uppeldi - samskipti
## Opnir fræðslufundir

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar** býður borgarbúum á opna fræðslufundi
Á þessum umbrotatímum er mikilvægt að hlúa að fjölskyldunni og sínum nánustu, gefa sér tíma til að staldra við og hugsa um lífsgæðin, uppeldið og samskiptin.

Haldnir verða tveir fræðslufundir í hverfum borgarinnar með þátttöku þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar.

**Fyrri fundur**
Inga Stefánsdóttir, sálfræðingur
- *Lífsgæði - hvað er það?*
- *Færar leiðir þrátt fyrir erfiðar aðstæður - hvað get ég gert?*

**Seinni fundur**
Sigurður Ragnarsson, sálfræðingur
- *Uppeldi og samskipti- að tala við börn og ungmenni þegar ástandið er erfitt - ábyrgð foreldra*
- *Samskipti hjóna og sambúðarfólks*

**Allir fundir byrja kl. 17. Allir eru velkomnir svo lengi sem húsrúm leyfir.**
Fundirnir eru þátttakendum að kostnaðarlausu.

**Lífsgæði og sjálfsstyrking**
2.des Félagsstarfi Gerðubergi 3-5
4.des Félagsmiðstöðinni Hraunbæ 105
9.des Félagsmiðstöðinni Aflagranda 40
27.jan Korpúlfsstöðum, Grafarvogi
29.jan Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31
3.feb Félagsmiðstöðinni Bólstaðarhlíð 43

**Uppeldi og samskipti**
9.des Félagsstarfi Gerðubergi 3-5
11.des Félagsmiðstöðinni Hraunbæ 105
16.des Félagsmiðstöðinni Aflagranda 40
3.feb Korpúlfsstöðum, Grafarvogi
5.feb Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31
10.feb Félagsmiðstöðinni Bólstaðarhlíð 43

# Menntaskólinn við Hamrahlíð
## www.mh.is
# STÖÐUPRÓF DESEMBER 2008

**Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| Mánudaginn 1. desember | Kl. 18:00 | Danska (hámark 6 einingar) |
| Þriðjudaginn 2. desember | Kl. 18:00 | Ítalska (hámark 12 einingar) |
| Fimmtudaginn 4. desember | Kl. 18:00 | Enska (hámark 9 einingar) |
| Laugardaginn 6. desember | Kl. 10:00 | Norska (hámark 6 einingar) |
| | | Sænska (hámark 6 einingar) |
| Þriðjudaginn 9. desember | Kl. 18:00 | Franska (hámark 12 einingar) |
| | | Þýska (hámark 12 einingar) |
| | | Hollenska (hámark 12 einingar) |
| | | Serbneska (hámark 12 einingar) |
| | | Litháíska (hámark 12 einingar) |
| | | Japanska (hámark 12 einingar) |
| | | Albanska (hámark 12 einingar) |
| | | Tælenska (hámark 12 einingar) |
| Miðvikudaginn 10. desember | Kl. 18:00 | Stærðfræði. Boðið er upp á próf í STÆ103, STÆ203 og STÆ263. |
| Föstudaginn 12. desember | Kl. 18:00 | Spænska (hámark 12 einingar) |

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans (http://www.mh.is). Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 3500 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis prófdag, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka og sýna þarf kvittun í prófinu.

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar- eða bekkjarprófi.

**Rektor.**

**4ra herbergja íbúð til leigu**
**Til leigu björt og falleg 4ra herbergja íbúð á svæði 105, leiga 120 þ. Hiti og hússjóður innifalið. Laus strax, langtímaleiga. Uppl. í s. 841 0212, elindogg@hotmail.com**

BÚSETI

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Til leigu stúdóíbúð í miðbæ Rvk, með eldhúsi, þvottavél. o.fl. 40 þús 694 5573

Lúxusíbúð í Norðlingaholti, tvíbýli, 130 fm með palli. 3 svefnherbergi m/fataskáp. Leiga 150 þ. m/öllu. Laus fljótlega. Uppl í síma 669 5550.

Herb. til leigu í Hafnarfirði. ADSL, eldunaraðstaða, baðherbergi og þvottahús. 35 þús. Sími 6154181

Herbergi í stóru einbýlishúsi, þvotta og uppþvottavél. internet ofl. ROOM FOR RENT in a big beautiful house close to city center. everything incl. Nice and loving admosphere. Info. 694 5987

3ja herb. 55 fm kjallari í Norðurmýri til leigu. Laus. Uppl. í s. 692 4438. svennith@isl.is

2 herb. íb. á Bergþ.g. til leigu. Með/án húsg. Þvottav. og þurrkari. 100.000, fyrirfram, + rafm. og hiti. S. 7701112.

3. herb íbúd til leigu í Jöldugróf 13, 108 rvk. Laus strax uppl í síma 8472683.

Ný 3 herb 106 fm íbúð í Kórahverfi . Stæði í bílageymslu. 120 þ á mán. Upplýsingar 8988522

Mjög snyrtil. og björt 10 - 15 fm herb. til leigu á 2 hæð í hverfi 105, frá 35 þús. á mán. Aðgangur að eldh., baði, og þvottah. Internet innifalið. Upplýsingar í síma 8635514.

Til leigu 84fm 2ja herb.íbúð í Hafnarf. Laus.Nýtt parket. Frábært útsýni. 99þús+hiti/rafm/hússj. Uppl. 664 6501

2ja herb. íbúð til leigu í 101. 3ja herb. íbúð til leigu í 109. S. 899 4035 Lausar strax.

Til leigu 3 herb. íbúð, 86 fm. Laus strax. Í austurhluta Kóp. Uppl. í s. 897 1072.

Herbergi í 101 Rvk. til leigu. 35 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 896 7136.

2 herb. 56 fm íbúð í miðbænum til leigu. verð 80þús. Uppl. í síma. 865-9356

**220 Hafnarfjörður**
2 herb. íbúð, rúmgóð til leigu. Laus, 110 þús. á mán. Mögulegt örbylgjuloftnet. S. 691 9238.

Herbergi í 104 Rvk. til leigu. 40 þús./mán. öll aðstaða, engin gjöld. S. 895 9837.

Room for rent at 105 Rvk, 45þ. pr.m-from 1 des. Everything included 696 7891

**Grafarholt. 3 herb.**
Ný ca. 100fm. íbúð í Grafarholti. Laus Strax. Uppþvottavél, parket. Uppl. í S. 892-3207.

Til leigu 2. ja herbergja íbúða í Garðabæ verð kr. 90.000,- með hita og rafmagni, uppl. rgt@internet.is eða 899 5901

**Grafaholtið**
Rúmgóð 4 Herbergja frábær íbúð í grafarholti. Jarðhæð. Barnvænn staður. Leiga 150 þús, pr mán. Uppl. í s. 892 7544.

Herbergi til leigu í 109 Rvk. Innifalið hiti og rafmagn og aðgangur að sturtu. S:5575037 og 6911037.

Til leigu 3. herb. 96 fm íb. á 1. h. í Lyngmóum í Garðabæ. Íbúðin getur verið laus frá 1. des. Uppl. í s. 856 6197, Margrét.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

DANMÖRK Einbýlishús til leigu, miklir atvinnumöguleikar á svæðinu uppl. 895 8637

**Tilboð óskast**
40 fm stúdíóíbúð við Iðnskólann, 101 Rvk. Með sér bílastæði. S. 692 1681.

Íbúð til leigu 120 frem. lúxus, útsýnisíbúð með húsgögnum í Sjálandshverfi, Garðabæ til leigu í óákveðin tíma Leiguverð samkomulag Uppl. í síma 693 9827

POKOJ DO WYNAJECIA!!! Koszt to 35-55,000.- Adres: Miklabraut tel 898 4188

3 herb. íbúð í Haf, gæludýr velkomin, 80+H/R laus 1.des uppl. í s. 899 1831 Þorkatla

Kjallari til leigu. 30 þús. á mán. S. 824 2926.

2 Herb. í miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 70þ. S. 895 0482.

Nýleg 3ja herb. íbúð í Hraunbæ Rvk. til leigu. Langtímaleiga. Laus. S.898-3420

50 fm geymsluhúsnæði til leigu. 20 fm kontor getur fylgt. Uppl. í s. 844 1011.

Tvö mjög góð herbergi í Tranavogi 104 Rvk, með aðgang að öllu. Verð 40.000 per. mán. Uppl. í s. 690 5838.

Íbúð/Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Herbergi með privat baðherbergi til leigu í Stapahrauni 2, Hf. Eldhús, þvottavél. þurrkari, frítt internet. Húsgögn ef þarf. S. 893 6060.

Available rooms for a long term rent in a Guesthouse in 108 Reykjavik. Pokoje do wynajecia na terenie Reykjavik'u 108, tanio i dostepne od zaraz. Tel: 894 1949.

APPARTMENT FOR RENT 90m2 til leigu í Garðabæ - nýleg ósamþ íbúð mjög opin og hátt til lofts v. 105,000. Uppl. í s. 892 7858.

**Laugarvatn**
Glæsilegar 2ja herbergja íbúðir til leigu á Laugarvatni. Uppl. í s. 840 2093

Seltjarnarnes. Falleg 85 fm útsýnisíbúð + bílag. Parket. Laus strax. S. 864 7070.

## Húsnæði óskast

Óska eftir að taka á leigu íbúð, raðhús eða einbýlishús í Seljahverfi. Lámark 5 svefnherbergi. Öruggar greiðslur. Áhugasamir sendi póst á jokiselid@yahoo.com

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 82.5 fm mjög gott iðnaðarhúsæði að Dalshrauni í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893 9777.

Iðnaðarhúsnæði til leigu 30-50-80 fm. Uppl. imenn@imenn.is eða s. 661 5050.

Gott/góð skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla 31. S. 894 1949.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Til Leigu/Sölu 27m2 skúr/avinnuhús rafm(3ja),vatn vaskur og WC í RVK .s/8463486

Til leigu 28 fm bílskúr við Fagrahvamm í Hfj. Stígur, s. 892 6764.

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ert þú með meirapróf?**
**Atvinnubíll til sölu með verkefni, uppl. í S. 858 5868.**



**Sölufólk óskast**
Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Góð sölulaun í boði. Uppl. á skrifstofu Blindrafélagsins frá kl. 9-16, s: 525-0000, tölvup. blind@blind.is

Netviðskiptaskóli Íslands

Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag.Lærðu nýja tekjuleið í dag! Farðu á www.netvidskipti.is

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

Ráðskona. Ráðskona óskast að stórum hestabúgarð á suðurlandi. Börn engin fyrirstaða en dætur verða þó að hafa náð 18 ára aldri. Viðkomandi verður að vera huggulega og snyrtileg og kunna að taka á móti getstum. Æskileg tungumál, þýzka, danska, enska. Ekki sakar að hafa mynd með. Tölvukunnátta æskileg. Þær sem hafa útskrifast úr hússtjórnarskóla ganga fyrir. Umsókn sendist til blaðsins merkt „SVEIT SUÐURLANDI" fyrir miðjan desember.

Sölubörn óskast til að selja jólakort. Góð sölulaun. Uppl í s. 694 7768.

AU PAIR óskast til DC USA janúar tæpl. 1 árs Helena Hulda uppl Sandra sosig@hotmail.com

Laust starf í mötuneyti Byrs Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað hér: http://www.byr.is/um_byr/mannaudur/storf_hja_byr/

## Atvinna óskast

HOUSE SITTING. Þýsk hásk.stúdína býður umsjón m. húsnæði:húsverk, þrif, viðhald, dýr, oþh. gegn hússetu+þóknun. Trúnaður,reykl,meðmæli. Email:rvksit@gmail.com

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

þarftu aukatekjur? gerðust ráðgjafi fyrir AA Cosmetics. Sendið svör á LKC@LKC.IS.

## Fundir




Verum samtaka og byggjum upp opið og þverpólitískt kosningabandalag. Byltum Íslenskum stjórnmálum með einstaklingsframboðum og beinu lýðræði. Komdu á næsta fund. Fimmtudag kl. 20:00 í Vogasel 1, 109 Rvk. Laugardag Kl. 16 Mótmælendakaffi í Hressó Austurstræti. Mánudag kl. 16 Fullveldiskaffi í Hressó Austurstræti. Við erum opin, óháð og frjáls samtök. Allir hjartanlega velkomnir. Nánari upplýsingar á www.lydveldi.is

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Tilbreyting**
29 ára bráðfalleg kona leitar kynna við karlmann með lausleg kynni í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 908-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8931.

**Ný upptaka!**
Frábær hljóðritun konu sem lifir sig fullkomlega inn í sína eigin fantasíu. Þú heyrir þessa heitu upptöku hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, ath. mun ódýrara), upptökunr. 8377.

## Þjónusta

**Dong Fang Salon er 1 árs!**
**Við fögnum afmælinu með frábærum tilboðum vikuna 1.-8. desember:**
**Handsnyrting verð: 4.000.-**
**Litun og plokkun verð: 2.500.-**
**Andlitsnudd og maski verð: 4.000.-**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard. 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard. 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR

## Fasteignir

WWW.AKKURAT.IS







**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 15:00-16:00**
**GÓÐ 3JA HERB 110FM. HÆÐ Á GÓÐUM STAÐ.**
**HOFTEIGUR 6 miðhæð.**

Eignin skiptist í forstofu, rúmgott hol, og tvær bjartar samliggjandi stofur, olíuborið eikarparket er á holi og stofum. Frá stofu er gengið út á góðar suðursvalir. Gott eldhús með fallegri viðarinnréttingu og borðkrók. Gott barnaherbergi, flísar á gólfi, hjónaherbergið er með skápum, flísum á gólf. Endurnýjað baðherbergi, með hornbaðkeri og innréttingu við vask, flísar á gólfi og við baðkar. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sérgeymsla. Þetta er einstaklega vel staðsett eign, grunnskóli, Laugardalslaugin, góðar gönguleiðir og útivistarsvæðið í Laugardalnum er í næsta nágrenni.

**ATH: SELJENDUR GETA HUGSAÐ SÉR DÝRARI EIGN Í SKIPTUM.**

**Nánari uppl: Viggó Sig í síma 824-5066.**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast

**Fasteignablaðið**
Sími:
**512 5469**
**694 4103**



Ruth Bergs
ruth@365.is

**Kúrland 10**
108 Reykjavík
Glæsilegt raðhús í Fossvoginum

**Stærð: 216 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1970**
**Brunabótamat: 34.690.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind



**Opið Hús**





**Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL 15:00 - 15:30**
**Verð: 59.900.000**

Stórglæsilegt mikið endurnýjað 6 herbergja, 216 fm raðhús á tveimur hæðum í Fossvogsdalnum. Húsið er byggt á tveimur hæðum: Á efri hæð er forstofa, eitt svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa og borðstofa. Á neðri hæð er sjónvarpsholt, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, fataherbergi og þvottahús. Eignin fyrir vandláta.

Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**



Svefnlaus í New York Einn frægasti viðkomustaður ferðamanna í New York er Times-torgið á Manhattan. Þar getur fólk endanlega áttað sig á því hvers vegna New York er kölluð borgin sem aldrei sefur.

# MANNLÍF BLÓMSTRAR Í GLJÚFRUNUM

**Að ganga um götur New York er ekki ósvipað því að rölta um í djúpum gljúfrum. Þar streyma að vísu bílar og gangandi vegfarendur hvar sem því verður við komið, en ekki vatn eins og í árgljúfrunum. *Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari skoðaði borgina sem aldrei sefur.**



Haustlitir Almenningsgarðurinn Central Park er vel nýttur af borgarbúum og ferðamönnum. Þar geta þeir sem fá nóg af steinsteypu notið haustlitanna.



Háhýsi Á Manhattan-eyju er byggt upp, enda pláss af skornum skammti. Grunnt er á mjög þétt berg, sem gerir það mögulegt að byggja svo mörg háhýsi svo þétt.



Svellkaldir Skautasvellin í New York eru fullkominn staður fyrir fyrsta stefnumótið.



Central Park Þrátt fyrir að vel á aðra milljón manns búi á Manhattan-eyju blómstrar mannlífið, sérstaklega í hinum fræga almenningsgarði Central Park.



Tengir hverfin Brooklyn-brúin tengir saman Manhattan og Brooklyn-hverfin í New York. Brúin var opnuð í maí 1883 og þótti mikið mannvirki á þeim tíma, enda rúmlega 1,8 kílómetrar á lengd.

MIRALE

TILBOÐ

40% afsláttur
af þessum vinsælu kertastjökum í dag



OPIÐ Í DAG
frá kl. 13–16
verið velkomin
í FÁKAFEN 9
( við hliðina á ísbúðinni )

MIRALE
Fákafeni 9
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16
sunnudag 13–16
www.mirale.is

## BESTU JÓLAMARKAÐIRNIR

**PARÍS:** Jólamarkaðurinn í borg ljósanna á sér stað á vinstri bakkanum á Boulvard Saint Germain og Place Saint-Sulpice. Njóttu þess að hitta jólasveininn sem Frakkar kalla Pére Noël og dreyptu á heitu rauðvíni. (frá 5.-31. des.)

**STOKKHÓLMUR:** Það eru margir jólamarkaðir í Stokkhólmi en sá stærsti er haldinn í Gamla Stan á degi hverjum í aðdraganda jóla. Helgarmarkaðurinn í Skansen á Djurgården-eyju er líka stórskemmtilegur (til 24. des.).



**STRASSBORG:** Jólastemmning svífur yfir vötnum í þessari frönsku miðaldaborg en þessi markaður, Christkindelsmarik, hefur verið haldinn allt frá árinu 1570 við hlið Notre-Dame kirkjunnar (til 24. des.).

**VÍNARBORG:** Austurríkismenn eru þekktir fyrir kósýheit um jól og því eru jólamarkaðir í Vínarborg sérstaklega huggulegir. Stærstu markaðirnir eru haldnir fyrir framan ráðhúsið og við háskólann.

## SNÆVI ÞAKIN FJÖLLIN BÍÐA

Þrátt fyrir að flestir sleppi nú utanlandsferðunum vegna krankleika íslensku krónunnar eru þeir örugglega margir sem ekki geta hugsað sér að sleppa skíðaferðunum. Tími þeirra er einmitt að renna upp. Að þjóta niður snævi þaktar brekkur í frískandi háfjallalofti er líka allra meina bót. Óþarft er að láta sér leiðast eftir að skíðaskónum sleppir. Í fjallaþorpunum flestum er að finna ógrynni af krám og veitingahúsum. Meðal upplifana umfram skíðaiðkun er að bragða á heilu grilluðu svíni, hlusta á fagra tóna tírólahljómsveitar og fara í hestasleðaferð að kvöldlagi. Algengt verð á skíðaferðum er 160 til 200 þúsund krónur á mann, miðað við tveggja manna herbergi.



# STOLLEN&GLÖGG

Í Þýskalandi er þrennt sem nauðsynlegt er að gera í desember; fara á jólamarkað, drekka glögg og næla sér í bita af hinni hefðbundnu jólaköku, Stollen. Hægt er að sameina þetta þrennt á jólamarkaðinum í Frankfurt.

Nú þegar jólamánuðurinn fer í hönd streyma Þjóðverjar og gestir á jólamarkaði. Einn sá þekktasti í Þýskalandi er jólamarkaðurinn í Frankfurt, þar sem finna má jólavörur á hundruðum bása í miðaldaumhverfi miðborgarinnar. Ljósumprýddur markaðurinn. Þrisvar á dag, klukkan 9, 12 og 17, klingja bjöllur á svölum Nikolaikirche og reglulega eru haldnir tónleikar með jólalegu ívafi á Römerbergtorginu.

Fyrir þá sem vilja leiðsögn sérfróðra er bent á að boðið er upp á slíkar gönguferðir um markaðinn þar sem skýrt er frá sögu hans og leyndardómum, sérstaklega þegar kemur að matar- og kökugerð. Hluti af göngunni er að fara upp á þak Nikolaikirche (Nikulásarkirkju), en þaðan er útsýni yfir allan markaðinn og nokkuð yfir borgina. Ef fólk vill halda sig við jörðina er einnig innifalin ferð í gamaldags hringekju, sem heillar jafnt unga sem aldna. Í lok ferðarinnar er svo boðið upp á heitan bolla af jólaglöggi til að ylja jafnt fingur sem að innan.

Fyrir þá sem vilja upplifa öðruvísi borgarstemningu er mælt með borgunum Wiesbaden og Heidelberg í nágrenni Frankfurt. Í Heidelberg má finna fornar rústir Heidelbergkastala og í gamla miðbænum Alstadt má finna mikið af verslunum, kaffihúsum og veitingastöðum. Umhverfis borgina eru hins vegar skógi vaxnar hæðir. - *ss*



**Jólamarkaðurinn í Frankfurt** Það tekur margar klukkustundir að rannsaka hvern krók og bás á jólamarkaðinum í Frankfurt. MYND/ TOURISMUS+CONGRESS GMBH FRANKFURT AM MAIN



Safnaðu Vildarpunktum VISA AMERICAN EXPRESS MasterCard Ferðaávísun gildir


GJAFIR FRÁ FJALLAKOFANUM
GLEÐJA ALLA!
Marmot
PETZL
Smartwool
SCARPA
Black Diamond
Marmot regnjakkar
í miklu úrvali
verð frá kr: 19.995,-
Marmot Power Stretch peysur
dömu og herra í st. S-XL
Marmot Softshell jakkar
í mörgum litum, stærðir S-XL
Scarpa skór á alla
fjölskylduna
Smartwool ullarnærfatnaður
og ullarsokkar
Margar gerðir höfuðljósa
Húfur eru höfuðprýði
Stafgöngu- og fjallgöngustafir
Ýmislegt fyrir
björgunarsveitarfólkið
Marmot vettlingar og lúffur í úrvali
verð frá kr: 2.995,-
Marmot Walkabout
mittistaska kr: 9.995,-
Gjafabréfin gleðja alla
Marmot
dún - og fiber svefnpokar
fyrir alla fjölskylduna
www.fjallakofinn.is
FJALLAKOFINN
Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfirði • sími 510 9505

## HLAUPIÐ MEÐ JÓLABÚÐING



Um 150 keppendur, klæddir upp í búningum, munu hlaupa um Covent Garden í London með enskan jólabúðing á litlum diski hinn 6. desember. Þetta verður ekki auðvelt hlaup, þar sem keppendur þurfa að stökkva yfir blöðrur fylltar hveiti, reyna að víkja fyrir froðuskotum og öðrum hindrunum. Jólabúðingshlaupið hefur verið árlegur viðburður í London síðan 1980, þar sem safnað er fyrir krabbameinsrannsóknum. Bráðskemmtilegt hlé frá jólainnkaupum í London.

## LÚSÍUHÁTÍÐ Á SKANSINUM



Lúsía er krýnd 2. desember, en á Lúsíuhátíðinni sjálfri, 13. desember, mun Lúsía, ung stúlka klædd hvítu og með kertakórónu á höfði, syngja Lúsíulög þar sem hún fer fyrir skrúðgöngu með aðstoðarkonum sínum. Lúsían og yngismeyjar hennar bera fram kaffi, bollur og piparkökur, en í lok skrúðgöngunnar á Skansinum í Stokkhólmi verður heilmikil flugeldasýning.

## VÍNARDRENGJAKÓRINN Í CARNEGIE HALL



Vínardrengjakórinn heldur árlega sína tónleika í Carnegie Hall í New York hinn 14. desember. Á efnisskránni eru eingöngu jólalög, ýmist sálmar eða þjóðlagatónlist héðan og þaðan úr heiminum. Tónleikar kórsins hafa verið haldnir árlega frá 1990 og eru söngvararnir tíu til fjórtán ára. Það er ekki heiglum hent að komast í kórinn, en söngvararnir þurfa að komast í gegnum áheyrnarprufu þegar þeir eru níu ára, eftir að hafa þá tekið þátt í sérstöku undirbúningsnámi.












# Sölusýning um helgina

Guðmundur frá Miðdal
Keramik, skúlptúrar

Gunnlaugur Scheving
Dúkristur, teikningar

Snorri Arinbjaarnar
Dúkristur



Einnig verk eftir Svavar Guðnason, Kristján Davíðssn,Jóhannes S. Kjarval Þorvald Skúlason, Carl-Henning Pedersen, Mogens Andersen,Þórarinn B.Þorláksson, Jóhannes Jóhannesson,Hafstein Austmann, Stefán V. Jónsson Stórval, Dag Sigurðarson, Jón Stefánsson.

STUDIO STAFN
INGÓLFSSTRÆTI 6. • SÍMI: 552 4700
WWW.STUDIOSTAFN.IS






NOKKUR ORÐ
**Þórunn Elísabet Bogadóttir**

# Jólaborgin Kaupmannahöfn

Kaupmannahöfn hefur alltaf heillað mig. Kannski er það af því að ég fæddist þar og ólst upp við Kim Larsen, kannski af því að danskan er svo skemmtileg, og kannski einfaldlega af því að þar hefur alltaf verið svo þægilegt og gott að vera. Mig hefur alltaf langað til þess að flytja þangað, en nú hefur það svo gott sem verið eyðilagt fyrir mér. Ekki nóg með að það yrði óheyrilega dýrt heldur er ekkert sérstaklega heillandi að vera Íslendingur í útlöndum núna. Margir sem ég þekki hafa einfaldlega gripið til þess ráðs á meginlandinu að segjast vera frá Færeyjum, eða Svíþjóð, ekki síst í Hollandi og Bretlandi, eftir að hafa fengið reiðilestra frá innfæddum. Það gengur víst ekki upp í Danmörku að þykjast vera Svíi eða Færeyingur.



Það er ekki síst á þessum tíma ársins sem Kaupmannahöfn heillar mikið. Það er eitthvað svo jólalegt við borgina. Ég hef aldrei haft efni á því að „skreppa“ þangað fyrir jólin, þrátt fyrir góðæri eða annað þvíumlíkt, en það skiptir ekki máli. Hér í Reykjavík er nefnilega staður sem kemst mjög nálægt alvöru danskri stemningu. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hversu góður hann er fyrr en um síðustu helgi. Að loknum mótmælum á Austurvelli settist ég nefnilega inn á Jómfrúna, og fékk þar smörrebröd og danskan Tuborg-jólabjór. Ég hélt að ég kæmist ekki nær danskri stemningu, en svo var Kim Larsen settur á fóninn og það fullkomnaði daginn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



© Inter IKEA Systems B.V. 2008

# Efni í fallegan jólakrans



**695,-/20 í pk.**
**KALLT kerti.** L19cm. Rautt



**KALLT borðar 895,-/2 í pk.**
L5m. Hvítt/blátt



**ISIG geitur og hjörtu**
**395,-/10 í pk.** Ýmsir litir



**KALLT skrauthjörtu**
**495,-/8 í pk.** Silfurlitað



**295,-/stk.**
**KALLT kubbakerti**
L15cm. Ýmsir litir



**KALLT borðar 995,-/stk.**
L18m. Ýmsir litir



**KALLT skrauthjörtu**
**995,-/6 í pk.** Ýmsir litir

**750,-/4 í pk.**
**KALLT skrautdropar**
L12cm. Gegnsætt



**250,-/8 í pk.**
**VÄGHULT kerti** L19cm. Hvítt



**KALLT borðar 895,-/2 í pk.**
L5m. Ýmsir litir



**995,-/4 í pk.**
**KALLT skrautkerti, epli**
Ø7cm. Rautt



**KALLT skrautsett 995,-/42 í pk.**
Ýmsar tegundir. Ýmsir litir



**795,-/4 í pk.**
KALLT kúlukerti
Ø7cm. Ýmsir litir



**KALLT skrautkúlur 150,-/12 í pk.**
Ø2cm. Ýmsir litir

**395,-**
**Grenibúnt**



**KALLT skrautfuglar 995,-/4 í pk.**
Silfurlitað



**KALLT skrautlengjur,**
**perlur 195,-/stk.**
L5m. Ýmsir litir

IKEA®

Opið 11-20 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 19:30
**www.IKEA.is**

**Þjóðleikhúsið**
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**
Þorvaldur Þorsteinsson
Aðventusýning Þjóðleikhússins
sun. 30/11 uppselt
**Örfá sæti laus í desember, tryggðu þér sæti**

**Utan gátta**
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
**Sýningum lýkur 13. desember!**
**Aðeins fimm sýningar eftir**



**Hart í bak**
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
**Aukasýningar í sölu**

**Skilaboðaskjóðan**
Þorvaldur Þorsteinsson
og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 30/11, örfá sæti laus
**Allra síðasta sýning**

**Gefum góðar stundir**
Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf
kynntu þér málið á
www.leikhusid.is

GJAFAKORT Á KARDEMOMMUBÆINN


# Fólk
folk@frettabladid.is



*„Við Ashlee náðum saman yfir Jungle Book-myndinni og finnst nafnið svalt.“*

**PETE WENTZ Útskýrir fyrir Ryan Seacrest af hverju hann og eiginkona hans, Ashlee Simpson-Wentz, ákváðu að skíra nýfæddan son sinn Bronx Mowgli Wentz.**



*„Ég er leið yfir einkalífinu mínu, en mér finnst ég vera mjög lánsöm að hafa tækifæri til að starfa við það sem ég geri. Það væri hryllingur ef ég væri bara að hugsa um skilnaðinn og hefði ekkert fyrir stafni.“*

**MADONNA Tjáir sig um hvernig henni líður eftir skilnaðinn við Guy Ritchie.**



*„Ég vil ekki gera neitt annað en að borða og sofa, ásamt því að skemmta mér með fjölskyldunni í snjónum.“*

**HEIDI KLUM Segir hvernig hún vill helst eyða jólafríinu.**

## Vill verða næsti Bond

Sean Combs, eða P Diddy, er sannfærður um að hann geti tekið við af Daniel Craig og orðið næsti James Bond. Til að sanna mál sitt hefur hann eytt 500.000 pundum í kynningarmyndband sem hann tók upp í nágrenni við Casino Royale í Suður-Frakklandi, á sömu slóðum og fyrsta Bond-mynd Daniels Craig var meðal annars tekin upp.

Rapparinn og tónlistarframleiðandinn hefur ekki farið leynt með draum sinn um að landa hlutverki Craig. Í viðtali við breka dagblaðið Daily Mirror sagði hann að nú væri hörundsdökkur forseti og kominn væri tími á hörundsdökkan Bond. P Diddy er þó ekki einn um að vilja hreppa hlutverkið, því rapparinn Akon og óskarsverðlaunahafinn Jamie Foxx eru einnig sagðir vilja leika njósnarann.

## Þröstur endurheimti Edduna

„Já, ég er loksins búinn að fá hana,“ segir leikarinn Þröstur Leó Gunnarsson sem endurheimti Eddu-verðlaunin fyrir leik sinn í Brúðgumanum á miðvikudagskvöldið. Þröstur átti ekki heimangengt á Edduhátíðina sem haldin var 19. nóvember. Hann var þá að sýna Vestrið eina í Þjóðleikhúsinu og fékk tilkynninguna um sigurinn í SMS-skeyti frá systur sinni. Félagar Þrastar og mótleikarar úr Brúðgumanum, þeir Jóhann Sigurðarson og Ólafur Darri Ólafsson, tóku við styttunni fyrir hans hönd en eins og Fréttablaðið hafði greint frá þá gengu gífuryrðin milli „stórleikaranna“ og Þrastar fyrir verðlaunaafhendinguna.

Svo fór að þeir Ólafur og Jóhann „týndu“ óvart styttunni eftir verðlaunaafhendinguna og höfðu ekki hugmynd um hvar hún var niðurkomin. Heimsókn þeirra félaga kom því Þresti skemmtilega á óvart. „Það komu hingað tveir ægilega lúpulegir menn og bönkuðu upp á hjá mér,“ útskýrir Þröstur og vísar þar í samstarfsfélaga sína Ólaf og Jóhann. „Þeir höfðu engar skýringar á því hvar styttan hafði verið, báru við minnisleysi. Ég get svo sem vel skilið að þeir hafi drekkt sorgum sínum þetta kvöld eftir tapið fyrir mér,“ heldur Þröstur áfram og hlær. Hann segir heimsóknina hafa verið ósköp stutta, þeir hafi reyndar búist við því að fá smáskjól frá rigningunni þetta kvöld en fengu það svo sannarlega ekki hjá keppinauti sínum.

Þröstur viðurkennir síðan að sama kvöld hafi hann gefið styttuna sína. Reyndar ekki langt því dóttir hans fékk hana til vörslu. „Ég gef alla verðlaunagripi sem ég fæ. Ég hef ekki pláss fyrir þá alla.“ **- fgg**



**SKILUÐU VERÐLAUNAGRIPNUM** Jóhann og Ólafur Darri komu styttunni loks til skila. Þeir fengu hins vegar hvorki kaffi né húsakjól hjá Þresti.



**FÉKK STYTTUNA** Þröstur hefur loksins fengið styttuna í sínar hendur. Dóttir hans fékk síðan styttuna að gjöf.


**Okkur er misboðið**

**Við viljum fá aftur það Ísland sem við þekktum**

**Við viljum aftur samfélag frelsis, jöfnuðar og samkenndar**

**Við viljum að stjórnvöld axli ábyrgð gerða sinna**

**Við viljum að gríðarlegum lækkunum á vaxtabótum verði skilað til baka**

**Við erum þjóðin - fullveldið er hjá okkur**
**Við viljum flýta kosningum**

**Þjóðfundur á Arnarhóli kl. 15.00 mánudaginn 1. desember!**

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 30. nóvember**

### → Leiklist

**20.00 GRAL** Grindvíska atvinnuleikhúsið sýnir leikverkið 21 manns saknað í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a, Grindavík. Nánari upplýsingar á www.gral.blog.is.

**Barna- og unglingaleikhúsið Borgarbörn** er með Jólasöngleik í Iðnó. Sýndar verða tvær sýningar, önnur kl. 16 en hin kl. 18.

### → Fyrirlestrar

**11.00 Hugleiðingar um skynsamt fólk og (ó)gagn sjálfshjálparbóka** Sigrún Sveinbjörnsdóttir verður með fyrirlestur í Bláu könnunni, Hafnarstræti 96 á Akureyri.

### → Bækur



**16.00 Í Gljúfrasteini, húsi skáldsins**, munu Ingunn Snædal, Magnús Sigurðsson og Þórunn Erla-Valdimarsdóttir lesa upp úr ljóðabókum sínum auk þess sem Ingunn fjallar um skáldsöguna Sjálfstætt fólk. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### → Listamannsspjall

**15.00 Hlynur Hallsson** verður með listamannaspjall um verk sín á sýningunni ÚT/INN í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Hlynur skoða sýninguna með gestum og segir frá tilurð hennar og fyrri verkum sínum.

### → Tónlist



**20.00 Tríó Reykjavíkur** flytur verk eftir Haydn, Schumann og Schubert í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Tríóið samanstendur af Sigurgeiri Agnarssyni, Philip Jenkins og Guðnýju Guðmundsdóttur.

### → Uppákomur

**20.00 Aðventuhátíð í Breiðholtskirkju** Fjölbreytt dagskrá verður í tilefni af fyrsta í aðventu. Allir velkomnir.

**20.00 Aðventukvöld í Fella- og Hólakirkju** Fjölbreytt dagskrá verður í boði í tali og tónlist. Allir velkomnir.

**Opin listsmiðja og notaleg samverustund** verður fyrir börn og fullorðna í Viðeyjarstofu. Ferja fer frá Skarfabakka kl. 13.15, 14.15 og 15.15. Nánari upplýsingar á www.listasafnreykjavikur.is.

**Á Þjóðminjasafni Íslands** við Suðurgötu verður fjölbreytt dagskrá í boði. Leiðsögn verður um sýninguna Þjóðin, landið og lýðveldið – Vigfús Sigurgeirsson auk þess sem kvikmyndir hans verða sýndar. Þá mun karlakórinn Fjallabræður syngja fyrir gesti kl. 16. Safnið er opið 11–17 alla daga nema mánudaga.

### → Leiðsögn

**14.00 Rakel Pétursdóttir** safnafræðingur verður með leiðsögn fyrir alla fjölskylduna um sýninguna Ást við fyrstu sýn sem stendur nú yfir á Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Safnið er opið alla daga frá kl. 11–17 nema mánudaga.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

## SÖNN SAGA OG DRAMATÍK

**Aðfararnótt 23. janúar 1973**. Jörð skelfur, eldstrókar rísa með hvellum og drunum ... 5.300 íbúar Heimaeyjar eru í hættu. **Hér lýsa Eyjamenn flóttanum mikla og einstakri samstöðu.**

# MÖGNUÐ SPENNUSAGA

Nú kemur í fyrsta skipti fram **einstaklega áhrifarík saga níu manna fjölskyldu á Heimaey** þegar hjón **týna fjórum barna sinna** í tæpa tvo sólarhringa. Þegar síðasti bátur fer úr höfn neyðast foreldrarnir til að sigla til lands **án barnanna sinna.**

Við fylgjumst einnig með **„stríðsástandinu“** – örlagaatburðum í febrúar og mars. Vikurstórhríðinni, ógnum hraunstraumsins, hundruðum húsa sem brunnu og hetjulegri baráttu Eyjamanna. Í bókinni eru 130 ljósmyndir.

**2.** sæti
Penninn / Eymundsson
METSÖLULISTI



**Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið í efstu sætum metsölulistanna í hálfan annan áratug og hafa verið gefnar út víða um heim. Lesendur gleyma sér í spennandi frásögn - þar sem höfundurinn og söguhetjurnar lýsa sönnum atburðum.**

ÚTKALL
Sími 562 2600




## Nýr bókaflokkur – Bækur með boðskap

# Millý og Mollý

*Við erum öll ólík en höfum sömu tilfinningar*

Bækurnar um **Millý og Mollý** eru skrifaðar til að fá okkur öll til að virða margbreytilegt mannlíf og sönn gildi.

Sögurnar um **Millý og Mollý** eru gefnar út í yfir 100 löndum á 23 tungumálum og þættir eftir sögunum eru sýndir í nýrri sjónvarpsseríu í Sjónvarpinu. Þetta eru **mannbætandi og skemmtilegar sögur** og hver bók hefur ákveðinn boðskap.

**Þýðandi er Guðni Kolbeinsson**

**Nú koma út á Íslandi fyrstu fjórar bækurnar:**

**Millý, Mollý og ólíkir pabbar**
Boðskapur: Að viðurkenna að fjölskyldur eru ólíkar

**Millý, Mollý og Daprasni**
Boðskapur: Hamingja

**Millý, Mollý og Hjólatúrinn**
Boðskapur: Stundvísi

**Millý, Mollý og Vindurinn**
Boðskapur: Virðum náttúruna



ÚTKALL
Sími 562 2600












# Jólamyndir af ýmsum toga

**Jólamyndirnar í ár eiga varla eftir að valda íslenskum kvikmyndaáhugamönnum vonbrigðum. Fjórar myndir, hver annarri ólíkari, verða frumsýndar á annan í jólum, þar sem Nicole Kidman, Jim Carrey, Woody Allen og John Travolta koma öll við sögu.**



**AUSTRALIA** Stórmyndin Australia er í leikstjórn Baz Luhrmann, sem síðast sendi frá sér söngvamyndina Moulin Rouge!

Hefð hefur verið fyrir því í fjölda ára að frumsýna stórar myndir á annan í jólum og verður engin undantekning frá því í ár. Í þetta sinn verða frumsýndar stórmynd Baz Luhrmann, Australia, nýjasta mynd Jims Carrey, Yes Man, Woody Allen-myndin Vicky Christina Barcelona og svo teiknimyndin Bolt þar sem John Travolta talar fyrir hundinn snjalla.

## Áströlsk ástarsaga

Russell Crowe og Nicole Kidman leika aðalhlutverkin í Australia sem er hugarfóstur leikstjórans Baz Luhrmann, sem síðast sendi frá sér söngvamyndina vinsælu Moulin Rouge! fyrir sjö árum.
Það tók Luhrmann fjögur ár að gera Australia, sem fjallar um enska yfirstéttarkonu sem verður ástfangin af kúreka. Þetta er epísk stórmynd þar sem bakgrunnurinn er árásir Japana á borgina Darwin í seinni heimsstyrjöldinni en hún var sú eina í Ástralíu sem dróst af einhverri alvöru inn í stríðsátökin.

## Jákvæður Carrey

Nærvera Jims Carrey er oftar en ekki ávísun á góða skemmtun. Söguþráður nýjustu myndar hans, Yes Man, lofar góðu því hún fjallar um náunga sem ákveður að fara á sjálfshjálparnámskeið þar sem honum er kennt að segja já við öllu því sem hann er beðinn um. Líf hans breytist skyndilega til hins betra en hann uppgötvar þó fljótt að vilji hans til að taka opnum örmum hverju einasta tækifæri í lífinu gæti verið of mikið af hinu góða.

Myndin er byggð á samnefndri bók rithöfundarins Danny Wallace sem eyddi hálfu ári af lífi sínu í að segja já við einu og öllu til að gera líf sitt skemmtilegra.



**CRUZ** Pénelope Cruz leikur í nýjustu mynd Woodys Allen ásamt Scarlett Johansson og Javier Bardem.

## Lesbísk ástaratlot

Kvisast hefur út um lesbísk ástaratlot Penélope Cruz og Scarlett Johansson í myndinni Vicky Christina Barcelona og hefur það síður en svo dregið úr áhuganum á þessu nýjasta verki Woodys Allen. Myndin fjallar um tvær vinkonur sem fara í sumarfrí til Spánar og verða ástfangnar af málara nokkrum leiknum af Javier Bardem, sem fékk Óskarinn fyrr á árinu fyrir frábæra frammistöðu í No Country For Old Men. Þær vita aftur á móti ekki að hans fyrrverandi eiginkona á eftir að koma óvænt við sögu og valda miklum usla.

Myndin hefur fengið góða dóma og þykir sanna að Allen hefur engu gleymt þrátt fyrir að vera kominn á áttræðisaldurinn.

## Ofurhundurinn Bolt

Sjálfur John Travolta talar fyrir hundinn Bolt í samnefndri teiknimynd, sem á vafalítið eftir að njóta vinsælda á meðal ungu kynslóðarinnar. Bolt hefur verið alinn upp á tökustað eins vinsælasta sjónvarpsþáttar Bandaríkjanna. Fyrir vikið telur hann að hann búi yfir yfirnáttúrulegum kröftum og þegar hann er óvart sendur í burtu til New York reynir fyrst á raunverulega hæfileika hans.

Barnastjarnan Miley Cyrus, sem er þekktust úr sjónvarpsþáttunum Hannah Montana, talar fyrir fyrir Penny, vinkonu Bolt.



**YES MAN** Jim Carrey er á kunnuglegum slóðum í gamanmyndinni Yes Man þar sem hann segir já við hreinlega öllu í lífinu.



**BOLT** John Travolta talar fyrir hundinn Bolt í glænýrri teiknimynd.

## Eitthvað fyrir alla

Það verður sem sagt eitthvað fyrir alla í bíó yfir jólin og vonandi á fólk eftir að gleyma sér rækilega yfir hressilegri Hollywood-afþreyingunni, enda veitir ekki af því.


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
ZACK AND MIRI MAKE A PORNO
MADAGASCAR 2 ÍSLENSKT TAL
PRIDE AND GLORY
QUANTUM OF SOLACE
500 kr í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
IGOR
ATH! 500 kr.

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 - ÍSL. TAL | kl. 2, 3, 4, 5 og 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45, 8 og 10 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 7.45 og 10.15 | 16 |
| IGOR - 500 kr. | kl. 2 og 4 - ÍSL. TAL | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 7.45 og 10.15 | 12 |

MADAGASCAR 2 KOMIN Í BÍÓ
DICAPRIO CROWE BODY OF LIES
Frá leikstjóra Gladiator og American Gangster.
W.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1 - 2D - 3 - 4D - 5 - 6D - 7 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 12 - 2 - 4 - 8D - 9 - 10:10D - 11 | L |
| BODY OF LIES | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| HOW TO LOSE FRIENDS.. | kl. 5:50 - 8:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:30 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 12 (3D) KR 850 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 12 síð sýn | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 DIGITAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 - 8 - 10:10 DIGITAL | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| W | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:50 KR 850 | L |
| SEX DRIVE | kl. 6 síð sýn | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| QUARANTINE síð sýn | kl. 10:10 | 16 |
| SKJALDB.. OG HÉR m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:50 síð sýn | L |
| HOW TO LOSE FRIENDS... | kl. 5:50 - 8 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT Forsýnd | kl. 10:20 | 16 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| TWILIGHT | kl. 10:10 | 12 |
| PASSANGERS | kl. 8 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 8 | L |
| TRAITOR | kl. 10 | 12 |
| SKJALDB. HÉRINN m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:40 - 5:50 | L |

NÝTT Í BÍÓ!
FRÁBÆR MYND! HIKLAUST FYNDNASTA MYND ÁRSINS!
ZACK AND MIRI MAKE A PORNO
APPALOOSA
VESTRI AF BESTU GERÐ
55.000 MANNS
QUANTUM OF SOLACE
LÚXUS
RELIGULOUS
NICK & NORAH'S INFINITE PLAYLIST
PRIDE AND GLORY
ÞAÐ SÍÐASTA SEM ÞÚ VILT KOMAST AÐ, ER SANNLEIKURINN.
IGOR
AÐEINS 500 kr.
ÍGOR TALAR ÍSLENSKU!
QUARANTINE
TRAITOR

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 1 - 3.30 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.20 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 1 500 kr. | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| APPALOOSA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RELIGULOUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.30 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN 500 kr. | kl. 3.30 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| PRIDE AND GLORY | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 3.30 - 6 - 8 - 10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.30 | L |
| TRAITOR | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 500 kr. | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 6 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 - 6 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 4 500 kr. | L |

AUKAKRÓNUR 5%
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
QUANTUM OF SOLACE 650 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ
NICK & NORAH'S 650 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ
SKJALDBAKAN & HÉRINN 500 kr. KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ
RELIGULOUS 650 kr. KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
IGOR 500 kr. KL. 4 - 6 BORGARBÍÓ KL.1 - 3.30 SMÁRABÍÓ KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

SparBíó laugardag og sunnudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN
MADAGASCAR 2 550kr
kl. 1 í Álfabakka með íslensku tali. kl. 12 með ensku tali
kl. 2 í Kringlunni, Akureyri, Keflavík og á Selfossi með íslensku tali.
HIGH SCHOOL MUSICAL 3 550kr
kl. 1.30 í Álfabakka,
kl. 3.50 á Self., kl. 3.40 í kefl.
og kl. 2 á Akureyri
FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D 850kr
kl. 12 í Álfabakka
kl. 4 í Kringlunni
WALL-E ísl. tal. 550kr
kl. 12 í Álfabakka
GEIMAPARNIR ísl tal 550kr
kl. 2 í Álfabakka

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
MADAGASCAR 2
ÍGOR TALAR ÍSLENSKU!
IGOR
500 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

# Opið í dag

fyrsta **sunnudag** í aðventu

Allt jólaskraut

**20%**

afsláttur

**aðeins í dag**





**SAMA VERÐ**

ALLAR JÓLASERÍUR Á SAMA VERÐI OG Í FYRRA

Engin býður

**betur**





## Aðventa **í heimabyggð**

Allar verslanir **opnar** í dag

fyrsta **sunnudag** í aðventu

| | |
|---|---|
| Húsasmiðjan og Blómaval Skútuvogi | **10:00 - 21:00** |
| Húsasmiðjan og Blómaval Grafarholti | **10:00 - 19:00** |
| Húsasmiðjan og Blómaval Reykjanesbæ | **12:00 - 17:00** |
| Húsasmiðjan og Blómaval Selfossi | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan og Blómaval Akureyri | **12:00 - 17:00** |
| Húsasmiðjan og Blómaval Egilsstöðum | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Ögurhvarfi | **11:00 - 17:00** |
| Húsasmiðjan Hafnarfirði | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Akranesi | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Borgarnesi | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Ísafirði | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Dalvík | **13:00 - 17:00** |
| Húsasmiðjan Húsavík | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Reyðarfirði | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Höfn | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Hvolsvelli | **12:00 - 16:00** |
| Húsasmiðjan Vestmannaeyjum | **13:00 - 15:00** |

blómaval

Opin saman

HÚSASMIÐJAN

## > Dagur til Berlínar?

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður Dagur Sigurðsson næsti þjálfari þýska úrvalsdeildarliðsins Fuchse Berlin í handbolta. Dagur mun stýra austurríska landsliðinu í handbolta samhliða þjálfun Berlínarliðsins sem hefur augastað á að minnsta kosti tveim íslenskum landsliðsmönnum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ekki náðist í Dag í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



**sport**
sport@frettabladid.is

**EGGERT GUNNÞÓR OG FÉLAGAR Í HEARTS:** SKELLTU GLASGOW RANGERS Í SKOSKA BOLTANUM Í GÆR

# *Fengu þriggja daga frí fyrir að vinna Rangers*

Edinborgarliðið Hearts, sem Eggert Gunnþór Jónsson leikur með, gerði sér lítið fyrir í gær og skellti stórliði Glasgow Rangers, 2-1, í skoska boltanum. Tapið er afar dýrt fyrir Rangers sem er í harðri toppbaráttu við Celtic og mátti alls ekki við tapi í gær. Eggert Gunnþór og félagar tryggðu aftur á móti stöðu sína í þriðja sæti deildarinnar en eru nokkuð á eftir stóru liðunum tveimur.

„Þetta var alveg magnað. Við byrjum vel, skorum tvisvar snemma en svo komast þeir inn í leikinn. Við spilum svo manni færri síðustu 20 mínúturnar en náðum sem betur fer að halda út," sagði Eggert Gunnþór kátur eftir leikinn en hann kom af bekknum og spilaði í 25 mínútur.

„Ég var nú frekar fúll með það. Hef verið í liðinu í síðustu tólf leikjum og var búinn að hlakka frekar mikið til að spila þennan leik. Það var því eðlilega svekkjandi að komast að því að ég væri kominn á bekkinn en svona er þetta stundum," sagði Eggert og bætti við að leikmenn hefðu fagnað gríðarlega eftir leikinn. „Þjálfarinn var búinn að heita á okkur að ef við myndum vinna leikinn þá ætlaði hann að gefa okkur þriggja daga frí. Hann gat ekkert hætt við það og við fögnuðum eðlilega. Ljúft að fá þriggja daga frí sem gerist ekki oft."



Eins og Eggert Gunnþór segir hefur hann verið fastamaður í liðinu en þó ekki í sinni stöðu sem er á miðjunni. „Ég hef verið að spila hægri bakvörð eða hægri kant, þá meira á kantinum en í bakverðinum. Skal alveg viðurkenna að mér finnst það ekki eins gaman en maður reynir að skila sínu sama hvar maður spilar hverju sinni," sagði Eggert Gunnþór sem vildi ekki ræða launamál félagsins en skoskir fjölmiðlar hafa greint frá því að launagreiðslur hafi dregist hjá félaginu.

Eggert var í byrjunarliði A-landsliðsins í fyrsta leik Ólafs Jóhannessonar með liðið en hefur síðan fengið fá tækifæri þó svo hann sé að spila reglulega og standa sig vel.

„Þjálfarinn velur bara hópinn og liðið hverju sinni og ég hef ekkert út á það að setja. Ætla ekkert að kvarta yfir því heldur einbeita mér að því að spila áfram vel og nýta tækifærið ef það kemur."

## ÚRSLIT

*Vináttulandsleikur:*

**Þýskaland-Ísland 33-33 (16-15)**
**Mörk Þýskalands (skot):** Holger Glandorf 9 (12), Lars Kaufmann 5 (12), Christian Schone 3 (3), Michael Haas 3 (4), Manuel Spatz 2 (3/1), Michael Muller 2 (3), Martin Strobel 2 (3), Dominik Klein 2/1 (4/3), Stefan Knerr 1 (1), Sebastian Preiss 1 (2), Jens Tiedtke 1 (1).
**Varin skot:** Carsten Lichtlein 8/1 (23/2) 35%, Silvio Heinevetter 7 (25/2) 28%.
**Hraðaupphlaup:** 7 (Spatz 2, Schone 2, Haas, Muller, Kaufmann).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 8/3 (10/3), Róbert Gunnarsson 5 (6), Aron Pálmarsson 4 (5), Rúnar Kárason 4 (8), Þórir Ólafsson 3 (4), Sigurbergur Sveinsson 3 (4), Logi Geirsson 3 (9/1), Einar Hólmgeirsson 2 (6), Vignir Svavarsson 1 (2), Ragnar Óskarsson (1).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 9/2 (35/3) 26%, Hreiðar Levý Guðmundsson 3 (10/1) 30%.
**Hraðaupphlaup:** 9 (Guðjón 4, Þórir 2, Vignir, Rúnar, Sigurbergur).
**Fiskuð víti:** 4 (Róbert 2, Einar, Aron).
**Utan vallar**: 2 mínútur.

Mark Hughes, Man. City:

## Eftirvænting fyrir janúar

**FÓTBOLTI** Mark Hughes, stjóri Man. City, viðurkenndi í viðtali við Sky Sports að hann biði spenntur eftir því að janúar félagsskiptaglugginn myndi opnast en hið „nýríka" félag City hefur verið orðað við kaup á fjölda stórstjarna. Nú síðast var City sterklega orðað við Kaka hjá AC Milan en fyrir hjá City eru Brasilíumennirnir Robinho, Jo og Elano.

„Ég held að allir toppleikmenn í heiminum vilji spila í ensku úrvalsdeildinni á einhverjum tímapunkti á ferli sínum og það er alltaf ánægjulegt að heyra City orðað við slíka leikmenn. Fyrir þremur mánuðum hefðu slíkir toppleikmenn ekki virt City viðlits en nú eru breyttir tímar hvað það varðar. Það eru því spennandi tímar í gangi hjá City," segir Hughes. - óþ

# Ungu strákarnir stálu senunni

**Ísland og Þýskaland skildu jöfn, 33-33, í vináttulandsleik í Oberhausen í gær. Þórir Ólafsson skoraði jöfnunarmark Íslands skömmu fyrir leikslok. Sérstaka ánægju vakti fín frammistaða ungu mannanna í íslenska landsliðinu. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var afar ánægður með úrslit leiksins.**

**HANDBOLTI** Þórir Ólafsson tryggði Íslandi sanngjarnt jafntefli gegn Þjóðverjum í Oberhausen í gær. Ísland var lengstum undir en strákarnir börðust allt til enda og það skilaði þeim sanngjörnu jafntefli á endanum. Stjörnur leiksins voru ungu mennirnir Aron Pálmarsson, Rúnar Kárason og Sigurbergur Sveinsson sem stimpluðu sig allir rækilega inn.

„Þetta eru frábær úrslit og ég er afar sáttur. Það má ekki gleyma því að við vorum að spila hérna við heimsmeistarana á útivelli," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari kátur eftir leikinn.

Íslenska liðið byrjaði leikinn ekki vel og lenti fljótlega fimm mörkum undir, 9-4, og liðið réði ekkert við stórskyttuna Holger Glandorf. Liðið klóraði sig smám saman inn í leikinn. Sóknarleikurinn gekk betur þegar ungstirnin Aron Pálmarsson og Rúnar Kárason voru komnir inn en þeir voru ógnandi ásamt þeim Guðjóni Vali og Róbert á línunni. Björgvin varði nokkra ágæta bolta undir lok hálfleiksins en annars var markvarslan frekar döpur í leiknum. Munurinn aðeins eitt mark í leikhléi, 16-15.

Síðari hálfleikur var kaflaskiptur hjá íslenska liðinu. Það komst yfir í fyrsta og eina skiptið í leiknum í stöðunni 19-20 en tapaði forystunni um leið og lenti þrem mörkum undir, 24-21.

Þjóðverjar virtust hafa leikinn í höndum sér þegar góður lokakafli kom hjá íslenska liðinu og Þórir Ólafsson jafnaði skömmu fyrir leikslok eftir að Lars Kaufmann hafði kastað boltanum beint í hendur íslenska liðsins. Niðurstaðan ásættanleg og nokkuð sanngjarnt jafntefli, 33-33.



**MAGNAÐUR** Aron Pálmarsson átti hreint frábæra innkomu í íslenska landsliðið í gær og lék á als oddi í Oberhausen. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikur íslenska liðsins var betri en undirritaður átti von á miðað við forföllin sem eru í liðinu. Aron Pálmarsson átti hreint frábæra innkomu. Skoraði falleg mörk, opnaði fyrir félaga sína, gaf stoðsendingar og fiskaði víti.

Rúnar sýndi mikinn styrk eftir að hafa byrjað illa og vann sig vel inn í leikinn. Sigurbergur Sveinsson kom seint til skjalanna en skilaði afar góðu verki og var áhugavert er þessir þrír ungu og stórefnilegu leikmenn spiluðu saman fyrir utan. Þeir sýndu svo um munaði að framtíðin er björt í íslenskum handknattleik.

Guðjón Valur og Róbert skiluðu sínu og rúmlega það. Logi og Einar fundu ekki fjölina sína, markvarslan var takmörkuð og varnarleikurinn gloppóttur.

„Mér fannst ungu strákarnir alveg svakalega flottir í þessum leik og óhætt að segja að þetta hafi verið þeirra dagur," sagði Guðmundur landsliðsþjálfari. „Við byrjuðum ekkert sérstaklega vel og þá aðallega í vörninni en unnum okkur vel inn í þetta og ágæt staða í hálfleik.

Svo komum við okkur í fína stöðu en fylgdum því miður ekki nógu vel eftir. Þegar ég klippti Glandorf síðan út úr leiknum komum við okkur aftur inn í leikinn og náðum þessu flotta jafntefli á útivelli gegn heimsmeisturunum," sagði Guðmundur en komu ungu strákarnir honum á óvart?

„Já og nei. Ég hef verið að fylgjast vel með þeim í leikjum sem og æfingum hjá mér. Ég veit hvað býr í þeim og þeir sýndu það á erfiðum útivelli í þessum leik. Ég er ákaflega ánægður með þá sem og flesta strákana í liðinu. Í seinni leiknum þurfum við samt betri vörn frá byrjun og mun betri markvörslu en hún var ekki ásættanleg. Svo þurfum við að fækka mistökunum í sókninni," sagði Guðmundur Guðmundsson.

henry@frettabladid.is

Alltaf í boltanum.
ÍSLENSKA SIA.IS SKY 44071 10/08

Tveir risaleikir í enska boltanum í dag - Ferguson búinn að kynda bálið:

# Engin ógn frá Manchester City

**FÓTBOLTI** Það er sannkölluð fótboltaveisla í dag þegar tveir risaleikir verða í enska boltanum. Chelsea tekur á móti Arsenal og Man. City tekur á móti grönnum sínum í Man. Utd en leikir liðanna eru iðulega harðir slagir.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, er búinn að kynda bálið vel fyrir leik og segir að það sé engin ógn af liði Man. City sem er talið vera það ríkasta í heimi eftir yfirtöku arabanna.

„Hvar er þetta lið í augnablikinu?" sagði Ferguson og minnti á að City situr í ellefta sæti deildarinnar fyrir leikinn. „Þið verðið að fyrirgefa mér en eina liðin sem ógna okkur í dag eru Chelsea og Liverpool sem eru fyrir ofan okkur í töflunni."

Man. City vann báða leikina gegn United í fyrra og Ferguson hyggur á hefndir. Honum hefur ekki gengið vel gegn fyrrum lærisveinum sínum og unnið í ellefu af þeim tólf skiptum sem hann hefur mætt fyrrverandi lærisveini sínum. Hann varar Mark Hughes, stjóra City, við því að peningum fylgi ekki alltaf velgengni.

„Það virkaði hjá Chelsea en það eru mýmörg dæmi um að það hafi mistekist. Það er erfiðara að eyða peningum en margur heldur. Það þarf að taka erfiðar ákvarðanir og ábyrgðin þar liggur á herðum Mark," sagði Ferguson en þetta verður fyrsti Manchesterslagur Hughes síðan hann tók við City.

Arsenal fer í enn einn úrslitaleikinn gegn Chelsea og má alls ekki við því að tapa. Drogba er í banni hjá Chelsea í leiknum og Joe Cole er tæpur. Fastlega er búist við því að Adebayor, Samir Nasri og Bacary Sagna verði klárir í slaginn hjá Arsenal. - hbg



**FERGUSON** Ætlar sér sigur í dag eftir tvö töp gegn City í fyrra. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Nýtt í Hagkaup










Glæsileg upptaka á geisladiski og mynddiski frá einstökum minningartónleikum um Vilhjálm Vilhjálmsson sem haldnir voru í Laugardalshölli 10. og 11. október sl.




Vegleg þreföld geislaplata með öllum helstu lögum Hauks Morthens.





HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Iceland Express-deild kvenna:

## Sigrar hjá toppliðunum

**KÖRFUBOLTI** Topplið Iceland Express-deildar kvenna, Haukar og Hamar, unnu bæði góða sigra í gær.

Haukar lögðu Val að Ásvöllum en Hamar skellti KR í Hveragerði og KR situr nokkuð eftir í toppbaráttunni í kjölfar tapsins.

Ekki síst í ljósi þess að Keflavík vann sinn leik. - hbg

### ÚRSLIT

*Iceland Express-deild kvk:*

**Hamar-KR 76-58**
**Stig Hamars:** LaKiste Barkus 20, Julia Demirer 16, Íris Ásgeirsdóttir 14, Fanney Guðmundsdóttir 11, Hafrún Hálfdánardóttir 10, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir 5.
**Stig KR:** Sigrún Ámundadóttir 17, Guðrún Þorsteinsdóttir 17, Hildur Sigurðardóttir 10, Rakel Viggósdóttir 6, Guðrún Ámundadóttir 4, Helga Einarsdóttir 2, Heiðrún Kristmundsdóttir 1.
**Haukar-Valur 59-48**
**Stig Hauka:** Kristrún Sigurjónsdóttir 21, Slavica Dimovska 12, Helena Hólm 6, Bryndís Hreinsdóttir 6, Guðbjörg Sverrisdóttir 4, Telma Fjalarsdóttir 4, Ragna Brynjarsdóttir 4, María Sigurðardóttir 2.
**Stig Vals:** Kristjana Magnúsdóttir 15, Þórunn Bjarnadóttir 12, Bernadett Toplak 11, Signý Hermannsdóttir 7, Tinna Sigmundsdóttir 2, Guðrún Baldursdóttir 1.
**Keflavík-Snæfell 80-59**
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 31, Pálína Gunnlaugsdóttir 18, Hrönn Þorgrímsdóttir 13, Halldóra Andrésdóttir 9, Ástrós Skúladóttir 3, Hildur Pálsdóttir 2, Svava Stefánsdóttir 2.
**Stig Snæfells:** Berglind Gunnarsdóttir 17, Gunnhildur Gunnarsdóttir 10, Sara Andrésdóttir 8, Hrafnhildur Sævarsdóttir 7, Ellen Högnadóttir 6, Helga Björgvinsdóttir 5, Sara Magnúsdóttir 2.
**Grindavík-Fjölnir 62-61**

# Þetta er alveg svakalega fúlt

**Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari var afar svekktur eftir tap gegn Slóvakíu, 23-27, í gær. Slóvakía er þar með búin að vinna riðilinn og leikur Íslands gegn Póllandi í dag skiptir því engu máli.**

**HANDBOLTI** Draumur íslenska kvennalandsliðsins um að komast á HM dó í Póllandi í gær er liðið tapaði fyrir Slóvakíu með fjögurra marka mun, 23-27. Aðeins eitt lið fer upp úr riðlinum í umspil og sigur Slóvaka í gær tryggði þeim sigur í riðlinum. Leikur Íslands og Póllands í dag er því upp á heiðurinn.

„Þetta er afar sárt tap og alveg svakalega fúlt," sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið skömmu eftir leik en stelpurnar hans voru ekki mjög fjarri því að leggja sterkt lið Slóvaka að velli.

„Þessi leikur var eiginlega í járnum í 50-55 mínútur. Við erum 14-12 undir í hálfleik og það þó svo við höfum klikkað á tveimur vítum og nokkrum hraðaupphlaupum. Tæknifeilarnir hjá okkur voru allt of margir í leiknum. Við byrjum síðari hálfleikinn vel og komumst yfir 17-16 og skjótum í kjölfarið í slána. Þá vorum við að ná tökum á leiknum og þær farnar að rífast og annað. Þær jafna síðan leikinn í 18-18 og komast svo aftur yfir. Munurinn var samt aldrei nema 1-2 mörk en við tökum ákveðna áhættu á síðustu mínútunum sem gengur ekki upp og Slóvakar landa fjögurra marka sigri."

Júlíus segir að slóvakíska liðið sé alls ekki mikið sterkara en það íslenska og á góðum degi hefði Ísland unnið.



**FLOTT MÓT HJÁ HÖNNU** Hanna Guðrún Stefánsdóttir hefur spilað virkilega vel í Póllandi og skoraði sex mörk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég talaði um að það mætti lítið út af bregða í leiknum og mistökin felldu okkur. Þær voru mjög hræddar við hraðaupphlaupin hjá okkur. Voru fljótar til baka og náðu að loka nokkuð vel á hraðaupphlaupin. Við fengum samt marga möguleika til að keyra hröð upphlaup en þá voru sendingafeilar og leikmenn gripu ekki boltann. Það var alveg grátlegt og kom í bakið á okkur. Það eru eðlilega allir mjög svekktir yfir þessum leik en svona er þetta stundum," sagði Júlíus sem vill engu að síður ljúka riðlakeppninni með sóma í dag.

„Leikurinn gegn Pólverjum hefði getað verið úrslitaleikur en ég tel engu að síður mikilvægt að vinna þann leik. Ég mun reyna að rífa þær upp og vonandi mætir liðið vel stemmt í þennan lokaleik. Það væri sterkt að ná öðru sætinu í þessum riðli. Ég tel að Ísland, Slóvakía og Pólland séu að svipuðum styrkleika og ég var hissa hversu stórt Pólland tapaði gegn þeim en ég átti von á að heimavöllurinn myndi vinna meira með þeim," sagði Júlíus Jónasson.

henry@frettabladid.is

**ÍSLAND-SLÓVAKÍA 23-27**
**Mörk Íslands:** Rakel Dögg Bragadóttir 6, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6, Hrafnhildur Skúladóttir 3, Dagný Skúladóttir 3, Ágústa Edda Björnsdóttir 2, Rut Jónsdóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 1.
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 25/1.











Sunderland komið í fallsæti eftir stórt tap á heimavelli gegn Bolton:

# Keane hugsanlega að hætta

**FÓTBOLTI** Það blæs ekki byrlega fyrir Roy Keane og félögum hans í Sunderland þessa dagana. Liðið tapaði enn og aftur í gær og núna fyrir Bolton á heimavelli eftir að hafa komist yfir. Sunderland er eftir tapið komið í fallsæti.

Roy Keane, stjóri Sunderland, tók fulla ábyrgð á tapinu. Hann var reyndar ótrúlega heiðarlegur í viðtali eftir leikinn þar sem hann sagðist ekki vera viss um að hann væri rétti maðurinn í starfið.

„Ég spyr mig á hverjum einasta degi hvort ég sé rétti maðurinn fyrir Sunderland. Svarið var jákvætt í morgun en ef svarið er nei á morgun þá þarf að skoða það. Ég verð að vera mjög heiðarlegur í þessu mati mínu.

Það skiptir ekki mestu máli hvað sé best fyrir Roy Keane heldur hvað sé best fyrir knattspyrnufélagið Sunderland. Svo gæti ég vaknað á mánudag og talið mig vera rétta manninn í starfið og það gæti breyst aftur á þriðjudag," sagði Keane, harður við sjálfan sig.



**LÖGREGLUVERND** Stuðningsmenn Sunderland voru ekki sáttir eftir leikinn í gær og löggæslumönnum þótti réttast að passa vel upp á knattspyrnustjórann, Roy Keane. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Ég er knattspyrnustjóri þessa félags og á endanum er ég ábyrgur fyrir gengi liðsins og ég hef aldrei skorast undan þeirri ábyrgð. Það er hluti af því að vera knattspyrnustjóri og þess vegna tek ég fulla ábyrgð á þessu tapi sem og gengi liðsins síðustu vikur."

Gengi Bolton er allt annað en hjá Sunderland og sigur liðsins í gær var þriðji sigur liðsins í röð sem rýkur upp stigatöfluna.

„Það er ekkert leyndarmál að eini munurinn á okkar spilamennsku nú og í upphafi tímabils er sá að við erum að skora mörk núna. Leikur okkar er annars svipaður en sjálfstraust leikmanna er eðlilega meira en það var. Þegar mörkin koma fyllast menn krafti og gera aðra hluti betur en ella," sagði Gary Megson, stjóri Bolton, sáttur en hann var sérstaklega ánægður með Johan Elmander.

„Hann skoraði tvö frábær mörk og átti skilið að ná þrennunni. Hann hefur fengið ýmsa gagnrýni fyrir að skora ekki nóg en mér hefur alltaf fundist hann spila afar vel og það er svo sem ekki verra að hann sé byrjaður að skora." - hbg

*Enska úrvalsdeildin:*

STOKE CITY - HULL CITY 1-1
0-1 Marlon King (46.), 1-1 Ricardo Fuller (72.).
SUNDERLAND - BOLTON WANDERERS 1-4
1-0 Djibril Cisse (10.), 1-1 Matthew Taylor (16.), 1-1 Matthew Taylor (17.), 1-2 Gary Cahill (20.), 1-3 Johan Elmander (38.), 1-4 Johan Elmander (54.).
WIGAN ATHLETIC - WBA 2-1
0-1 Ishmael Miller (46.), 1-1 Henri Camara (60.), 2-1 Emmerson Boyce (86.)
ASTON VILLA-FULHAM 0-0
MIDDLESBROUGH-NEWCASTLE 0-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **14** | **10** | **3** | **1** | **32-4** | **33** |
| Liverpool | 14 | 10 | 3 | 1 | 21-8 | 33 |
| **Man. United** | **13** | **7** | **4** | **2** | **25-10** | **25** |
| Aston Villa | 15 | 7 | 4 | 4 | 22-16 | 25 |
| **Arsenal** | **14** | **7** | **2** | **5** | **25-18** | **23** |
| Hull City | 15 | 6 | 5 | 4 | 22-24 | 23 |
| **Bolton** | **15** | **6** | **2** | **7** | **18-17** | **20** |
| Fulham | 14 | 5 | 4 | 5 | 12-11 | 19 |
| **Wigan Athletic** | **15** | **5** | **4** | **6** | **18-19** | **19** |
| Everton | 14 | 5 | 4 | 5 | 19-22 | 19 |
| **Portsmouth** | **14** | **5** | **4** | **5** | **15-20** | **19** |
| Middlesbrough | 15 | 5 | 4 | 6 | 15-21 | 19 |
| **Stoke City** | **15** | **5** | **3** | **7** | **15-25** | **18** |
| Man. City | 14 | 5 | 2 | 7 | 29-22 | 17 |
| **West Ham** | **14** | **5** | **2** | **7** | **17-22** | **17** |
| Tottenham | 14 | 4 | 3 | 7 | 17-20 | 15 |
| **Newcastle** | **15** | **3** | **6** | **6** | **17-22** | **15** |
| Sunderland | 15 | 4 | 3 | 8 | 13-24 | 15 |
| **Blackburn** | **14** | **3** | **4** | **7** | **14-25** | **13** |
| WBA | 15 | 3 | 2 | 10 | 11-27 | 11 |

vodafone
Iceland Express
1011 ...alltaf opið!
vörður

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

Í DAG KL. 13:00

# MAN. CITY – MAN. UTD.

Í DAG KL. 15:30

# CHELSEA – ARSENAL




## Í DAG

| | | |
|---|---|---|
| **KL. 13:00** | Man. City – Man. Utd. | SPORT 2 |
| **KL. 14:55** | Tottenham – Everton | SPORT 3 |
| **KL. 14:55** | Portsmouth – Blackburn | SPORT 4 |
| **KL. 15:30** | Chelsea – Arsenal | SPORT 2 |
| **KL. 18:00** | 442 | SPORT 2 |

## Á MORGUN

| | | |
|---|---|---|
| **KL. 19:50** | Liverpool – West Ham | SPORT 2 |

SPORT 2
enski boltinn

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**> Mariska Hargitay**

„Ef þú þekkir sjálfan þig og þá eiginleika sem þú hefur þá þarftu ekki að hlusta á aðra.“ Hargaitay leikur lögreglukonuna Oliviu Benson í þættinum Law & Order: SVU sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KJARTAN GUÐMUNDSSON FAGNAR FÆKKUN FUNDA Í BEINNI

## *Martröð létt af þjóðinni*

Guði, Jesú og öllum lærissneiðunum sé lof að nokkurt lát hefur orðið á hrútleiðinlegum og tilgangslitlum eftirmiðdags-blaðamannafundum Geira, Sollu, Bjögga og kó upp á síðkastið. Þessi sýndarmennska hinna háu herra, að standa ábúðarfullir í pontu og mala klukkutímunum saman um ekki neitt, var farin að minna á verstu plágu. Stór hluti almennings gíraði sig trekk í trekk upp í eitthvert dúndur og stillti sér fyrir framan sjónvarpsskjáinn í von um svör, ákvarðanir, hvað sem er annað en bannsett aðgerðaleysið, til þess eins að láta fylla ringlað höfuðið af froðukenndri munnræpu. Sjálfur gleðigjafinn Pee-Wee Herman hefði vart getað varist þunglyndi í kjölfar þessar-ar síendurteknu og mónótónísku þvælu.

Það sem stóð upp úr fátæklegri upplýsingaveitu stjórnvalda í vikunni sem leið var sú tilkynning að finnskur fjármálasérfræðingur, Vilho Jännäri, hefði verið ráðinn til að endurskoða regluverk um fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaeftirlitsins hér á landi.



Fréttin fór heldur lágt, enda sáu yfirvöld sér ekki fært að tilkynna um komu Finnans fljúgandi fyrr en tæpum mánuði eftir að ráðningin hafði átt sér stað. Þeir sem veittu tíðindunum athygli, undirritaður meðtalinn, hjuggu hins vegar eftir því að téður Jännäri er annað og meira en bara sérfræðingur. Hann er sérfræðingur á eftirlaunum.

Óhjákvæmilega vaknar sú spurning hvort maður sem í raun er sestur í helgan stein sé heppilegasti kandídatinn fyrir það stjarnfræðilega risavaxna verkefni sem fyrir dyrum stendur. Mörgum er í fersku minni að þegar rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna var komin í óleysanlegan hnút á áttunda áratugnum var kallaður til þýskur rannsóknarforingi á eftirlaunum, Karl Schütz, til að binda snyrtilegan enda á málið. Eins og kunnugt er varð endirinn þó ekki snyrtilegri en svo að enn þann dag í dag er deilt um málalokin, og vilja margir meina að eitt allsherjarklúður hafi átt sér stað. Við hljótum að óska Vilho Jännäri betra gengis í starfi. Hyvää onnea!

## EKKI MISSA AF



▶ **13.00** Man. City - Man. Utd. BEINT STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.10** Mannamál STÖÐ 2



▶ **20.20** Sommer SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** My Boys STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** Dexter SKJÁREINN.

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi, Sigga ligga lá og Júlía.
**11.00 Annað líf** (e)
**11.30 Gott kvöld** (e)
**12.30 Silfur Egils** (e)
**13.50 Á móti þránni - Marianne Greenwood ljósmyndari** (Motståndare till längtan - Marianne Greenwood) (e)
**14.50 Martin læknir** (Doc Martin)(4:7)
**15.40 Bláa aldan** (Blue Crush) (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Latibær**
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Spaugstofan** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** Eva María ræðir við Bíbí Ólafs.
▶**20.20 Sommer** (Sommer) (5:10) Danskur myndaflokkur. Aðalhlutverk: Lars Ranthe, Marie Louise Wille, Cecilie Bøcker Rosling og Jesper Langberg.
**21.20 Sunnudagsbíó – Stöðvarstjórinn** (The Station Agent) Bandarísk bíómynd frá 2003. Dvergur sem missir eina vin sinn flyst út í sveit til að lifa í einveru en kynnist þar ræðnum pylsusala og konu sem er líka að takast á við sáran missi. Aðalhlutverk: Peter Dinklage, Bobby Cannavale og Patricia Clarkson.
**22.50 Silfur Egils** (e)
**00.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Eight Below**
**10.00 American Dreamz**
**12.00 A Very Married Christmas**
**14.00 Knights of the South Bronx**
**16.00 Eight Below**
**18.00 American Dreamz**
**20.00 A Very Married Christmas** Joe Mantegna leikur nýfráskilinn mann í ástarsorg sem upplifir hinn eina sanna jólakærleika þegar hann ákveður að gerast jólasveinn.
**22.00 The Mudge Boy**
**00.00 Bad Santa**
**02.00 Lords of Dogtown**
**04.00 The Mudge Boy**
**06.00 Murderball**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Kalli á þakinu og Litla risaeðlan.
**08.05 Algjör Sveppi** Lalli, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego Afram! og Könnuðurinn Dóra.
**09.45 Fantastic Four**
**11.30 Latibær** (16:18)
**12.00 Sjálfstætt fólk**
**12.35 Neighbours**
**12.55 Neighbours**
**13.15 Neighbours**
**13.35 Neighbours**
**13.55 Neighbours**
**14.20 Chuck** (13:13)
**15.05 Eldsnöggt með Jóa Fel** (6:10)
**15.40 Logi í beinni**
**16.25 The Daily Show. Global Edition**
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
▶**19.10 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni líðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli.
**19.55 Sjálfstætt fólk** (11:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar. Þátturinn er sá farsælasti í sögu Edduverðlaunanna og hefur hlotið þrisvar sinnum hlotið þau.
**20.30 Dagvaktin** (11:12)
**21.05 Numbers** Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**21.50 Fringe** (8:22) Olivia Dunham alríkisfulltrúi og vísindamaðurinn Peter Bishop þurfa að sameina krafta sína við að útskýra röð óútskýrðra fyrirbæra sem ógna mannkyninu áður en það verður um seinan.
**22.40 60 mínútur**
**23.25 Prison Break** (9:22)
**00.10 Journeyman** (7:13)
**00.55 Mannamál**
**01.40 Sins of the Father**
**03.10 Fringe** (8:22)
**04.00 Fantastic Four**
**05.45 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**08.50 World Golf Championship 2008** Bein útsending frá Mission Hills World Cup mótinu í golfi.
**12.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik Getafe og Real Madrid.
**14.30 Spænski boltinn** Útsending frá leik Sevilla og Barcelona.
**16.10 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Liverpool og Marseille í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.
**17.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Valencia og Betis.
**19.50 Meistaradeild Evrópu** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
**20.30 NFL-deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**21.00 NFL-deildin** Bein útsending frá leik NY Jets og Denver í NFL deildinni.
**00.00 Spænski boltinn** Útsending frá leik Valencia og Betis.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**08.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og Bolton.
**09.55 PL Classic Matches** Arsenal - Blackburn, 2001.
**10.20 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 1997.
**10.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**11.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Middlesbrough og Newcastle.
▶**13.00 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. City og Man. Utd.
**15.30 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Chelsea og Arsenal.
**18.00 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Tottenham og Everton.
**20.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Man. Utd.
**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Arsenal.
**00.10 4 4 2**
**01.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Portsmouth og Blackburn.

## SKJÁREINN

**13.45 Vörutorg**
**14.45 Dr. Phil** (e)
**15.30 Dr. Phil** (e)
**16.15 Dr. Phil** (e)
**17.00 Innlit / Útlit** (10:14) (e)
**17.50 What I Like About You** (19:22)
**18.20 Frasier** (19:24) (e)
**18.45 Singing Bee** (11:11) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (29:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (15:27) Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir fullorðnum eins og sannaðist í íslensku þáttunum.
**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (16:22) Benson rannsakar nauðgunarmál utan síns umdæmis og kemst að því að hún er nátengd þeim sem er grunaður um verknaðinn. Kim Delaney og Mary Stuart Masterson leika gestahlutverk í þættinum.
▶**21.50 Dexter** (3:12) Þ Dexter rekst á barnaníðing sem er með augastað á Astor. Freebo er sakaður um morð sem Dexter veit að hann framdi ekki en hann getur ekki gert neitt í málinu. Vináttan við Miguel er líka farin að þyngja Dexter.
**22.40 CSI. Miami** (9:21) (e)
**23.30 Sugar Rush** (3:10) Bresk þáttaröð um samkynhneigða unglingsstúlku og þá erfiðleika sem fylgja því að vera ung, gröð og lesbísk í nútímasamfélagi. Þættirnir voru tilnefndir til BAFTA-verðlauna 2007 sem besta dramatíska þáttaröðin í Bretlandi. Kim er búinn að næla í draumadísina en þegar hún fær óvæntar upplýsingar um Saint fyllist hún óöryggi.
**00.00 Vörutorg**
**01.00 Óstöðvandi tónlis**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.30**
**Dagvaktin – lokaþáttur**



Það er komið að leiðarlokum í vinsælasta þætti Stöðvar 2 frá upphafi og örlög þremenninganna ráðast. Þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur á Hótel Bjarkalundi og allt fólkið í sveitinni gerir sér glaðan dag með félögunum. Georg hefur undirbúið mikla ræðu sem hann flytur sem formaður kvenfélagsins. Daníel er í mikilli tilfinningakreppu, ekki nóg með að vera þjakaður af samviskubiti vegna Guggu þá er hann nýbakaður faðir og veit ekki alveg hvernig hann á að taka því. Ólafur Ragnar er ávallt samur við sig og nú þarf hann að gera upp skuld sína við föður sinn.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Sunnudagskvöld með Evu Maríu**
**Sjónvarpið kl. 19.40**

Gestur Evu Maríu í kvöld er Bíbí Ólafsdóttir. Frá blautu barnsbeini hefur Bíbí séð meira en hún hefur kært sig um og var hún oft sakbitin og sorgmædd vegna þessara hæfileika. Henni hefur þó tekist með tímanum að sættast við óvenjulegt næmi sitt og í dag leitar fólk til hennar með sorgir og sjúkdóma og biður um aðstoð. Bíbí ræðir einnig um heimilisofbeldi, fyrstu ástina og hvernig hún sneri baki við hengifluginu, þegar líf hennar hékk á bláþræði.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Ársól
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bókaþing
**11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Í gleðinni
**14.00** Útvarpsleikhúsið: Spor
**15.00** Hvað er að heyra?
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**17.30** Úr gullkistunni
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Seiður og hélog
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Óskastundin
**19.40** Öll þau klukknaköll
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.10** Orð skulu standa
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (66:260)
**15.55 Hollyoaks** (67:260)
**16.20 Hollyoaks** (68:260)
**16.45 Hollyoaks** (69:260)
**17.10 Hollyoaks** (70:260)
**18.00 Seinfeld** (3:24)
**18.30 Seinfeld** (4:24)
**19.00 Seinfeld** (13:24)
**19.30 Seinfeld** (14:24)
**20.00 My Bare Lady** (4:4) Fjórar klámmyndaleikstjörnur frá Bandaríkjunum fá tækifæri á að spreyta sig í virtum leiklistarskóla í Bretlandi og fá hlutverk í alvöru leikhúsi.
**20.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
▶ **21.30 My Boys** (11:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði.
**22.00 Justice** (9:13) Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu.
**22.45 Seinfeld** (3:24)
**23.10 Seinfeld** (4:24)
**23.35 Seinfeld** (13:24)
**00.00 Seinfeld** (14:24)
**00.25 Sjáðu**
**00.50 Kenny vs. Spenny** (12:13)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**19.30 Íslandssafarí** Akeem Richard Oppong
**20.00 Mér finnst** Ásdís Olsen
**21.00 Skuldastaða** Margrét Ákadóttir
**21.30 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir.
**23.30 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm.

## DR 1

**10.00** På sporet af den hellige krig **10.30** Plan dk **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** SPAM **11.55** Skum TV **12.10** Tjenesten classic **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Sommer **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Sigurds Bjørnetime **17.00** Max **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Geparder - på vej til friheden **19.00** Sommer **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt med SAS liga **20.55** Columbo **22.25** Ranger Denmark

## NRK 1

**10.25** V-cup kombinert **11.20** V-cup alpint **11.40** V-cup langrenn **13.15** V-cup kombinert **13.25** V-cup kombinert **14.05** Sport i dag **14.55** Kvitt eller dobbelt **15.55** Kvitt eller dobbelt **16.30** Åpen himmel **17.00** Ei prinsessehistorie **17.10** Gubben og Katten **17.20** Spirello **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Den syngende bydelen **19.45** En livskraftig planet **20.35** Fru Henderson presenterer **22.15** Kveldsnytt **22.30** Poirot **00.05** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **00.35** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**09.30** MGP Nordic 2008 **11.30** Debatt **12.15** Parabolfeber **13.00** Toppform **13.30** Dom kallar oss artister **14.00** Stockholm International Horse Show **16.00** Spanarna 20 år **16.55** Alpint **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Alpint **18.00** Minnenas television **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.00** Alpint **20.45** VeteranTV **21.15** Lev ännu längre **21.45** Faran på nätet **22.15** Brottskod. Försvunnen **22.55** Carin 21.30 **23.25** Sändningar från SVT24



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Mér fannst þetta alveg rosalega flott ræða hjá henni. Ég hef aldrei séð hana svona herskáa því Kata er yfirleitt mjög glaðlynd. Ég er sammála öllu því sem hún sagði og það er alveg augljóst að ræðan hreyfði og hruflaði við fólki. Og það er skýrasta dæmið um hversu áhrifamikil hún var.“*

Hólmfríður Árnadóttir, mamma Katrínar Oddsdóttur, lögfræðinema í HR.

## HIN HLIÐIN TÓMAS LEMARQUIS LEIKARI

# Finnst mikilvægast að rækta andann.

**Hvað er að frétta?** Ég er að leika í leikritinu Steinar í djúpinu sem er leikverk unnið úr sögum Steinars Sigurjónssonar, leikstýrt af Rúnari Guðbrandssyni í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Þar vinn ég með frábærum hópi listamanna sem er mjög lærdómsríkt.
**Augnlitur:** Grænn með litlum marglitum punktum.
**Starf:** Ýmist leikaramaður, myndlistarmaður eða ferðamaður.
**Fjölskylduhagir:** Ég hef enn ekki stofnað fjölskyldu.
**Hvaðan ertu?** Ég er að hálfu Íslendingur (miðbænum), hálfu Fransmaður og búinn til úr stjörnuryki.
**Ertu hjátrúarfullur?** Já.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Twin Peaks.
**Uppáhaldsmaturinn:** Grænmetissúpan hans afa í París.
**Fallegasti staðurinn:** Snæfellsjökull og stjörnuhimininn sem ég sá frá skipi milli Frakklands og Túnis.
**iPod eða geislaspilari:** Á meðan það kemur tónlist úr græjunni þá er ég sáttur.
**Hvað er skemmtilegast?** Að fá tækifæri til að leika í bíó.
**Hvað er leiðinlegast?** Að umgangast neikvætt fólk.
**Helsti veikleiki:** Skipulagsleysi.
**Helsti kostur:** Brennandi áhugi.
**Helsta afrek:** Seinasta afrekið var að fara 280 km á kajak upp með vesturströnd Grænlands síðasta sumar. Og svo að læra Steinarísku fyrir leikritið Steinar í djúpinu.
**Mestu vonbrigðin?** Þegar tökum á kvikmyndum er frestað, sem gerist oft.
**Hver er draumurinn?** Líf fullt af óvæntum ævintýrum.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Patrick Dewaere í myndinni Série noire.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Neikvæðni.
**Hvað er mikilvægast?** Að rækta andann.




# Einleikur Jóns Atla vekur athygli ytra

Jón Atli Jónasson frumsýnir eftir áramót einleik sinn Djúpið. Ingvar E. Sigurðsson fer þar með hlutverk manns sem lendir í skip-skaða og þarf að synda til lands. Á meðan sundinu stendur horfist skipbrotsmaðurinn í augu við það sem skiptir hann mestu máli í lífinu.

Þrátt fyrir að Djúpið hafi ekki komið fyrir augu Íslendinga hafa erlendir aðilar sýnt því mikinn áhuga. Skosk, sænsk og dönsk leikhús hafa þegar tryggt sér sýningarréttinn og er verið að vinna í því að koma verkinu á dagskrá þar. „Þeim finnst þetta vera nokkurn veginn lýsandi fyrir stöðu íslensku þjóðarinnar um þessar mundir,“ segir Jón Atli í samtali við Fréttablaðið.

Þetta verður í fyrsta skipti sem Jón Atli leikstýrir sjálfur. Hann viðurkennir að það sé hálfpartinn ástæðan fyrir skrifunum, hann hafi viljað reyna fyrir sér í leikstjórastólnum. „Annars gaukaði Reynir Lyngdal þessari hugmynd að mér fyrir um ári og þetta hefur verið að mallast í kollinum á mér síðan þá,“ útskýrir Jón. Sjálfur var leikskáldið til sjós á sínum „yngri“ árum en segist aldrei hafa óttast að lenda í skipskaða. „Hins vegar voru menn með mér um borð sem sváfu í björgunarvestum,“ segir Jón Atli.

Hann fer ekki dult með þá skoðun sína að sjóslys og mannskaðar úti á hafi markað djúp spor í íslenska sögu. „Þetta er eitthvað sem hefur fylgt íslensku þjóðinni, alveg frá því að við rerum út á opnum árabátum,“ segir Jón en í verkinu er ekki heldur gert lítið úr



**VERK SEM Á VIÐ** Djúpið er einleikur Jóns Atla um mann sem lendir í sjóskaða. Hann neyðist til að synda í land, eitthvað sem erlend leikhús telja lýsandi fyrir ástand Íslands um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þætti kvenna í lífi sjómanna. „Það eru náttúrlega ekki bara mennirnir sem lögðu allt í sölurnar heldur líka eiginkonurnar. Konan keyrði manninn sinn niður á bryggju og hann fór á sjóinn. Hún sá síðan um að ala upp börnin, halda heimilinu gangandi og vann kannski sjálf í frystihúsinu.“

Jón Atli er sammála því að umhverfið sem nú er að rísa upp sé ákaflega frjór jarðvegur fyrir íslenska listamenn. Hann bætir því við að menn geti ekki horft framhjá öllum þeim breytingum sem hafa átt sér stað og munu eiga sér stað og verði að taka þær með í reikninginn. „Ég nefni bara sem dæmi að ég er að fara að sýna með Jóni Páli Eyjólfssyni og Halli Ingólfssyni í Borgarleikhúsinu eftir áramót. Við getum ekkert hundsað þessar breytingar og hvernig aðstæður hafa breyst síðan við skrifuðum undir samninginn. Þetta er jú bara eins og múrinn hafi fallið,“ segir Jón. -fgg

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Random House.
2. Tólf.
3. Starri Hauksson.

## HREFNA LILJA OG TINNA: FENGU 75 ÞÚSUND KRÓNUR FYRIR BRÉFSNIFSI

# Stórgræddu á að selja aðgöngumiða á Led Zeppelin

Mæðgurnar Hrefna Lilja Valsdóttir og Tinna Daníelsdóttir seldu á dögunum aðgöngumiða á Led Zeppelin tónleikana í Laugardalshöll 1970 á eBay. „Uppboðið var svo spennandi að ég gat ekkert einbeitt mér að náminu síðustu stundirnar sem á því stóð,“ segir Tinna, sem tók að sér að selja miðann fyrir mömmu. Tilboðin fóru stighækkandi þar til nafnlaus kaupandi í Bandaríkjunum hreppti bréfsnifsið á 537 dali, 75 þúsund kreppukrónur, takk fyrir.

„Þetta kemur sér þvílíkt vel,“ segir Hrefna. Hún fékk hugmyndina að sölunni þegar hún hlustaði á morgunútvarp Rásar tvö nýlega. „Þar var Ólafur Gunnarsson í viðtali um nýju bókina sína, Dimmar rósir, og var að tala um gömlu góðu dagana sem sagan gerist á, þar á meðal Led Zeppelin-tónleikana. Hann sagðist hafa verið svo vitlaus að gefa einhverri stelpu miðann sinn og sér svo eftir því núna því hægt er að fá góðan pening fyrir þessa miða. Þá sperrti ég eyrun og mundi eftir miðanum mínum í skókassa niðri í geymslu.“

Hrefna man vel eftir Led Zeppelin tónleikunum. „Ég var rosa hrifin, en það var ekkert djamm á manni enda var ég bara 14 ára og saklaus og seinþroska fermingarstelpa. Ég fór með vinkonu minni. Tinna dóttir mín varð nú hálf hneyksluð þegar ég sagði henni frá því að okkur hefði verið hleypt einum svona ungum á þessa tónleika. En það var nú ekkert tiltökumál á þessum árum.“

drgunni@frettabladid.is



**FENGU FÍNAN PENING FYRIR MIÐANN** Mæðgurnar Hrefna Lilja og Tinna með miðann góða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GOÐSAGNAKENNDIR STÓRTÓNLEIKAR** Page og Plant í Höllinni 1970. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta
Opið í dag frá kl.13-16
Mikið úrval!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# Úrvinda eftir hvolpauppeldi

„Ég geri þetta aldrei aftur, það er alveg á hreinu,“ segir Baldur Brjánsson, fyrrverandi töframaður, sem hefur staðið í ströngu undanfarið við uppeldi á fjórum hvolpum.

Baldur hefur átt tvo bolabíta í nokkur ár og fyrir um hálfum mánuði gaut annar þeirra fjórum hvolpum. „Fólk skilur ekki almennilega að fyrstu dagana og vikurnar þarf maður að gefa þessu á tveggja tíma fresti, ekki bara yfir daginn heldur allan sólarhringinn,“ segir Baldur sem er orðinn úrvinda eftir þessi ósköp. „Maður þakkar bara fyrir ef maður kemur heill út úr þessu á geði,“ segir hann og hlær.

Baldur hefur reynt að fá hvolpa í þrjú eða fjögur ár og ætlar að selja þá þegar rétti tíminn kemur. Hann segir það rosalega dýrt „sport“ að eiga bolabíta. „Tveir fullorðnir hundar eru búnir að kosta mig milljón. Svo er þetta lækniskostnaður og sæðingar. Ég var búinn að fara með hana ótal sinnum í sæðingar en það kom ekkert út úr því. Ég ætlaði að prófa þetta núna og aldrei aftur,“ segir Baldur, sem sér ekki eftir því að hafa fengið sér bolabítana. „Þetta eru svo miklir karakterar þessir hundar. Eigendur þeirra segja að ef maður eignast „bulldog“ þá eignist maður aldrei annað.“

Ævisagan Töfrum líkast þar sem Gunnar Kr. Sigurjónsson rekur viðburðaríka ævi Baldurs er komin út. Baldur vill ekki meina að hún hafi verið orðin tímabær, enda sé hann enn þá ungur að aldri. „Hann talaði við mig í fyrra og ég hélt að þetta væri bara eitthvert djók. Mér datt ekki í hug að manninum væri alvara.“ - fb



**MEÐ HVOLPANA** Baldur hefur staðið í ströngu við uppeldi hvolpanna og þurft að gefa þeim á tveggja tíma fresti allan sólarhringinn.

# Við ætlum að koma til móts við okkar viðskiptavini og veita 25% afslátt af öllum vörum til jóla!
# Verið velkomin




**Opið í dag, sunnudag kl. 13 -16**

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudag 13-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

mood heima

BÚUM BETUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**
**Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin**
**Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin**
Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is





**BAKÞANKAR**
Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur


# *Mamma Mia*

Ég man eftir því að hafa velt því fyrir mér þegar ég var lítil hvor væri meiri pæja, Agnetha Fältskog eða Anni-Frid Lyngstad. Þá bjó ég í Svíþjóð og söngkonur Abba þóttu afbragð annarra kvenna. Mér fannst Anni-Frid sætari af því að hún er dökkhærð og var aðalsöngkona Fernando sem var uppáhalds-Abbalagið mitt. Seinna hef ég lesið lærðar greinar um að Agnetha hafi þótt vera með fallegasta afturenda í Evrópu. Það er nú aldeilis hægt að fara langt á því. Mér fannst líka ofsalega sniðugt að sjá fyrir mér eiginmennina Björn og Benny semja falleg lög sem eiginkonurnar sungu. En svo skildu hjónin auðvitað.

**ABBA** lifir hins vegar góðu lífi. Ég áttaði mig á því þegar ég sá Mamma Mia með dætrum mínum tveimur. Ég er síðan svo dæmalaust lánsöm að Abbagenin virðast ríkjandi í fjölskyldunni. Dæturnar eru eldheitir aðdáendur og eiga geisladisk með tónlist Mamma Mia sem hlustað er á aftur og aftur og stundum tekinn með í bílinn til að njóta á leið í skóla og leikskóla. Sú eldri er á Mamma Mia-dansnámskeiði og hélt í vikunni danssýningu á elliheimili í hverfinu. Hún stóð sig að sögn svo vel að hún fékk piparköku og djúsglas fyrir. Sú yngri raular Money, Money, Money á morgnana, sem er reyndar nokkuð passandi í verðbólguástandinu (sér í lagi þegar litið er á textann: I work all night, I work all day, to pay the bills I have to pay. Ain´t it sad, and still there never seems to be a single penny left for me. That´s too bad). En sjálfsagt er barnið ekki með verðbólguna í huganum þegar hún raular uppáhaldslagið sitt.

**TÓNLIST** Abba lifir af skilnað hljómsveitarinnar og tískusveiflur. Ömmur, mömmur og litlar stelpur hafa allar gaman af tónlistinni. Hvað varðar pæjurnar tvær er eldri systirin á því að Agnetha sé sætari af því að hún er ljóshærð. Sú yngri segir að ómögulegt sé að gera upp á milli kvennanna. Mér hefur svo alltaf fundist að fyrst Abba kom frá Svíþjóð hljóti að vera vit í Svíum og að hin söngландi sænska tunga hafi leitt af sér þessa listamenn. Kannski að það sé oftúlkun, en eftir stendur að það er bjargföst trú mín að Abba sé besta hljómsveit í heimi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 30. nóvember. 335 dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.44 | 13.16 | 15.49 |
| Akureyri | 10.52 | 13.01 | 15.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Jólagjöf handa þeim sem elska að ferðast!



**Jólagjafabréf Iceland Express hittir beint í mark**

Áttu vini og ættingja sem hafa gaman af ferðalögum? Jólagjafabréf Iceland Express er skemmtileg leið til að gleðja þína nánustu um jólin. Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á www.icelandexpress.is

Verð:
**25.900 kr.**
Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2008.

**Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2009:**
Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum, sem gildir fram og til baka til Köben, London eða Berlínar.
Bókunartímabil: 26. desember 2008–31. janúar 2009.
Ferðatímabil: 15. janúar–15. maí 2009.
Takmarkað sætaframboð.

**Ef bókað er eftir 1. febrúar 2009:**
Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr.
Gildir til allra áfangastaða og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is

Fíton/SÍA